STEFANÍA ERLA ÓSKARSDÓTTIR
Finnst flottir skór allt-af fullkomna dressið
• tíska • heilsa • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

Í TÚNINU HEIMA
Bæjarhátíð haldin í Mosfellsbæ um helgina
Sérblað um Mosfellsbæ
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. ágúst 2008 — 233. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Domino's fimmtán ára

Íslendingar hafa getað gætt sér á Domino's pitsum í fimmtán ár.

TÍMAMÓT 32

Heimsækir alvöru nörda

Gunnar Björn Guðmundsson fer með Astrópíu á nörda-kvikmyndahátíð í Texas.

FÓLK 58

Einstök brjóst

Jónína Ósk Lárusdóttir undirbýr listsýningu þar sem listrænar myndir af kvenmannsbrjóstum verða sýndar.

FÓLK 45

KR og Fram sigruðu

Reykjavíkurliðin KR og Fram unnu sína leiki Landsbankadeild karla í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 50, 52

VEÐRIÐ Í DAG



HVESSIR Í KVÖLD Í dag verður hæg austlæg átt. Suðaustan hvassviðri sunnan og vestan til seint í kvöld og nótt. Bjart með köflum eystra, annars skúrir. Mikil rigning sunnan og vestan til í kvöld og nótt.

VEÐUR 4

VELKOMNIR HEIM Tugþúsundir söfnuðust saman í miðbæ Reykjavíkur til að hylla landsliðið í handknattleik, sem sneri heim til Íslands í gær eftir frækilega frammistöðu á Ólympíuleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Neyðarkall frá ASÍ vegna óðaverðbólgu

Ekki hefur tekist að verja kaupmátt og óðaverðbólga geisar. ASÍ segir ekkert raunverulegt samráð við ríkisstjórnina um að leysa efnahagsvandann. Utanríkisráðherra telur verðbólgu lækka á næstunni. Verðbólga ekki hærri í 18 ár.

EFNAHAGSMÁL Forsendur gildandi kjarasamninga eru brostnar en þær byggðu á að böndum yrði komið á verðbólgu og kaupmáttur launa yrði varinn. ASÍ kallar eftir breiðu samráði ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda til lausnar á óðaverðbólgu.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra segir stöðuna alvarlega en telur að verðbólga lækki á næstunni. Geir H. Haarde forsætisráðherra er í útlöndum, en flytur á Alþingi næsta þriðjudag skýrslu um stöðu efnahagsmála.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 14,5 prósent og hækkun í ágústmánuði var 0,9 prósent frá því í júlí, samkvæmt nýjum tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær. Verðbólga hefur ekki mælst hærri síðan í júlí árið 1990.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að innihald samráðs við ríkisstjórnina hafi hingað til verið rýrt og engin vinna verið á milli funda. „Það hafa engin raunveruleg samtöl eða samráð verið um að finna lausnir á efnahagsvandanum heldur hefur meira verið sest niður undir kastljósi fjölmiðla. Svo hefur innihaldið ekkert verið. Verkalýðshreyfingin mun nú fara í sína grasrót og ræða með hvaða hætti hreyfingin tekur á þessu í febrúar."

„Almennt getur maður sagt að verðbólga mælist allt of há og það er mikið áhyggjuefni. Það heldur uppi stýrivöxtunum og veldur kaupmáttarrýrnun hjá launafólki. Hún er alvarlegur skaðvaldur og mikilvægt að ná henni niður," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Hún telur að allar forsendur séu fyrir hendi til að verðbólga lækki hratt á næstunni.

Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, vill ekkert segja til um hvort Seðlabankinn ætli að grípa til aðgerða á næstunni, svo sem með aukningu gjaldeyrisvaraforðans til að styðja frekar við gengið og draga hraðar úr verðbólgu, eins og þrýst hefur verið á um.

- shá, ghs, jab / sjá síður 4, 6 og 26

Strákarnir okkar komnir heim:

Tugþúsundir hylltu hetjurnar

ÍÞRÓTTIR Talið er að um 40.000 manns hafi safnast saman í miðborginni í gær til að hylla silfurverðlaunahafana í handknattleikslandsliðinu.

Leikmönnunum var vel fagnað þegar þeir keyrðu í opnum vagni niður að Arnarhóli, þar sem þeir stigu á svið og tóku meðal annars undir með Valgeiri Guðjónssyni og forseta Íslands í slagaranum „Gerum okkar besta". Fálkaorðan var svo afhent leikmönnum og þjálfara við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

- kg / sjá síðu 8

SPURNING DAGSINS

Ásgeir, verður þetta til kynbóta fyrir keppnina?

„Er það ekki augljóst? Var ekki mynd með fréttinni?“

Fréttablaðið sagði frá því í gær að útvarpsmaðurinn og íþróttafréttamaðurinn Ásgeir Erlendsson hefði verið ráðinn stigavörður í næstu þáttaröð af Gettu betur. Langt er liðið síðan karlmaður gegndi því starfi síðast.

Formaður fjárlaganefndar um stóraukinn bensínkostnað lögreglunnar:

Á von á beiðni frá ráðuneyti

LÖGREGLA „Ég á allt eins von á því að dómsmálaráðuneytið hafi farið þess á leit að horft verði til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fjáraukalögum til að mæta þessum kostnaði.“

Þetta segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, spurður um viðbrögð við gríðarlegum hækkunum á bensínkostnaði hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Hann segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, hafa mætt tvisvar sinnum á fund fjárlaganefndar í vor. Í marsmánuði hafi hann þegar gert grein fyrir stöðunni. Á fundina hafi einnig mætt fulltrúar dómsmálaráðuneytisins.

Spurður um önnur lögreglustjóraembætti á landinu, sem við blasi sami vandi, segist Gunnar búast við að ráðuneyti dómsmála og fjármála geri fjárlaganefnd grein fyrir rekstrarstöðu embættanna nú í september og svo í byrjun október þegar fjárlagafrumvarp verði lagt fram.

GUNNAR SVAVARSSON Formaður fjárlaganefndar á von á beiðni um auknar fjárveitingar til lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

„Þá munum við fara yfir þessa hluti og horfa til þess hvernig þessar breytingar hafa orðið og hvort mæta eigi því. Það er sameiginleg ákvörðun okkar í nefndinni.“ - jss

Nýr skóli fyrir 1 til 9 ára börn:

Fyrsti skólinn af þessum toga

FÓLK „Þetta er fyrsti skólinn á landinu fyrir eins til níu ára börn og er boðið upp á samfelldan skóladag til rúmlega fimm. Þarna er verið að bræða saman tvö skólastig, tvo kennarahópa og fleira fólk með uppeldismenntun,“ segir Þrúður Hjelm, skólastjóri Krikaskóla sem tók nýlega til starfa í Mosfellsbæ.

Í vetur starfa í skólanum tvær deildir fyrir þriggja til fimm ára. Áætlað er að opna stóra skólann að ári og verður þá boðið upp á þá þjónustu sem leikskólinn verður með í vetur en fyrir allan aldurshópinn, frá eins til níu ára.

- hs / sjá sérblaðið í túninu heima

Jón Baldvin Hannibalsson:

Greinaröð um þróunaraðstoð

ÞRÓUNARAÐSTOÐ Er þróunarhjálp gagnleg eða jafnvel skaðleg? Að þessu spyr Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, í fyrstu grein af þremur um þróunaraðstoð, sem birtast í Fréttablaðinu næstu daga.

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Jón Baldvin fór með málefni þróunarsamvinnu Íslands frá 1988 til 1995. Í fyrstu greininni fjallar hann um þróunarhjálp í alþjóðlegu samhengi; í annarri er þróunarstarf Íslands í Afríku reifað; og að lokum er fjallað um leið Íslendinga frá örbirgð til bjargálna og spurt hvort reynsla Íslendinga geti komið fátækum þjóðum að notum nú. **- bs / sjá síðu 30**

LÖGREGLA Í ÁTÖKUM Fækka mun í lögreglusveitinni á höfuðborgarsvæðinu ef fram heldur sem horfir, meðal annars vegna gífurlegra hækkana á eldsneytisverði sem að óbreyttu kalla á niðurskurð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Uppsagnir blasa við hjá lögreglunni

Tíðar hækkanir bensínverðs síðustu misseri hafa aukið rekstrarkostnað lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um 55 milljónir króna. Geri stjórnvöld ekkert til að auðvelda embættinu að mæta auknum kostnaði blasir við fækkun lögreglumanna.

LÖGGÆSLUMÁL Tíðar hækkanir eldsneytis á undanförnum mánuðum hafa valdið því að rekstrarstaða lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur versnað um allt að 55 milljónir króna á síðustu sex mánuðum. Auk þess hafa aðrar verðlagshækkanir aukið rekstrarvanda embættisins um fimmtán milljónir króna.

Fækkun lögreglumanna virðist eina úrræðið sem fyrir hendi er, geri stjórnvöld ekkert til að auðvelda embættinu að mæta þessum vanda. Að óbreyttu vofa því yfir uppsagnir á næstunni, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri kveðst ekki vilja tjá sig um málið, þar sem það sé nú til athugunar í dómsmálaráðuneytinu.

Höfuðborgarlögreglan er ekki eina embættið sem er í kröggum, meðal annars vegna undangenginna eldsneytishækkana.

„Frá árinu 2003 til dagsins í dag hefur þessi kostnaður aukist um sjö milljónir króna, sem jafngildir einu stöðugildi,“ segir Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri á Selfossi. Hann segir einu mögulegu viðbrögðin í stöðunni hafa verið að skera niður í rekstrinum.

„Kostnaðurinn var undir meðaltali í maíbyrjun, jókst aðeins í sumar, en nú höfum við gripið aftur til aðgerða. Þær felast í því að keyra minna, en hafa meira kyrrstöðueftirlit. Það er svo margt sem við ráðum ekki við. Eitt útkall upp í Kerlingafjöll þýðir liðlega 400 kílómetra akstur. Þessi staða er mikið áhyggjuefni af því að við getum ekki mætt henni með öðru en að skera niður laun, sem þýðir fækkun á lögreglumönnum.“

Ólafur Helgi segir raunar borðleggjandi að fækka verði um að minnsta kosti fjóra lögreglumenn hjá embættinu um áramót verði fjárlög í ár byggð á sama grunni og í fyrra. Þá hafi embættið fengið þrjátíu milljónir króna.

„Þá er ekki tekið tillit til aukins eldsneytiskostnaðar,“ útskýrir hann. „Ef við þurfum að fækka um fleiri en fjóra lögreglumenn skerðir það auðvitað afkastagetu rannsóknardeildarinnar. Verkefnum hennar hefur hins vegar fjölgað mjög mikið.“

Ólafur Helgi segir fullan skilning á vandamálinu í dómsmálaráðuneytinu. Spurningin sé hins vegar hvað fjárveitingarvaldið geri.

jss@frettabladid.is

Stjórnmál í Malasíu:

Fjarar undan stjórn Abdullah

MALASÍA, AP Klofningshópur í stjórnarflokki Malasíu krafðist í gær afsagnar forsætisráðherrans, er stjórnarandstöðuleiðtoginn Anwar Ibrahim sneri aftur á þing eftir sigur í aukakosningum.

ANWAR IBRAHIM

Anwar endurheimti þingsæti sitt í kjördæmi í norðurhluta landsins með yfirburðasigri yfir frambjóðanda stjórnarflokksins. Úrslitin voru áfall fyrir Abdullah Ahbad Badawi forsætisráðherra og ríkisstjórn hans, sem Anwar sakar um að standa að baki tilraun til að láta fangelsa sig út á ásakanir um samkynhneigð.

Razaleigh Hamzah, innanflokkskeppinautur Abdullahs, sagði „leifar trúverðugleika“ forsætisráðherrans nú uppurnar. **- aa**

Samgöngunefnd Alþingis:

Í lúxusgistingu við Elliðavatn

STJÓRNMÁL Meðlimir samgöngunefndar Alþingis gistu í sumar eina nótt á kostnað ríkisins á hótelinu Kríunesi við Elliðavatn. Að því er Stöð 2 greindi frá í gær var lúxusgistingin á Kríunesi lokapunktur á kynningarferð samgöngunefndarmanna um Reykjavík.

Steinunn Valdís Óskarsdóttur, formaður samgöngunefndar, sagði á Stöð 2 að kostnaður við ferðina hefði verið minni en við ferðir nefndarinnar út á land. Þeir sem gistu voru landsbyggðarþingmennirnir Árni Johnsen, Guðjón Arnar Kristjánsson, Herdís Þórðardóttir, Karl V. Matthíasson og Ólöf Nordal auk Reykjavíkurþingmannsins Árna Þórs Sigurðssonar. - gar

LÖGREGLAN

Frelsuðu tjóðraðan busa

Lögreglan á Sauðárkróki leysti í fyrrakvöld nýnema í fjölbrautaskólanum þar í bæ frá ljósastaur sem hann hafði verið tjóðraður við með sterku byggingarlímbandi. Pilturinn, sem var að auki handjárnaður, bað um að fá að vera áfram við staurinn en lögreglan taldi það geta haft truflandi áhrif á umferð. Busavígslan er reyndar ekki á Sauðárkróki fyrr en á morgun. Hald var lagt á handjárnin, sem eru bönnuð samkvæmt vopnalögum.

Fullir þjófar náðust

Bíl var stöðvaður í austurbæ Reykjavíkur í gær vegna undarlegs ökulags og reyndist í honum vera þýfi úr innbroti frá í heimahúsi fyrr um daginn. Meðal annars var um að ræða þrjár fartölvur. Fjórir góðkunningjar lögreglunnar voru í bílnum og voru tveir enn í haldi lögreglu í gærkvöld. Ökumaðurinn er sterklega grunaður um ölvunarakstur.

Birgir Þór Bieltvedt og Guðmundur Þórðarson kjölfestufjárfestar í kaupum:

Sölu Skeljungs alveg að ljúka

VIÐSKIPTI Verið er að ljúka samningum um sölu Skeljungs. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru athafnamennirnir Birgir Þór Bieltvedt og Guðmundur Þórðarson kjölfestufjárfestar í kaupunum. Skeljungur hefur verið í eigu Fons, eignarhaldsfélags Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar. Glitnir banki annast söluna, en félagið hefur verið til sölu frá því í fyrrahaust.

GUÐMUNDUR ÞÓRÐARSON

BIRGIR ÞÓR BIELTVEDT

Samningar um kaupin eru langt komnir og við því búist að lokið verði við þau á næstu dögum. Gunnar Karl Guðmundsson, núverandi forstjóri Skeljungs, er samkvæmt heimildum blaðsins meðal annarra fjárfesta sem að kaupum á félaginu koma.

Viðræður um kaupin hafa staðið síðustu vikur og eru sagðar nokkuð flóknar vegna þess hve lítið er um lausafé og þungt yfir á fjármálamörkuðum. Yfirgnæfandi líkur eru þó sagðar á að málið verði klárað nú.

BENSÍNSTÖÐ SKELJUNGS Skeljungur hefur verið í sölumeðferð hjá Glitni frá því í október í fyrra. Nú hillir undir að félagið verði selt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Söluferli og áreiðanleikakönnun vegna Skeljungs hófst á haustdögum í fyrra, en þá gerðu forsvarsmenn fyrirtækjaráðgjafar Glitnis sér vonir um að ljúka sölunni fyrir áramót.

Enginn hlutaðeigandi, hvorki hjá Fons, Glitni, né mögulegir kaupendur Skeljungs vildu tjá sig um söluna. **- óká**

ÚTSÖLUNNI LÝKUR

UM HELGINA

30%
afsláttur
af öllum
búsáhöldum



30-50%
afsláttur
af öllum
ljósum og barnaljósum

30-60%
afsláttur
af öllum
flíspeysum

20%
afsláttur
af öllum
smáraftækjum

25-80%
afsláttur
af öllum
flísum



25%
afsláttur
af öllum
garðhúsgögnum

ALLAR POTTAPLÖNTUR
30-50%
afsláttur

blómaval
heillandi heimur

RÝMINGARSALA

Í TIMBURSÖLUNNI SÚÐARVOGI

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF HEILUM BÚNTUM

Allt að
50%
afsláttur

Við berjum niður verðið!

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 27.08.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	82,23	82,63
Sterlingspund	151,98	152,72
Evra	121,31	121,99
Dönsk króna	16,263	16,359
Norsk króna	15,295	15,385
Sænsk króna	12,912	12,988
Japanskt jen	0,7556	0,76
SDR	129,28	130,06

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 158,4522

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Byggðarráðsmaður krefst enn skýringa á lánveitingum Sparisjóðs Mýrasýslu:

Segir svör sparisjóðs jafnvel ósönn

SVEITARSTJÓRNIR Byggðarráðsfulltrúinn Sveinbjörn Eyjólfsson í Borgarbyggð segir fráleitt að sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu beri við bankaleynd þegar hann neitar að upplýsa um lánveitingar sparisjóðsins til hlutafjárkaupa í Icebank.

„Sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Mýrasýslu hefur frá upphafi skýrt milljarðs króna lán til hlutafjárkaupa í Icebank að það hafi verið veitt til lykilstjórnenda bankans. Ástæða er til að ætla að þessi skýring sé í besta falli villandi og í versta falli ósönn," segir í bókun sem Sveinbjörn gerði á byggðarráðsfundi í gær.

Sveinbjörn, sem kvað óþolandi að sveitarstjórnarmenn gætu ekki fengið upplýsingar um lánin, sagði nauðsynlegt að leiða málið til lykta og krefst enn svara. Hann spyr hversu stór hluti lánsins hafi farið til lykilstjórnenda Icebank, hversu stór hluti til stjórnarmanna í Icebank og í þriðja lagi hversu stór hluti lánsins hafi farið til annarra fjárfesta.

Í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld sagði Sveinbjörn það sitt mat að þessi tiltekna lánveiting hefði verið upphafið að falli Sparisjóðs Mýrasýslu, sem nú er kominn í meirihlutaeigu Kaupþings.

- gar

SVEINBJÖRN EYJÓLFSSON Fulltrúi minnihluta Framsóknarflokks í byggðarráði Borgarbyggðar segir upplýsingar sparisjóðsstjóra vera villandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Landsþing demókrata:

Obama útnefndur í dag

BANDARÍKIN, AP Í dag tekur Barack Obama formlega við útnefningu sem forsetaefni Demókrataflokksins á landsþinginu í Denver, sem hófst á mánudag.

Aðalræðumenn kvöldsins í gær voru varaforsetaefnið Joe Biden og svo Bill Clinton, fyrrverandi forseti, sem margir demókratar óttuðust að myndi stela senunni af Biden.

Strax í næstu viku hefst svo landsþing Repúblikanaflokksins. Fastlega er reiknað með því að John McCain muni tilkynna um varaforsetaefni sitt áður en landsþingið hefst, hugsanlega strax á morgun.

- gb

MEINTUR HÖFUÐPAUR Lögregla telur að Tomaz Jagiela og félagar hans hafi verið að innheimta verndartoll í Keilufelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sakaðir um hrottalega árás:

Allir neita sök í Keilufellsmáli

DÓMSMÁL Allir sakborningarnir í svokölluðu Keilufellsmáli neituðu sök við þingfestingu málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Fjórir menn, þrír Pólverjar og Lithái, eru ákærðir í málinu fyrir að ganga illa í skrokk á sjö pólskum mönnum í Keilufelli í mars.

Talið er að árásarmennirnir hafi verið tíu til tólf, en einungis fjórir eru ákærðir. Þeir beittu kylfum af ýmsum toga, hnífum og öðrum bareflum og vopnum og slösuðu marga alvarlega.

Meintur höfuðpaur í málinu, Tomaz Jagiela, játaði þó að hafa verið á staðnum en hinir ekki.

- sh

Tæp 200 grömm af kókaíni:

Fíkniefnasali handtekinn

LÖGREGLUMÁL Tæplega 200 grömm af fíkniefnum fundust við húsleit í Hafnarfirði fyrr í vikunni. Aðallega var um að ræða kókaín, 170 grömm, og afgangurinn var amfetamín.

Karlmaður á fimmtugsaldri var færður á lögreglustöð vegna málsins. Honum var sleppt að loknum yfirheyrslum. Efnin eru talin ætluð til dreifingar og sölu.

Lögreglan vill minna almenning á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál.

- jss

Verð hækkar hraðar en margir átta sig á

ASÍ gagnrýnir Íslandspóst og Ríkisútvarpið fyrir að hækka gjaldskrár sínar. Prósentuhækkun á einum mánuði virðist ekki mikil en þýðir 113 þúsund króna hækkun á 20 milljóna króna húsnæðisláni. Verðbólgan ekki verið hærri í 18 ár.

EFNAHAGSMÁL „Við erum vanari að tala um lengri tímabil og fólk dofnar fyrir þessum fréttum af hækkun verðbólgunnar. Því finnst 0,9 prósent ekki mikil hækkun. En þetta er hækkun á einum mánuði og slær fólk frekar þegar talað er um að tuttugu milljón króna húsnæðislán hafi hækkað um rúmlega 113 þúsund krónur frá síðustu mánaðamótum, eftir afborgun," segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 14,5 prósent og hækkun í ágústmánuði var 0,9 prósent frá því í júlí, samkvæmt nýjum tölum sem Hagstofa Íslands birti í gær. Verðbólga hefur ekki mælst hærri síðan í júlí árið 1990.

„Það sem fólk finnur líka verulega fyrir er dagvaran, sem hækkar um tvö prósent í ágúst. Þetta hleðst upp því hún hækkaði líka um tvö prósent í maí og júní. Þetta er geysilega mikil hækkun á stuttu tímabili og einstakir liðir innan vísitölunnar hafa hækkað um fimm prósent síðan í júlí, eins og til dæmis grænmeti."

Alþýðusamband Íslands gagnrýnir harðlega að tvær opinberar stofnanir, Íslandspóstur og Ríkisútvarpið, hækka gjaldskrár sínar í ágúst um fimm prósent. „Ríki og sveitarfélög ásamt fyrirtækjum og stofnunum á þeirra vegum verða nú að sýna samstöðu og stöðva allar hækkanir á gjaldskrám sínum," segir á heimasíðu sambandsins.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir verðbólgutölurnar skuggalegar. „Verum þess minnug að þetta er ekki aðeins dagvaran heldur fer þetta einnig út í lánakjörin. Þess vegna segi ég að það að ná tökum á verðbólgunni er verkefni stjórnvalda númer eitt. Stjórnvöld þurfa að ræða við fleiri aðila en hingað til og Neytendasamtökin hafa hvatt til þess að myndaður verði vettvangur til þess að ná þjóðarsátt eins og fyrir allmörgum árum."

svavar@frettabladid.is

UPPBYGGING Húsnæðislán hafa hækkað gríðarlega vegna verðbólgu undangenginna missera.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

JÓHANNES GUNNARSSON

HENNÝ HINZ

HÚSNÆÐISLÁN Í ÓÐABERÐBÓLGU

Dæmi 1.
Verðtryggt 20.000.000 króna fasteignalán m. jöfnum afborgunum. Tekið í janúar 2005 til 25 ára með 4,15% föstum vöxtum.

Fyrsta greiðsla í febrúar 2005	135.900
Greiðsla í september 2006	144.842
Greiðsla í september 2007	146.898
Greiðsla í september 2008	163.968

Frá því að lánið var tekið hefur mánaðarleg greiðsla af því hækkað um ríflega 28.000 krónur. Síðastliðið ár hefur mánaðarleg greiðsla hækkað um ríflega 17.000 krónur.
Eftirstöðvar lánsins eftir 43 gjalddaga eru ríflega 22.317.000.

Dæmi 2.
Ef 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabankans hefði haldið allt tímabilið:

Fyrsta greiðsla í febrúar 2005	135.971
Greiðsla í september 2006	136.837
Greiðsla í september 2007	137.309
Greiðsla í september 2008	137.719
Eftirstöðvar lánsins eftir 43 gjalddaga	tæplega 18.684.000

Bandarískt herskip í Georgíu:

Georgía kallar heim erindreka

GEORGÍA, AP Bandarískt herskip lagði að höfn í Georgíu í gær, í hafnarborginni Batumi við Svartahaf. Rússar sendu hins vegar þrjú önnur herskip til annarrar hafnar í Georgíu.

Georgíustjórn kallaði í gær heim alla starfsmenn í sendiráði sínu í Moskvu, að tveimur undanskildum. Daginn áður hafði Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti viðurkennt sjálfstæði Abkasíu og Suður-Ossetíu, tveggja héraða sem tilheyrt hafa Georgíu.

Bandaríkjamenn höfðu upphaflega sagt að herskipið Dallas myndi leggja að bryggju í Poti, þar sem Rússar hafa herlið, en hættu við.

- gb

Velferðarráð Reykjavíkur:

Viðræðum við Heilsuverndarstöðina slitið

REYKJAVÍK Velferðarráð ákvað á fundi í gær að slíta viðræðum við Heilsuverndarstöðina ehf. um rekstur eftirmeðferðarheimilis fyrir fíkla í Norðlingaholti.

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Eigandi húsnæðisins hafði verið lýstur gjaldþrota, áður en ákveðið var í borgarráði að ganga til viðræðna við Heilsuverndarstöðina.

Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi VG, vakti athygli á þessu á sínum tíma og hélt því fram að borgarráð hefði verið blekkt. Hann hefur hvatt til þess að samið verði við SÁÁ í staðinn.

Velferðarráð skoðar nú önnur tilboð í verkefnið, og útilokar ekki tilboð SÁÁ.

- kóþ

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

STORMUR
Ljót lægð tekur land í kvöld. Með komu hennar fer að rigna, fyrst sunnan til og það í miklum mæli. Auk þessa hvessir í nótt og má búast við stormi um tíma vestan til á landinu og á Vestfjörðum. Á morgun verður hvasst með ströndum með mikilli rigningu en úrkomuminna síðdegis.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	17°
Billund	18°
Ósló	18°
Stokkhólmur	18°
Gautaborg	18°
London	23°
París	24°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	25°
Berlín	22°
Alicante	29°
Mallorca	30°
Basel	27°
Eindhoven	23°
Las Palmas	27°
New York	26°
Orlando	34°
San Francisco	28°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Opið til 21 í kvöld

Kringlan

Mán til mið 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 Sími 517 9000 www.kringlan.is

KJÖRKASSINN

Er nauðsynlegt að íslenskir lögreglumenn klæðist skotheldum vestum?

Já	61,8%
Nei	38,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Var rétt hjá menntamálaráðherra að verja fimm milljónum króna í ferðir til Kína?

Segðu þína skoðun á visir.is

Flugræningjar, sem rændu farþegaþotu frá Súdan, gáfust upp í gær:

Ræningjarnir vildu til Parísar

LÍBÍA, AP Tveir menn sem rændu farþegaþotu frá Darfúr-héraði í Súdan gáfust upp í gær eftir 22 tíma dvöl vélarinnar á afskekktum eyðimerkurflugvelli í sunnanverðri Líbíu.

Áður höfðu þeir látið lausa 87 farþega vélarinnar, en áhöfnin var áfram í haldi flugræningjanna þangað til þeir gáfust upp.

Murtada Hassan, framkvæmdastjóri flugfélagsins Sun Air, sem á vélina, sagði mennina hafa rænt vélinni af persónulegum ástæðum. Þeir hefðu engin tengsl við nein stjórnmálasamtök eða uppreisnarhópa.

Hassan sagði hugsanlegt að flugræningjarnir hefðu verið fleiri en tveir, en hinir hefðu leynst í farþegahópnum sem sleppt var úr haldi.

FARÞEGUM SLEPPT ÚR GÍSLINGU Á þessari mynd, sem tekin er af sjónvarpsskjá, sjást farþegar koma úr bifreið sem flutti þá frá flugvélinni eftir að ræningjarnir létu þá lausa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Starfsmenn á flugvellinum í Líbíu höfðu áður fullyrt að ræningjarnir hefðu verið uppreisnarmenn frá Darfúr-héraði. Farþegar, lausir úr gíslingu, sögðu einnig að ræningjarnir hefðu sjálfir sagst vera uppreisnarmenn frá Darfúr.

Þegar vélin lenti á Kufra-flugvelli í Líbíu kröfðust ræningjarnir þess fyrst að fá kort og eldsneyti sem nægði til að fljúga til Parísar. Um 500 lögreglumenn og öryggisverðir umkringdu vélina meðan samningaviðræður stóðu yfir um lausn gíslanna. - gb

Ferðakostnaður ekki ljós:

Forsetinn enn í Pekingferðinni

STJÓRNSÝSLA Ferð forseta Íslands á Ólympíuleikana í Peking lýkur ekki fyrr en í næstu viku, að sögn Örnólfs Thorssonar forsetaritara, og því er ómögulegt að gefa upplýsingar um heildarkostnað við hana að svo stöddu. Forsetinn var hins vegar staddur hér á landi í gær.

„Ferðin stendur enn yfir, lýkur ekki fyrr en í fyrstu viku næsta mánaðar, og því óvíst á þessu stigi hve kostnaðarsöm hún verður þegar öll kurl koma til grafar," segir Örnólfur í skriflegu svari sem barst í gær við fyrirspurn Fréttablaðsins um kostnað við Ólympíuferðina. - sh

Guðjón A. Kristjánsson:

Spurning um handstýringu

EFNAHAGSMÁL „Þetta kemur kannski ekki á óvart og spurning hvað á að gera. Ég er farinn að velta því fyrir mér hvort þarf að handstýra þessu að einhverju leyti og taka eitthvað út úr verðbólgumælingunni. Það er verið að hækka þjónustu hins opinbera, sem stingur mjög í augun," segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Ég held að ríkisstjórnin og þingið verði að ræða það af fullri alvöru hvort sameinast verður um einhverjar tímabundnar aðgerðir til að virkilega hafa áhrif á að þetta fari að telja niður. Einhvers staðar verðum við að byrja." - shá

GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON

Steingrímur J. Sigfússon:

Hagstjórnin hér er í molum

EFNAHAGSMÁL „Þarf frekari vitna við? Hafi einhver reynt að halda öðru fram en því að við værum í miklum vanda og hagstjórnin sé í molum þá segja þessar tölur allt sem segja þarf. Við erum komin aftur fyrir daga þjóðarsáttarinnar árið 1990," segir Steingrímur J. Sigfússon, alþingismaður og formaður Vinstri grænna. „Það er skelfileg tilhugsun að menn hafi klúðrað málum svona."

Steingrímur segir að ekki megi gefast upp fyrir vandanum, sem vissulega sé mikill. „Við verðum að bíta á jaxlinn og snúa okkur að því að ná tökum á ástandinu. Ég vara við því að menn missi kjark og sjálfstraust gagnvart því að takast á við þessa hluti, en ríkisstjórnin verður að vakna af dvalanum." - shá

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

ÞARF JAFNVÆGI „Það þarf að nást ákveðið jafnvægi," segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA.

FYLLSTA TRAUST „Ég ber fyllsta traust til manna að bregðast rétt við," segir Gunnar Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar.

ENGIN RAUNVERULEG SAMTÖL „Það hafa engin raunveruleg samtöl eða samráð verið um að finna lausnir," segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

Ríkið gagnrýnt fyrir málamyndasamráð

Forsendur kjarasamninga eru brostnar og nú þarf að ræða hvernig bregðast skuli við í febrúar. ASÍ lýsir eftir breiðu samráði með raunverulegu innihaldi og vinnu milli funda. „Ekki nóg að láta mynda sig," segir framkvæmdastjóri ASÍ.

EFNAHAGSMÁL Forsendur gildandi kjarasamninga eru brostnar en þær byggðu á þeim forsendum að koma böndum á verðbólgu og verja kaupmátt. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) krefst þess að efnahagsvandinn verði tekinn föstum tökum því samráð, samvinna og samstaða hafi skilað mestum árangri þegar þjóðin hafi þurft að takast á við efnahagserfiðleika.

Miðstjórn ASÍ ræddi efnahagsmálin á fundi sínum í gær og kallaði eftir breiðu samráði ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda en sagði jafnframt undirtektir ríkisstjórnarinnar hafa valdið vonbrigðum. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að innihald samráðsins hafi hingað til verið rýrt og engin vinna verið á milli funda. „Það er ekki nóg að setjast að fundi og láta mynda sig," segir hann.

„Það hafa engin raunveruleg samtöl eða samráð verið um að finna lausnir á efnahagsvandanum heldur hefur meira verið sest niður undir kastljósi fjölmiðla. Svo hefur innihaldið ekkert verið," segir Gylfi. „Verkalýðshreyfing mun nú fara í sína grasrót og ræða með hvaða hætti hreyfingin tekur á þessu í febrúar. Það er ekki sjálfgefið hvernig brugðist verður við."

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segir að vonandi fari verðbólgan nú hjaðnandi. Kaupmátturinn hafi verið of hár og því sé ákveðin aðlögun í gangi eftir þá „ofursterku krónu" sem hafi verið hér á landi í nokkur ár. „Þetta þýðir óhjákvæmilega kjaraskerðingu. Það þarf að nást ákveðið jafnvægi. Það gengur ekki að safna skuldum endalaust fyrir neyslunni," segir hann.

Gunnar Ólafur Haraldsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, segir verðbólguna háa og engar töfralausnir séu til. „Maður vonar að þetta sé ekki viðvarandi ástand en það fer eftir því hvernig úr spilast hjá stjórnvöldum og Seðlabanka. Ég ber fyllsta traust til manna að bregðast rétt við," segir hann.

Tryggvi Þór Herbertsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar, hefur nú starfað í forsætisráðuneytinu í þrjár vikur og verið að undirbúa efnahagsaðgerðir. Vonast er til að landsmenn verði varir við þær í september en engir samráðsfundir hafa verið boðaðir. Miðstjórn ASÍ vill að ríki og sveitarfélög haldi aftur af gjaldskrárhækkunum sínum. ghs@frettabladid.is

Valgerður Sverrisdóttir:

Brugðið við verðbólgutölur

EFNAHAGSMÁL „Mér var satt best að segja brugðið þegar ég sá þessar tölur. Þetta segir mér að ríkisstjórnin kemst ekki upp með það lengur að láta sem ekkert sé. Því fyrr sem ríkisstjórnin viðurkennir að staðan er alvarleg, því fyrr getum við leitað leiða til að snúa þessari þróun við", segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Valgerður segir að allir ábyrgir aðilar í samfélaginu, bæði félagasamtök og aðilar vinnumarkaðarins, verði að koma að borðinu með stjórnvöldum til að „snúa þessari óheillaþróun við". Hún telur einnig að verðbólguþróunin þrýsti enn frekar á umræðu um Evrópumálin. - shá

Þingstörf hefjast á þriðjudag:

Rætt um stöðu efnahagsmála

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra mun flytja skýrslu um stöðu efnahagsmála á þingfundi á þriðjudag. Þann dag hefjast þingstörf á ný og standa í tíu daga.

Í framhaldi skýrsluflutningsins fara fram umræður um efnahagsmál sem fulltrúar allra flokka taka þátt í.

Stjórnarandstaðan hefur í sumar kallað eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, er til að mynda í fundarferð um landið undir kjörorðunum „Tími aðgerða í efnahagsmálum er runninn upp" og efnahagsmálin eru – auk sveitarstjórnamála – aðalefni flokksráðsfundar VG um helgina. - bþs

GEIR H. HAARDE

Opinberar stofnanir eiga að halda aftur af gjaldskrárhækkunum í óðaverðbólgu:

Verðbólgan er mikill skaðvaldur

EFNAHAGSMÁL „Almennt getur maður sagt að verðbólga sé að mælast allt of há og það er mikið áhyggjuefni. Það heldur uppi stýrivöxtunum og veldur kaupmáttarrýrnun hjá launafólki. Hún er alvarlegur skaðvaldur og mikilvægt að ná henni niður," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Ingibjörg telur að allar forsendur séu fyrir hendi til að verðbólga lækki hratt á næstunni. „Þrír megin verðbólguvaldarnir ættu ekki að vera lengur til staðar og þá á ég við gengislækkanir og hækkun olíu- og fasteignaverðs."

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Um verðskrárhækkanir tveggja stofnana hins opinbera segir Ingibjörg að almennt séu opinberar stofnanir og fyrirtæki að halda aftur af hækkunum. „Og það eru skýr skilaboð frá ríkisstjórninni að þau geri það. Það er einnig mikilvægt að sveitarfélögin haldi aftur af hækkunum því margar gjaldskrár þeirra hafa áhrif á kjör almennings og verðbólguna."

Um gagnrýni stjórnarandstöðunnar um aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar segir Ingibjörg að ekki sé til nein patentlausn á þessum vanda. „Hagkerfið var mjög þanið á síðasta kjörtímabili og þar áttu stjórnvöld hlut að máli en einnig bankarnir, fyrirtækin og almenningur líka að hluta til. Því verða allir að leggjast á árarnar í sameiningu í glímunni við þennan vanda."

Um hugmynd Neytendasamtakanna og ASÍ um samráðsvettvang til lausnar vandanum segir Ingibjörg: „Mér líst vel á það og það er sú leið sem ég tel mikilvægt að fara." - shá

Uppskeruhátíð
í verslunum Hagkaups!

Nú er uppskerutími íslensks grænmetis í hámarki og því allar Hagkaupsverslanir fullar af glænýju, fersku íslensku grænmeti!

íslenskt grænmeti
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HANDBOLTAHETJURNAR KOMA HEIM

Gott silfur gulli betra

Sannkölluð þjóðhátíðarstemning ríkti í miðbæ Reykjavíkur í gær þegar ólympíusilfurverðlaunahafarnir í handknattleik sneru aftur á Frón eftir langt ferðalag frá Peking í Kína. Við stutta athöfn á Kjarvalsstöðum tilkynnti Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri meðal annars að settur hefði verið á fót svokallaður „Silfursjóður“ í nafni handknattleikslandsliðsins. Sá sjóður hefur það að markmiði að gefa sem flestum ungmennum tækifæri til að stunda handknattleiksíþróttina.

Eftir athöfnina á Kjarvalsstöðum var förinni heitið niður á Skólavörðuholt. Þaðan keyrði liðið í opnum vagni niður Skólavörðustíg og sem leið lá að Arnarhóli, þar sem við tók glæsileg dagskrá. Gafst milli 30 og 40.000 gestum tækifæri á að hylla silfurstrákana veglega. Valgeir Guðjónsson stýrði dagskránni af röggsemi og bjó þar til nýjan málshátt, að gott silfur sé gulli betra.

Náði dagskráin hámarki þegar Valgeir og hljómsveit, forseti Íslands, ráðherrar ríkisstjórnarinnar, íslensku ólympíufararnir og allur Arnarhóll sungu saman lag Valgeirs „Gerum okkar besta“. Þaðan lá leið liðsins á Bessastaði, þar sem forseti Íslands veitti leikmönnum fálkaorðuna við hátíðlega athöfn.

Óhætt er að fullyrða að gærdagurinn verði lengi í minnum hafður, og óskandi að ekki sé langt að bíða annars slíks.

- kg

Í SJÖUNDA HIMNI Leikmenn þökkuðu þjálfara sínum, Guðmundi Guðmundssyni, vel unnin störf með því að tollera hann á sviðinu við Arnarhól. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VEL AÐ VERKI STAÐIÐ Valgeir Guðjónsson kynnti Loga Geirsson á svið sem „manninn með flottasta hárið og flottasta hattinn“ og voru það orð að sönnu. Hér heilsast Logi og Stefán Eiríksson lögreglustjóri að fornum fimmusið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

STOLT ÞJÓÐARINNAR Allir landsliðsmennirnir, auk Einars Þorvarðarsonar framkvæmdastjóra HSÍ, voru sæmdir riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu. Þá fengu Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði, Guðmundur Guðmundsson, þjálfari landsliðsins, og Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, stórriddarakross. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING Fólki dreif að úr öllum áttum þegar landsliðið hóf för sína niður Skólavörðustíg í opnum vagni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FAGNAÐARFUNDIR Landsliðsmennirnir voru í skýjunum yfir að hitta aftur maka og börn, enda langt um liðið. Hér er Sigfús Sigurðsson ásamt syni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

VELKOMNIR HEIM Silfurstrákunum var vel fagnað þegar þeir lentu á Reykjavíkurflugvelli eftir langt ferðalag. Ólafur Stefánsson fyrirliði sagði meðal annars í stuttri ræðu við Arnarhól að það væri ótrúleg gjöf að fá að vera Íslendingur, og að þjóðin ætti að halda ótrauð áfram að breyta heiminum og vera best. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÞOLINMÆÐI ER DYGGÐ Fyrrverandi borgarstjórar, þeir Ólafur F. Magnússon og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, biðu spenntir eftir komu landsliðsins á Kjarvalsstaði. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

VIÐ GERÐUM OKKAR BESTA Talið er að milli þrjátíu og fjörutíu þúsund manns hafi safnast saman í miðbæ Reykjavíkur til að hylla silfurstrákana. Mikil stemning myndaðist á Arnarhóli, þar sem mannfjöldinn tók meðal annars undir með Valgeiri Guðjónssyni og félögum í slagaranum sívinsæla „Gerum okkar besta“. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nemakortið gerir nemendum á framhalds- og háskólastigi kleift að ferðast endurgjaldslaust á umhverfisvænan og þægilegan hátt.

Nemendur með lögheimili í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Mosfellsbæ og Álftanesi eiga rétt á Nemakortinu skólaárið 2008-2009.

Sæktu um Nemakort á www.strætó.is

ÞRÆLÖFLUGUR
JEPPI Á GÓÐU VERÐI

NISSAN PATROL FYRIR VETURINN

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavini okkar njóta þess. Komdu og skoðaðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

100% FJÁRMÖGNUN

Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG ERLENDRI MYNTKÖRFU

Nissan Patrol SE

Verð áður: ~~6.390.000~~ kr. sjálfskiptur
TILBOÐSVERÐ: **5.490.000 kr.** sjálfskiptur

Staðalbúnaður í Patrol

- Vél 184 hestöfl Common-rail, dísil
- Hátt og lágt drif
- 100% driflæsing að aftan
- ABS-hemlakerfi
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti
- NATS ræsivörn með gaumljósi
- Hraðastillir (Cruiser Control)
- Loftræsting
- Hiti í sætum
- Öll bílbelti 3ja punkta
- Framsæti með mjóhryggsstuðningi og hæðarstillingu
- Hitastokkar í afturrými
- Rafdrifnar rúður og útispeglar
- Útvarp og 6 diska geislaspilari
- 6 hátalarar
- 6 glasahaldarar
- 12v raftengi
- Leðurklætt stýri, gír- og drifstangir
- Viðarklæðning í mælaborði
- Samlæsingar
- Litað gler
- Kastarar í stuðara
- 17“ álfelgur

24 tíma þjónusta alla daga ársins

Þú hefur aðgang að **24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári**, í öllum löndum Evrópu á ábyrgðartíma nýja Nissan bílsins þíns. Þú ferð sjálfkrafa í þjónustuna þegar þú eignast Nissan og vegaaðstoðin er þér að kostnaðarlausu. Í henni felst m.a. viðgerð á óvæntri bilun, hvar sem hún á sér stað á merktum vegi, dráttarþjónusta á næsta þjónustuverkstæði ef nauðsyn krefur og lánsbíll eða leigubíll, lestar- eða flugfar, ef bíða þarf eftir varahlut og langt er heim. Sjá nánari skilmála í bæklingnum Nissan vegaaðstoð.

NISSAN

IH

Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

ENNEMM / SÍA / NM35189

F-listinn leggur til að ekki verði farið eftir vinningstillögu um Listaháskóla:

Ekki óbreytta vinningstillögu

SKIPULAGSMÁL Magnús Skúlason, áheyrnarfulltrúi F-listans í skipulagsráði, lagði í gær fram tillögu þess efnis að ráðið samþykkti að taka til alvarlegra athugunar hvort nota mætti aðrar tillögur um Listaháskólann en vinningstillöguna. Þannig mætti varðveita götumynd Laugavegar. Tillögunni var vísað til skipulagsstjóra og samkeppnisvinnu við Listaháskóla Íslands.

„Ef aðstandendur vinningstillögunnar og skólans eru tilbúnir að aðlaga tillöguna þannig að götumyndin haldi sér er það hið besta mál. Annars eigum við að skoða aðrar tillögur, sem gerðu ráð fyrir að húsin við Laugaveg 41, 43 og 45 héldu sér," segir Magnús.

MAGNÚS SKÚLASON

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, varaformaður skipulagsráðs, segist sammála því að gott væri að ná samkomulagi um að laga vinningstillöguna að götumyndinni. Að fleiru þurfi hins vegar að huga.

„Ég hef sagt að þetta sé býsna mikið byggingarmagn fyrir þennan reit og hef ekki dregið það til baka. Ég var hins vegar kjörinn í skipulagsráð til að ná einhvers konar sátt í skipulagsmálum. Ég vil því ekki tjá mig um þetta án þess að kynna mér ýmis atriði varðandi málið sem mér finnst verða að huga að. Markmiðið er að finna niðurstöðu sem allir geta sætt sig við," segir Sigmundur.

- kóp

Þingræðu breytt fyrir þingtíðindi

Guðni Ágústsson breytti merkingu orða í ræðu áður en hún fór inn í þingtíðindi. Ekki í takt við þingsköp, segir stjórnmálafræðingur. Breyting þingmanna á ræðum slæm fyrir umræðu framtíðarinnar en hefur tíðkast lengi.

STJÓRNMÁL Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, breytti ræðu sem hann hélt á Alþingi áður en hún fór í Alþingistíðindi. Breytingin var nokkur og varla annað hægt að segja en að um merkingarbreytingu hafi verið að ræða.

Í umræðu um ný grunnskólalög sagðist Guðni sakna þess að ekki væri rætt um kristilegt siðgæði. Orðrétt sagði hann: „Það er ekkert siðgæði til í rauninni nema kristið siðgæði." Eftir breytingar Guðna hljóðar setningin svona: „Það er í rauninni ekki til neitt sem hefur bætt heiminn jafnmikið og kristið siðgæði."

Guðni Ágústsson segist ekki vanur að breyta ræðum sínum. „Í þessu tilviki hélt ég ræðu blaðlaust og af einhverjum ástæðum sagði ég þetta öðruvísi en ég meinti. Ég umorðaði þetta því eftir þeirri efnislegu meiningu sem ég vildi koma fram," segir Guðni.

ÍRIS ELLENBERGER

Íris Ellenberger, formaður Sagnfræðingafélags Íslands, segir að svona breytingar geti skekkt umræðu fræðimanna framtíðarinnar.

„Auðvitað er bagalegt fyrir sagnfræðinga að geta ekki gengið að því sem vísu að þessar ræður séu réttar, að þær séu eins og þær voru sagðar á þingi. Ég vona hins vegar að svona breytingar séu ekki algengar," segir Íris.

GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Hún á ekki von á að stjórn Sagnfræðingafélagsins fjalli um þetta einstaka mál. „Ef í ljós kemur að þetta er algengt verður þetta kannski tekið upp."

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir það lengi hafa tíðkast að þingmenn breyti ræðum sínum. „Við vitum það að menn breyta oft merkingum ræða sinna. Þingtíðindi eru hins vegar grundvallarheimildir og það hefur mikla kosti að menn séu ekki að fikta við þau."

Þetta getur verið bagalegt. Ímyndum okkur að umræða eigi sér stað í fjölmiðlum í kjölfar ummæla á þingi. Sú umræða verður óskiljanleg í framtíðinni hafi menn breytt upprunalegu ummælunum í þingtíðindum."

Gunnar segir leiðréttingu Guðna ganga nokkuð lengra en þingskaparlög heimili. „Maður hefur samt ákveðna samúð með sjónarmiði Guðna. Hann vill frekar að í skjölin fari það sem hann ætlaði að segja frekar en það sem hann sagði."

kolbeinn@frettabladid.is

BREYTTI ÞINGRÆÐU Orð Guðna Ágústssonar, þingmanns og formanns Framsóknarflokksins, í þingræðu um kristið siðgæði tóku breytingum áður en ræðan rataði í Alþingistíðindi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

YFIRLESTUR Á ÞINGRÆÐUM

Þingmenn fá ræður sínar til yfirlestrar áður en þær fara á vef þingsins og síðan í þingtíðindi.

Í lögum um þingsköp segir:
„Í Alþingistíðindunum má ekkert undan fella sem þar á að standa og fram hefur komið í þinginu og hljóðupptaka ber með sér. Engar efnisbreytingar má gera nema leiðrétta þurfi auðsæjar og sannanlegar villur." Þá má engu bæta inn í Alþingistíðindin „nema þess sé óhjákvæmilega þörf eða í því felist sjálfsögð leiðrétting."

Í upplýsingariti Alþingis segir:
„Stundum getur verið álitamál hvort taka megi til greina óskir um lagfæringar á ræðum þeirra [þingmanna]. Villur sem stafa af misheyrn ritara, ef hljóðupptaka er óskýr, eða af ókunnugleika (t.d. ranglega rituð erlend nöfn) er sjálfsagt að leiðrétta. Þá er viðtekin venja að heimila lítils háttar fágun á orðalagi ef merking er óbreytt, sem og augljós mismæli."

Íbúar í Lindahverfi andvígir fyrirhuguðum hækkunum á byggingum í hverfinu:

Vilja að eldra deiliskipulag standi

SKIPULAGSMÁL Íbúar í Lindahverfi í Kópavogi efna til fundar í Lindaskóla klukkan 20 í kvöld þar sem fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi hverfisins verða kynntar. Meðal breytinga sem ræddar verða eru hækkanir á byggingum neðst í hverfinu úr þremur hæðum í sjö til átta hæðir. Þar með talin er hækkun byggingar við verslunarkjarnann Lindir.

„Við ákváðum að halda fund til að kynna fólki hvað búið er að samþykkja og hvað verið er að auglýsa núna sem nýjustu tillögur," segir Anna S. Magnúsdóttir, íbúi í Lindahverfi og einn fundarboðenda.

ÓSÁTT VIÐ BREYTT DEILISKIPULAG Anna S. Magnúsdóttir við framkvæmdasvæðið neðst í Lindahverfi í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hún segir íbúa hverfisins svikna þar sem á sínum tíma hafi hverfið verið auglýst sem fjölskylduvænt. „Þegar ég kaupi í þessu hverfi fyrir um tíu árum er framhaldsskóli skipulagður þar sem húsin eiga nú að rísa. Ég flutti hingað á þeim forsendum að hverfið væri fjölskylduvænt, með tveimur leikskólum, grunnskóla og framhaldsskóla," segir Anna. Þess í stað hafi verslunar-, þjónustu- og skrifstofuhúsnæði verið reist í hverfinu.

„Ég hef áhyggjur af umferð og mengun og tel að umferðarmannvirki í hverfinu þoli ekki meira." Í því sambandi bendir hún á aukna umferð um hverfið vegna breytinga á Glaðheimasvæðinu skammt frá. „Við viljum mótmæla hækkun húsanna og viljum að eldra deiliskipulag standi."

- ovd

Dæmi um endurgreiðslu:

9,9 kr.

á lítra*

6% endurgreiðsla hjá Shell

af öllu eldsneyti fyrir e-korthafa í dag!

*Verð miðast við endurgreiðslu á 95 okt. bensíni í sjálfsafgreiðslu hjá Shell, Laugavegi, 27. ágúst 2008

KAUPPING Netbankinn spron

KORT ekortin.is

VILDARKORT ekortin.is

Fíton/SÍA FÍ026876

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvar á Íslandi hefur nú verið hætt við reisa sólarkísilverksmiðju?*

2 *Hvað heitir íslenska fyrirsætan sem hefur frestað því að taka tilboði um að koma nakin fram í Playboy?*

3 *Hvaða Hollendingur ferðaðist um Ísland á dráttarvél?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

FJÓRTÁN ÁHUGASÖM UM ÞORLÁKSHÖFN Þórður H. Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu, segir að vitað hafi verið að orkuverð væri lægra hér en í Kanada. Önnur atriði hafi gert útslagið.

Fjórtán fyrirtæki hafa bankað upp á

Fjöldi stórfyrirtækja hefur sýnt áhuga á að reka verksmiðju í Þorlákshöfn síðasta árið. Bæjarstjóri Ölfuss segir að nú verði hringt til baka. REC fær lágt og fyrirsjáanlegt orkuverð í Kanada til tuttugu ára. Orkuverðið samt lægra hér.

ÞORLÁKSHÖFN Um fjórtán stórfyrirtæki hafa bankað á dyrnar hjá bæjaryfirvöldum í Ölfusi undanfarið ár til að kanna möguleika á því að reka verksmiðju í nágrenni við Þorlákshöfn, ýmist í sólarkísilframleiðslu eða öðrum iðnaði.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri í Ölfusi, segir að nú verði farið í það að hafa samband við áhugasöm fyrirtæki í samstarfi við Fjárfestingastofu og láta vita af því að orka hafi losnað eftir að REC ákvað að reisa sólarkísilverksmiðju í Kanada frekar en í Þorlákshöfn.

„Það er engan bilbug á okkur að finna," segir Ólafur Áki. „Það er mikið af áhugaverðum fyrirtækjum ýmist í kísilframleiðslu, sólarkísilframleiðslu, kísilflöguframleiðslu eða jafnvel álframleiðslu. Fjallað hefur verið um áhuga Norsk Hydro og svo hafa þýsk, norsk og finnsk fyrirtæki sýnt áhuga ásamt fleirum, bæði í Ameríku og Evrópu. Netþjónabú hafa líka verið að banka upp á en þau eru ekki eins mannfrek þó að þau kalli á stórt húsnæði," segir hann.

Þórður H. Hilmarsson, framkvæmdastjóri Fjárfestingastofu, segir að framhaldið ráðist af því hvaða skýringar fáist frá REC Group á næstu dögum.

Í rökstuðningi REC Group fyrir staðarvalinu í Kanada kemur fram að fyrirtækið hafi samið um lágt og fyrirsjáanlegt orkuverð til tuttugu ára. Jon André Lökke, upplýsingafulltrúi REC Group, sagði í gær að orkan hefði ekki verið fyrirstaða á Íslandi.

Þórður segir tíma til kominn að slá á undirboðsumræðuna í orkumálunum. Íslensk orka sé kannski eitthvað ódýrari, en önnur atriði skipti meira máli. „Það var fyrirfram vitað að við myndum skora betur í orkumálum," segir hann.

Ólafur Áki bendir á að REC Group hefði þurft að senda 60-70 manns í þjálfun til Bandaríkjanna í tvö ár ef verksmiðjan hefði verið reist hér. Það hefði kostað um 800 milljónir króna. „Kanadamennirnir buðu fyrirgreiðslu í þessum málum en menn treystu sér ekki til þess hér út af samkeppnissjónarmiðum. Þetta samræmdist ekki EES-samningnum."

Þórður segir að tíminn vinni með Íslendingum. Sú þróun sé í gangi núna að hreinsa kísilinn minna og í minni framleiðslueiningum. Þá sé það á dagskrá hjá REC Group að reisa nýjar verksmiðjur á átján mánaða fresti og Ísland geti því fljótlega komið inn í myndina aftur. ghs@frettabladid.is

Síðbúið réttlæti í Sviss:

Norn fær uppreist æru

SVISS, AP Anna Goeldi var tekin af lífi sem norn í Sviss fyrir rúmum 220 árum. Hún var síðasta manneskjan í Evrópu sem varð nornaveiðum að bráð. Til að bæta fyrir þetta réttarmorð ákvað kantónuþingið í Glarus einróma í gær að veita Goeldi uppreisn æru.

Goeldi var hálshöggvin í þorpinu Mollis árið 1782, sökuð um að hafa eitrað fyrir manni. Að þingið tæki mál hennar fyrir nú má rekja til bókar sem blaðamaðurinn Walter Hauser skrifaði. Þar er lýst raunverulegum ástæðum þess að Goeldi var dæmd.

Galdrafár reið yfir Evrópu í bylgjum frá fjórtándu fram á átjándu öld. Þúsundir manna, flest konur, urðu fórnarlömb þess. - aa

Bílum lagt á gangstéttir:

Börnin lögð í mikla hættu

UMFERÐ Stöðuverðir Reykjavíkurborgar munu næstu daga fylgjast sérstaklega vel með að ökumenn leggi bílum sínum ekki á gangstéttir við skóla borgarinnar.

Í tilkynningu frá borginni segir að börn í Þingholtunum og Vesturbænum hafi á leið til og frá skóla rekið sig á að bifreiðum er víða lagt upp á gangstéttir svo þau hafa þurft að leggja sig í hættu með því að ganga á götunni. Haft er eftir Kolbrúnu Jónatansdóttur, framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs, að stöðuverðir muni næstu daga vakta þær götur þar sem þessi brot eiga sér oftast stað.

Sérstaklega verði fylgst með Bárugötu, Ránargötu og Garðastræti í gamla Vesturbænum og götum í Þingholtunum eins og Óðinsgötu og Þórsgötu. - ovd

Átökin í Afganistan:

Aukið mannfall í skærum

AFGANISTAN, AP Fleiri en þrjátíu skæruliðar talibana, fjórir afganskir lögreglumenn og einn þýskur hermaður voru drepnir í skærum í Afganistan í gær.

Austan landamæranna átti pakistanski stjórnarherinn við herskáa uppreisnarmenn í landamærahéruðunum að Afganistan, en þeir eru bandamenn talibana. Allt að 49 uppreisnarmenn féllu í þeim átökum að sögn talsmanns Pakistanshers.

Í fyrradag krafðist ríkisstjórn Afganistans þess að umsvif herliðs Bandaríkjamanna og NATO í landinu yrðu endurskoðuð. einkum og sér í lagi hvernig loftárásum er beitt á svæðum þar sem óbreyttir borgarar dvelja. - aa

*Flug aðra leiðina með sköttum. Verð gildir frá 15. ágúst 2008.

Stækkun Húsavíkurhafnar:

Mæla öldur og skipshreyfingar

BYGGÐAMÁL Siglingastofnun framkvæmir nú umfangsmiklar rannsóknir vegna fyrirhugaðrar stækkunar Húsavíkurhafnar.

Áform eru uppi um stækkun svo höfnin geti þjónað væntanlegu álveri á Bakka.

Rannsóknirnar felast í mælingum á öldum í núverandi höfn og við fyrirhugaðan brimvarnargarð. Þá eru mældar hreyfingar súrálsskips en slík skip eru viðkvæm fyrir svonefndum sogahreyfingum í hafinu.

Mælingarnar fara fram í líkanstöð Siglingastofnunar. - bþs

Stefnir í metsamdrátt ísbreiðunnar á Norður-Íshafi í haust:

Norðurskautsísinn hopar hratt

ALASKA, AP Ísinn á Norður-Íshafi hefur nú þegar hopað meira en eftir sumarið 2005. Það ár var umfang ísbreiðunnar næstminnst frá upphafi mælinga. Þar sem ísinn mu bráðna í nokkrar vikur enn stefnir í að metið í samdrætti ísbreiðunnar, frá því í í fyrra, verði slegið í ár. Þetta sýna nýbirtar niðurstöður mælinga Snjó- og ísmælingamiðstöðvar Bandaríkjanna (U.S. National Snow and Ice Data Center).

Umfang ísbreiðunnar á Norður-Íshafi í lok sumars hefur minnkað niður í um 4,3 milljónir ferkílómetra, en það er um 40 prósentum minna en langtímameðaltal áranna 1979-2000. Loftslagssérfræðingar hafa spáð því að ísinn muni halda áfram að skreppa saman og Norður-Íshaf verði hugsanlega orðið alveg íslaust á sumrin frá árinu 2030 og hugsanlega fyrr. Þetta myndi opna nýjar siglingaleiðir frá norðanvertu Kyrrahafi til norðanverðs Atlantshafs. Við þessar breytingar væri Ísland vel í sveit sett til að hýsa umskipunarhafnir fyrir skipaflutninga eftir þessum leiðum.



AÐ BRÁÐNA Þegar ísinn hopar minnkar sólarendurskin, sem eykur hlýnun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP/NASA

Talsmenn umhverfisverndarsamtaka lýsa áhyggjum af hinni hröðu bráðnun Norðurskautsíssins. Hún sé til vitnis um hröðun loftslagshlýnunar, sem leiði til þess að lífræn efni í þiðnandi sífrera norðurslóða losi enn meiri gróðurhúsalofttegundir út í andrúmsloftið, sem aftur auki enn á loftslagshlýnunina. - aa

Fimmtungsfækkun nemenda:

Minni aðsókn í kvöldskóla

MENNTUN Aðsókn í kvöldskóla framhaldsskólanna hefur heldur dregist saman síðustu ár. Frá árinu 2001 til ársins 2007 fækkaði kvöldskólanemum úr 2.439 í 1.962, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Aðalheiður Dröfn Eggertsdóttir, deildarstjóri öldungadeildar Menntaskólans við Hamrahlíð, telur skýringuna margþætta. Til dæmis ljúki nú mikill meirihluti nemenda námi í dagskóla, eða um níutíu prósent, og háskólarnir séu farnir að bjóða inngöngu að loknu frumgreinanámi, í stað stúdentsprófs. - gh

Stjórnarkreppan í Simbabve:

Mugabe boðar nýja stjórn

SIMBABVE, AP Robert Mugabe Simbabveforseti segist munu mynda nýja ríkisstjórn fljótlega, með eða án þátttöku stjórnarandstöðunnar.

ROBERT MUGABE

Ríkisfjölmiðlar höfðu eftir Mugabe í gær að hann myndi senn skipa nýja stjórn, sem fulltrúum stjórnarandstöðunnar væri velkomið að ganga til liðs við. En í dagblaðinu The Herald segir að stjórnarandstöðuleiðtoginn Morgan Tsvangirai „virtist ekki vilja taka þátt“.

Viðræður um myndun þjóðstjórnar hafa strandað á ágreiningi um það hve mikið vald Mugabe skuli láta af hendi.

Á þriðjudag kom þing landsins saman, en það er nú í fyrsta sinn skipað stjórnarandstæðingum að meirihluta til. - aa

AKRANES Þeir sem hafa hug á að gerast stuðningsfjölskyldur flóttafólksins geta mætt á fundinn í kvöld. MYND/SVIPMYND

Flóttafólk á Akranesi:

Stuðningsfjölskyldur funda

FLÓTTAFÓLK Undirbúningur komu palestínska flóttafólksins til Akraness er á lokastigi, en fólkið er væntanlegt snemma í næsta mánuði. Í kvöld verður haldinn fundur með væntanlegum stuðningsfjölskyldum.

Anna Lára Steindal, framkvæmdastjóri Akranesdeildar Rauða kross Íslands, segir fundinn í kvöld mikilvægan.

„Þar verður farið yfir bakgrunn fólksins og þær aðstæður sem það hefur búið við. Þá verður farið yfir hlutverk stuðningsfjölskyldna, að svo miklu leyti sem það er hægt,“ segir Anna Lára. Fundurinn verður í Þorpinu og hefst klukkan 18.00. - kóp

REYKJAVÍK

Kærir sparkvöll á leiksvæði

Íbúi í Skildinganesi í Skerjafirði hefur kært gerð sparkavallar á skilgreindu útivistar- og leiksvæði milli Bauganess, Bauganestanga og Skildinganess. Íbúinn telur sparkvöllin rýra gæði og verðmæti eignar sinnar.

Þyrlupallur fyrir sjúkraflug

Byggingarnefnd nýs háskólasjúkrahúss vill að gerður verði þyrlupallur fyrir sjúkraflug við boðaða samgöngumiðstöð í Vatnsmýri. Til greina hafði komið að gera þyrlupall á sjúkrahúsið sjálft en það mun aðeins henta fyrir stærstu þyrlur.

EKKERT GVAKAMÓLEKJAFTÆÐI!

BÍLAOUTLET

BÍLAMARKAÐUR ÁRSINS!

Það er óþarfi að leita langt yfir skammt!

45% afsláttur!

JEEP GRAND CHEROKEE
Ek. 122 þús. Nýskr. 09/01. Ssk.
Verð áður: 1.850 þús. kr.
OUTLETVERÐ: 1.190 þús. kr.

Þetta er ósköp einfalt, ef þú ert að leita að nýjum bíl er alger óþarfi að fara annað en í BílaOutlet. Við sjáum til þess að úrvalið sé alltaf með því allra besta á landinu og verðlagið hjá okkur slær allt annað út. Það er þess vegna erfitt að gera betri kaup en á Völlunum í Hafnarfirði. Kíktu til okkar, **það er opið frá kl. 12-21 í dag.**

1.340 þús. af!

NISSAN PATHFINDER 2.5 LE IT
Ek. 44 þús. Nýskr. 07/06. Ssk.
Verð áður: 5.690 þús. kr.
OUTLETVERÐ 4.350 þús. kr.

OPEL MERIVA
Ek. 29 þús. Nýskr. 01/06. Bsk.
Verð áður: 1.790 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.390 þús. kr.

HYUNDAI SANTA FE 2.7
Ek. 65 þús. Nýskr. 06/05. Ssk.
Verð áður: 2.590 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.790 þús. kr.

45% afsláttur!

RENAULT MEGANE II TOURER
Ek. 68 þús. Nýskr. 11/04. Bsk.
Verð áður: 1.620 þús. kr.
OUTLETVERÐ 890 þús. kr.

1.400 þús. af!

NISSAN MURANO
Ek. 35 þús. Nýskr. 10/05. Ssk.
Verð áður: 5.190 þús. kr.
OUTLETVERÐ 3.790 þús. kr.

SUBARU FORESTER
Ek. 45 þús. Nýskr. 01/04. Ssk.
Verð áður: 2.090 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.690 þús. kr.

900 þús. af!

HYUNDAI TUCSON 2.0 DIESEL
Ek. 85 þús. Nýskr. 06/05. Ssk.
Verð áður: 2.590 þús. kr.
OUTLETVERÐ 1.690 þús. kr.

1.100 þús. af!

NISSAN PATROL 3.0 ELEGANCE
Ek. 36 þús. Nýskr. 11/05. Ssk.
Verð áður: 5.290 þús. kr.
OUTLETVERÐ 4.190 þús. kr.

bílaland IH AVIS

Tjarnarvöllum 3, Hafnarfirði. Sími: 575 12 30.
Opið: mán-fim 12-21, fös 12-18, lau 12-16.

BÍLAOUTLET

*Með fyrirvara um prentvillur.

ENNEMM / SÍA / NM35197

Hann

© Inter IKEA Systems B.V. 2008

er kominn!

IKEA vörulistinn 2009

376 blaðsíður sprengfullar
af spennandi og skemmtilegum
hugmyndum fyrir heimilið þitt!

Töfrandi! - Heillandi! - Hrífandi!

Vörulistanum er dreift á öll heimili landsins
sem samþykkja fjölpóst dagana 27. - 29. ágúst.

IKEA®

www.IKEA.is

„ORÐRÉTT“

Alls ekki í Framsókn

„Ég hefði aldrei tekið það í mál að koma þarna inn sem pólitískur fulltrúi.“

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON FÉKK SÆTI FRAMSÓKNARFLOKKSINS Í SKIPULAGSRÁÐI.
Fréttablaðið, 27. ágúst 2008

Útgjöldin óhófleg

„Ef þau hefðu sætt sig við hófsamari ferðamáta og aðbúnað þá hefði þetta verið betra.“

STEINGRÍMI J. SIGFÚSSYNI ÞÓTTI KOSTNAÐUR VIÐ KÍNAFERÐIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA HELDUR MIKILL.
Fréttablaðið 27. ágúst 2008

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

Vakað fram eftir á Akureyri

Akureyrarvaka fer fram um helgina og verður hún sett í Lystigarðinum á Akureyri annað kvöld. Á laugardag verður svo fjölbreytt dagskrá um allan bæinn frá morgni og fram eftir kvöldinu. Meðal annars verða útitónleikar í Gilinu með Bubba Morthens og tvennir tónleikar verða haldnir á miðnætti.

Reykhóladagurinn verður haldinn á laugardaginn. Dagurinn er fyrir alla fjölskylduna og hefst með gönguferð að Kílonsvatni. Yfir daginn verður ýmislegt í gangi en dagskránni lýkur með mat, skemmtun og balli undir veislustjórn Arnar Árnasonar.

Í Sandgerði fara nú fram Sandgerðisdagar, en þeir hófust á þriðjudag. Annað kvöld verður heiðursborgari bæjarins krýndur og úrslit úr keppninni um Sandgerðisdagalagið verða kynnt. Þá verða útitónleikar og síðan ball fram eftir kvöldi. Á laugardag verður meðal annars fjölskylduskemmtun og hverfaganga, varðeldur og bryggjusöngur.

Í túninu heima er bæjarhátíð Mosfellinga sem fer fram um helgina og hefst í dag. Annað kvöld verður hátíðin sett formlega og á sama tíma verður bæjarlistamaður kynntur. Á laugardag og sunnudag verður fjölbreytt fjölskyldudagskrá, og á laugardagskvöld verða tónleikar fyrir alla fjölskylduna.

AKUREYRI Akureyrarvaka fer fram um helgina og verður margt um að vera.

SJÓNARHÓLL
FLUG RÁÐAMANNA TIL PEKING

Úr takti við almenning

ÁSGERÐUR JÓNA FLOSADÓTTIR
Formaður Fjölskylduhjálparinnar

„Frammistaða landsliðsins er auðvitað glæsileg og gríðarlega góð landkynning sem ekki er hægt að meta til fjár. En það er út í hött að menntamálaráðherra þurfi að fljúga tvívegis til Kína með maka sínum. Ekki sáum við forsetafrú Frakka þarna, var það?“ segir Ásgerður Jóna.

„Ég held að ráðamenn haldi að við séum til fyrir þá en ekki öfugt. Það vantar fjármagn til að uppfylla félagslega þjónustu gagnvart borgurum. Við, þessar 320 þúsund hræður, erum með um 600 opinberar stofnanir og fyrirtæki og hver þeirra er með sinn forstjóra á góðum launum. Aldrei sæjum við 320 þúsund manna fyrirtæki í Bandaríkjunum með 600 forstjóra.“

Ásgerður telur að gera eigi tölfræðilega úttekt á því hve umfangsmikið og fjárfrekt stjórnkerfið sé orðið. „Það þarf að fá óháðan erlendan aðila til að fara í saumana á því hvert peningarnir fara. Þá er ég ansi hrædd um að margir þyrftu að segja af sér.“

Börnin fá Bítlaplötur lánaðar

Pétur Hafþór Jónsson, tónmenntakennari við Austurbæjarskóla, hlaut íslensku menntaverðlaunin fyrir kennslubók sína um sögu dægurlagatónlistar. Hann telur nútímamenningu eiga erindi inn í kennslustofur landsins.

LJÚFIR TÓNAR Pétur hefur verið einkar duglegur við að sanka að sér hljóðfærum af öllum stærðum og gerðum, sem nemendur hans njóta góðs af við námið. Veggina í tónmenntastofunni þekja myndir af merkum tónlistarmönnum síðustu aldar, eins og Elvis, Dylan og Ragga Bjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Kennslan hefur gengið alveg ljómandi vel. Krakkarnir eru flestir afar áhugasamir og skemmta sér hið besta. Einn tíminn fór til dæmis í umfjöllun um Bítlana. Eftir tímann fékk einn nemandi lánaðar hjá mér allar Bítlaplöturnar og hlóð þeim inn á iPodinn sinn. Það er óhætt að segja að foreldrarnir hafi verið hæstánægðir með þá þróun mála,“ segir Pétur Hafþór Jónsson, tónmenntakennari í Austurbæjarskóla. Pétur hlaut í vor íslensku menntaverðlaunin í flokki námsefnishöfunda fyrir kennslubók sína Hljóðspor, þar sem farið er yfir sögu dægurtónlistarinnar, frá afrískri tónlist til hippamenningar sjöunda áratugarins.

Pétur hefur nú kennt bókina og tengt námsefni í nokkur ár. Samhliða því hefur hann ferðast um og kynnt efnistök námsefnisins fyrir kennurum og skólayfirvöldum víðs vegar um landið. Hann segir viðbrögðin hafa verið góð, hjá nemendum og eins hjá öðrum kennurum. „Það má í raun segja að ég noti svipaðar áherslur í kennslunni og notaðar eru við tónlistarsköpun. Alþýðutónlist fyrri tíma gekk til dæmis mikið út á að allir viðstaddir tækju þátt, væru virkir en ekki aðgerðarlausir áhorfendur. Þetta tel ég vera mikilvægan hluta af allri kennslu. Einnig hafa börnin mjög gott af því að læra undirstöðuatriðin í tónlistarsköpun, til dæmis hvað varðar mikilvægi samvinnu í undirbúningi, útsetningum og framkvæmd. Ég er líka á þeirri skoðun að tónlist sé svo mikilvægur hluti samfélagsins að það sé glapræði að gera henni ekki góð skil,“ segir Pétur.

Hugmyndin að námsefninu kviknaði þegar Pétur tók sér þriggja ára frí frá kennslu til að nema tónvísindi í Álaborg. „Þar var farið yfir sögu dægurlagatónlistarinnar og áhrif hennar á þjóðfélagið á hverjum tíma. Ég hreifst af náminu og tel tónlistarsögu eiga erindi við íslensk börn. Ég held til dæmis að rokkið hafi átt stóran þátt í að brjóta niður marga veggi, og kannski er rokkið stórmerkilegt þjóðfélagsfyrirbæri. Í öllu falli endurspeglar rokksagan þjóðfélagsástandið á hverjum tíma afar vel.“ Pétur telur nútímamenningu eiga skilið veigameiri sess í kennslu en verið hefur. „Það hefur til dæmis gefist mörgum vel að nota nútímamenningu í tungumálakennslu. Það er mikilvægt að setja hlutina í samhengi sem krakkarnir geta samsvarað sig við,“ segir þessi brautryðjandi og heldur áfram að uppfræða æskuna um þjóðfélagslegt mikilvægi Bítlanna og Bob Dylan. **kjartan@frettabladid.is**

Tveir ungir menn með nýstárlega viðskiptahugmynd:

Selja flugnanet í glugga

Tveir ungir menn, Viktor A. Bogdanski, nýútskrifaður stúdent frá Menntaskólanum við Sund, og Guðmundur S. Guðmundsson, nemi í Borgarholtsskóla, markaðssetja og selja á netinu flugnanet í glugga. Viktor og Guðmundur eru með kynningu á flugnanetinu á flugulaus.blog.is og á síðunni Flugulaus.com sem verður opnuð á næstunni.

Viðskiptahugmyndin kom þannig til að Viktor er með flugnafóbíu og getur ekki haldið ró sinni ef fluga er í sama rými og hann. „Ég er skríthræddur við allar flugur og skordýr. Það er nóg að það sé smáfluga nálægt mér og þá er ég skíthræddur,“ segir hann.

Þá hefur Guðmundur að undanförnu átt í vandræðum með köngulær sem koma inn um gluggann hjá honum og spinna vefi hér og þar í herberginu hans.

„Eva mágkona mín byrjaði á því að gera svona flugnanet í ramma fyrir sjálfa sig,“ segir Viktor. „Mér leist mjög vel á það og datt í hug að selja þessa flugnanetsramma. Við þurfum bara að fá ummálið á glugganum og smíðum svo rammann,“ segir hann.

SKÍTHRÆDDUR Vinirnir Viktor A. Bogdanski og Guðmundur S. Guðmundsson selja flugnanet í glugga. „Ég er skíthræddur,“ segir Viktor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Viktor telur ekkert of seint að fá sér flugnanetsramma í gluggann nú í haust þar sem flugur og skordýr séu farin að leita inn í hitann. Flugnanetið hafi líka þann stóra kost að ekkert mál sé að setja það í gluggann og taka það úr honum. Það sé hægt að geyma yfir veturinn og setja upp ár eftir ár, **- ghs**

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Íslenska landsliðið 2008 á Reykjavíkurflugvelli

Samferða okkur í hálfa öld

Það var stór stund þegar Icelandair vélin lenti á Reykjavíkurflugvelli með landslið Íslendinga í handknattleik, silfurverðlaunahafa frá Ólympíuleikunum í Peking. Margoft á ári hverju í tæp 50 ár hefur Icelandair flutt íslenska landsliðið í handknattleik til þátttöku í stórmótum og alþjóðakeppnum erlendis en aldrei áður höfum við verið jafn stolt að bjóða „strákana okkar“ velkomna um borð.

Saga Icelandair og saga íslenska landsliðsins í handknattleik hafa tvinnast saman í hálfa öld. Icelandair hefur í öll þessi ár veitt landsliðsmönnum dyggan stuðning í blíðu og stríðu, fagnað með þeim, stappað í þá stálinu og hvatt þá til dáða. Í gær var svo sannarlega komið að hápunktinum á þessu hálfrar aldar ferðalagi okkar saman.

Til hamingu, íslenskir afreksmenn.

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 43418 8/08

Fjárhagsaðstoð Finna við Rússland:

Rússar borga vopnin en Finnar annað

Meðan nýríkir Rússar kaupa ensk fóboltalið, þýskar hallir og glæsihýsi á Rivíerunni borga Finnar reikningana í Rússlandi. Ekkert bendi til þess að fjárhagsaðstoð Finna fari minnkandi og reyndar hefur finnska utanríkisráðuneytið lagt til að hún hækki enn frekar.

VLADIMÍR PÚTÍN

Þetta kemur fram í grein í finnlandssænska blaðinu Hufvudstadsbladet.

Rússneska ríkisstjórnin notar olíumilljarðana sína til að kaupa vopn og tæki fyrir herinn „og kúga óþæga nágranna eins og Georgíu. En þegar kemur að því að byggja upp heilbrigðiskerfið, veita HIV-sjúklingum eða fórnarlömbum heimilisofbeldis meðhöndlun biður rússneska ríkisstjórnin Finna um að borga reikninginn,“ segir blaðið.

- ghs

FBL-GREINING: ALÞJÓÐLEGU SVEITIRNAR Í AFGANISTAN

Aðstoða við að halda uppi lögum og reglu

Fram hefur komið að utanríkisráðherra vilji að íslenskir friðargæsluliðar leggi niður vopn og hverfi frá þeim verkefnum sem krefjast vopnaburðar. Eitt þeirra er á flugvellinum í Kabúl, höfuðstað Afganistans, en alræmd teppakaup á Kjúklingastræti voru einmitt gerð í Kabúl. Íslenska friðargæslan í Afganistan er undir alþjóðlegum sveitum sem kallast Isaf, sem er skammstöfun á International Security Assistance Force.

Hver er tilgangurinn með Isaf-sveitunum og hverjir eru í þeim?

Isaf í Afganistan er fyrsta og stærsta landgönguliðaverkefni Nató utan Evrópu. Í júní tóku þátt í því um 53.000 manns frá fjörutíu löndum. Hlutfallslega eru flestir þeirra frá Bandaríkjunum (14.000) og Bretlandi (7.800). Þess má geta að einnig eru 19.000 Bandaríkjamenn í austurhluta landsins í Operation Enduring Freedom, en það verkefni kemur Isaf ekki við.

Yfirlýstur tilgangur Isaf er að hjálpa ríkisstjórn Afganistans við að halda uppi lögum og reglu í landinu og styðja við og vinna með afganska hernum. Til dæmis er Isaf hernum innan handar við að afvopna talíbana. En langtímamarkmiðið mun vera að koma á stöðugleika í landinu.

Hvernig er vopnaburður Isaf?

Flestir Isaf-liðar eru í hernaði í suðurhéruðum landsins. Þeir berjast með flestum þeim vopnum sem nútímaherjum bjóðast, skriðdrekum, þyrlum og þess háttar. Annars staðar í landinu er friðsælla og Isaf-liðarnir þá skotvopnaðir og í brynvörðum bílum.

Isaf leggur áherslu á að friður án uppbyggingar sé ómögulegur og starfar víðs vegar um landið að því að endurbyggja skóla og sjúkrahús, vatnsveitur og svo framvegis.

Hvað finnst afgönskum borgurum um Isaf?

Samkvæmt skoðanakönnun BBC frá því síðla árs 2007 vilja flestir íbúar Afganistans að alþjóðlegar hersveitir dveljist í landinu. Íbúar norðurhéraða, þar sem friðarhorfur eru bestar, voru jákvæðastir. Helsta andstaðan fannst í suðurhéruðum, þar sem talíbanar eru sterkastir.

Heimild: BBC

Föstudagur fylgir Fréttablaðinu á morgun

Föstudagur flytur sjóðheit tíðindi af uppátækjum þekktra sem minna þekktra innanlands sem utan.

Smekkkona með einstakan stíl

Lára Ósk Hjörleifsdóttir opnar fataskápinn

Allt sem þú þarft...

...alla daga

FRÉTTAVIÐTAL: Ráðstefna eldfjallasérfræðinga í Reykjavík

Ísland má kalla nafla eldfjallafræðanna

Þing Alþjóðasambands eldfjallafræðinga (IAVCEI) var haldið í Reykjavík dagana 17.-22. ágúst. Saman voru komnir hartnær 1000 vísindamenn frá 50 þjóðlöndum. Skipuleggjendur ráðstefnunnar segja hana vera stórviðburð í fræðasamfélaginu á Íslandi.

GRÍMSVÖTN Eldgos hófst í Grímsvötnum í Vatnajökli 1. nóvember 2004. Líklega er um virkustu eldstöð Íslands að ræða og vitað er um tugi eldgosa frá landnámi sem mjög líklega tengjast Grímsvötnum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓM

Um var að ræða stærsta þing í raunvísindum sem farið hefur fram á Íslandi en þing alþjóðasambandsins eru haldin á fjögurra ára fresti. Flutt voru 700 erindi en fjallað var um alla þætti eldvirkni og eldgosa, stærstu sprengigos, sem verða á tugþúsunda ára fresti, jarðhita, jökulhlaup og eldvirkni á öðrum hnöttum.

Þau Guðrún Larsen, Magnús Tumi Guðmundsson og Ármann Höskuldsson báru hitann og þunganann af ráðstefnuhaldinu.

Thorarinsson Medal

„Á ráðstefnunni voru birtar niðurstöður fjölmargra óbirtra fræðigreina þar sem verið er að kynna nýjar og ferskar hugmyndir,“ segir Ármann. „Birt voru á ráðstefnunni 1.300 framlög sem skiptist í 700 erindi og 600 veggspjöld. Þetta er gríðarlega fjölbreytt og þeir sem að þessu koma eru bæði stúdentar og sérfræðingar.“

Ráðstefnan hefur verið í undirbúningi í tæp fjögur ár. Þá var lögð fram tillaga frá Íslandi um að halda ráðstefnuna, en Frakkar sóttust einnig eftir því að halda ráðstefnuna. „Þetta er stórt skref fyrir okkur hér að fá að halda þetta þing sem snertir á fjölmörgum ólíkum sviðum,“ segir Magnús Tumi. Hann segir útilokað að skýra frá efni eða sérstökum niðurstöðum ráðstefnunnar í stuttu máli. „En nefna má að hér hefur verið fjallað um áhrif eldgosa á loftslag og hvernig á að bregðast við eldgosavá og hvernig á að koma henni á framfæri við almenning, svo eldfjallafræðin nær ekki aðeins til náttúruvísinda heldur einnig óskyldra hluta eins og almannavarna. Þetta sýnir hvað eldfjallafræðin er breitt fræðasvið.“

Á ráðstefnunni voru veitt æðstu verðlaun IAVCEI, sem kennd eru við Sigurð Þórarinsson jarðfræðing og nefnast á ensku Thorarinsson Medal. Að þessu sinni hlaut þau Stephen Sparks, prófessor í eldfjallafræði við háskólann í Bristol í Englandi. Hann hefur unnið að rannsóknum víða um heim, en með fyrstu verkefnum hans voru athuganir í Heimaeyjargosinu 1973 og einnig vann hann við rannsóknir á gjósku úr Öskjugosinu 1875. „Það er til marks um þá virðingu sem Sigurður nýtur innan fræðigreinarinnar að litið er til þessara verðlauna sem langsamlega mikilvægustu viðurkenningar sem vísindamanni á sviði eldfjallafræðinnar getur hlotnast,“ segir Ármann.

Naflaskoðun

En hvar er naflann að finna í eldfjallafræðinni? „Það er enginn einn nafli en það eru nokkrir staðir í heiminum sem eru lykilstaðir,“ segir Magnús Tumi. „Það er Hawaí, sögulega séð má nefna Suður-Ítalíu, Japan, Indónesíu og Ísland. Ísland er því vissulega einn af fimm stöðum í heiminum sem eldfjallafræðingum finnst að þeir verði að heimsækja. Enginn staður í heiminum getur gefið fullnaðar upplýsingar en Ísland er hugsanlega fjölbreyttasti staður hvað eldvirkni varðar í heiminum.“

Lykilgos

Sérstaða eldfjallafræðinnar gæti verið að einstakir atburðir, einstök eldgos, skipta miklu máli í þróun og auknum skilningi á fræðunum. Einnig hefur ný tækni valdið byltingu á síðustu áratugum, mælitækni og ekki síður tölvutækni sem gerir alla fræðilega útreikninga auðveldari. „Einstök gos hafa skipt geysilega miklu máli eins og þegar fjallið St. Helena í Bandaríkjunum gaus árið 1980. Fjallið einfaldlega sprakk og kannski var hægt að sjá að svo myndi fara.

Annað lykilgos, sem hefur aukið mjög skilning manna er Surtseyjargosið,“ segir Magnús Tumi og Guðrún bætir við að það sama sé hægt að segja um Skaftárelda árið 1786. „Lakagosið hafði svo gríðarleg áhrif að rannsóknir standa stöðugt yfir í tengslum við það. Allt byggir það á frábærum heimildum sem gerir sérfræðingum kleift að fá heildstæða mynd af því sem þar gekk á. Áhrifanna gætti um allt norðurhvel og mjög mikilvægt að skilja það gos upp á framtíðina að gera,“ segir Ármann.

SKIPULEGGJENDUR Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur, Guðrún Larsen jarðfræðingur og Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Guðrún segir að ef viðlíka atburðir myndu gerast í dag þá megi til dæmis nefna að flugumferð yfir N.-Atlantshafi myndi að öllum líkindum leggjast af í töluvert langan tíma. „Þó svo okkur virðist sem langt sé um liðið frá Lakagosinu þá er aðeins um augnablik að ræða í jarðsögulegum skilningi. Svæðið er í raun virkt, þó ég vilji alls ekki vera að spá fyrir um að gos þar sé líklegt á næstunni,“ segir Ármann.

Guðrún segir að enn stærra gos hafi verið í Eldgjá á 10. öld. „Það hefur valdið miklu tjóni þó frásagnir séu ekki miklar og erfitt að gera sér fyllilega grein fyrir umfanginu.“ Í þeim fáu annálum sem finnast frá 10. öld kemur í ljós að það var uppskerubrestur í Indlandi og Japan sem talið er tengjast þessum miklu jarðhræringum.

Sambúð með eldrisum

Undirtitill þingsins er „að skilja eldfjöll,“ og Ármann segir það aðalatriði að auka skilning á fyrirbærinu til að maður og fjall geti lifað saman í sátt. „Eldfjöll eru alls staðar og við sækjum í þau þar sem þau eru svo rík. Í nálægð þeirra er frjósamur jarðvegur og námur fyrir málma og verðmæta steina tengjast eldvirkum svæðum. Það er því til mikils að vinna að öðlast skilning á eðli þeirra. Seint mun koma upp sú staða að við getum forðast að lifa í nálægð við þessi fjöll og svarið er að skilja hvernig þau haga sér. Þegar þau fara af stað þá færum við okkur frá og leyfum þeim að pústa.“

KATLA KOMIN Á TÍMA?

Katla er eldstöð sem staðsett er undir Mýrdalsjökli og er stór megineldstöð. Kötlueldstöðin er um 30 kílómetrar í þvermál og rís hæst í yfir 1400 metra hæð yfir sjó. Í miðju eldstöðvarinnar er Kötluaskjan, um 100 ferkílómetrar að stærð og allt að 700 metra djúp. í henni er víðast 400-700 metra þykkur ís.

Kötlugos hafa að meðaltali orðið á 40 til 80 ára fresti og hafa 16 eldgos verið skráð í eldstöðinni frá landnámi en þau eru þó líkast til fleiri, eða 20 talsins. Síðast gaus Katla árið 1918 og því eru miklar líkur á gosi á næstu árum. Katla er ein frægasta eldstöð á Íslandi og alræmd fyrir hinar miklu hamfarir sem fylgja í kjölfar eldgosanna. Við gos bráðnar jökulísinn ofan við gosopið og safnast leysingavatn fyrir undir jöklinum, þangað til að það brýst fram af miklu afli í gríðarlegu jökulhlaupi. Mikið magn af ís, ösku og aur berst með hlaupvatninu. Mestallur Mýrdalssandur er einmitt myndaður í hinum miklu jökulhlaupum sem hafa orðið í kjölfar Kötlugosa.

FRÉTTAVIÐTAL
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

LOKADAGAR

ÚTSÖLU

25 - 80 % Afsl.

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki
INTERIORS

KAUPPING
Hugsum lengra

Hittu handboltahetjurnar!

Silfurdrengirnir okkar verða í Laugardalshöllinni í dag og afhenda árituð plaköt frá kl. 16.30 -17.30

Allir velkomnir!

Útgjöldin
> Verð bíómiða á venjulega sýningu.

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur
hagur heimilanna

NEYTANDINN: GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON LEIKARI

Enn að jafna sig eftir líkamsræktina

„Verstu kaup sem ég hef gert eru þegar ég keypti árskort í líkamsrækt fyrir þremur árum," segir Guðjón Davíð Karlsson leikari hjá Borgarleikhúsinu, oftast kallaður Gói. „Ég fór aðeins tvisvar. Ég er ennþá að jafna mig." Þetta eru algeng mistök hjá þeim sem ætla að drífa sig í ræktina, að byrja á því að kaupa árskort, en finna sig svo ekki í ræktinni. Gói er þó ekki alveg hættur við líkamstæktina, því hann segist verða að fara að huga aftur að ræktun líkamans. Spurningin sé bara hvernig hann fari að því, því tæki inni í sal eigi ekki nógu vel við hann eins og reynslan hafi sýnt. „Kannski ég athugi hlaupaskó," segir Gói, enda hollt og gott að skokka ef viðkomandi er rétt skóaður.

Almennt segist hann þó vera skynsamur maður og góður neytandi og því sleppa við slæm kaup.

Bestu kaupin segir Gói að séu áskriftarkort í Borgarleikhúsið, enda vill hann fá sem flesta í leikhúsið sitt.

„Tuttugu og sex ára og yngri fá kortið á 4.450 kall. Með því kostar hver leikhúsmiði tólf hundruð krónur, sem er gjafverð. Þetta verða gjafir mínar núna næstu vikurnar."

GÓÐ HÚSRÁÐ
AÐ ÞEKKJA INNRÆTI FÓLKS

■ *Þorbjörn Pétursson, bóndi á Ósi, kann gott ráð vilji menn komast fljótt að því hvaða mann einhver hefur að geyma.*

„Það er nú þannig að sauðkindin finnur það strax á sér hvort einhver sé vel, sæmilega eða illa innrættur. Af viðbrögðum hennar má verða margs vísari um það hvaða mann einhver hefur að geyma. Það er því tóm vitleysa að tala um skynlausar skepnur, það eru vitlausir menn sem láta sér slíkt um munn fara."

■ **Verðlag**

Lyf og heilsa með hæsta verðið

Þegar skoðað er verð á ofnæmislyfinu Kestine má sjá að talsverður munur er á milli apóteka. Þrjátíu stykkja pakkning með 10 mg töflum er dýrust hjá Lyfjum og heilsu en þar kostar lyfið 2.440 krónur. Apótekarinn kemur næstur með pakkninguna á 2.248 krónur og síðan Lyfja á 2.118 krónur. Hjá Garðsapóteki kostaði pakkinn ekki nema 1.986 krónur en Lyfjaver átti vinninginn með lægsta verðið, 1.884 krónur. Það er 566 krónum ódýrara en hjá Lyfjum og heilsu.

■ **Hækkun**

Meiri munur á sæti og sæti hjá Flugleiðum

Breytingargjald Icelandair hefur hækkað. Farþega Icelandair brá í brún þegar hann hafði í ógáti slegið inn rangar upplýsingar við pöntun flugmiða hjá félaginu. Þegar hann hringdi í Icelandair til þess að laga villuna var honum tjáð að hann þyrfti að greiða tíu þúsund króna breytingargjald auk verðmunar á sætunum tveimur. Þannig getur miði sem kostar 35 þúsund auðveldlega hækkað upp í fimmtíu þúsund krónur. Því ríður á að gera ekki mistök þegar pantað er á netinu og fara vel yfir allar upplýsingar.

■ **Vörur**

Neyðarþjónustan rægði vörumerkið ASSA

Neyðarþjónustan hefur verið fundin sek um að kasta rýrð á vörur frá ASSA með bréfi til viðskiptamanna. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendastofu.

Neyðarþjónustan braut gegn lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með athæfi sínu. Einnig braut fyrirtækið gegn ákvæði sömu laga „með ósönnuðum fullyrðingum í kynningarbréfi og á vefsíðu fyrirtækisins og með því að bera saman verð á ósamanburðarhæfum vörum frá MU og ASSA".

Háskólanemar bundnir við verðlag Bóksölunnar

Kostnaður við kaup á kennslubókum getur hlaupið á tugum þúsunda króna. Nemar eiga fáa aðra kosti en að leita til Bóksölu stúdenta á meðan, vegna kostnaðar við að panta að utan. Bókalán Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) er innifalið í námslánum og nemur 48 þúsund krónum á ári eða 24 þúsund krónum á önn. Kostnaðurinn getur þó verið mun meiri.

BÆKUR Í BÓKSÖLU STÚDENTA Bókalán LÍN eru úr samhengi við raunverulegan kostnað fjölmargra háskólanema. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tekin voru dæmi af heimasíðu Bóksölu stúdenta á kostnaði annars árs nema í rafmagns- og tölvuverkfræði og kostnaði þriðja árs nema í hjúkrunarfræði nú í haust.

GÍSLI TRYGGVASON

Rafmagns- og tölvuverkfræðinemarnir eru með bókalista sem kostar 57.960 krónur fyrir önnina. Bækurnar eru sjö og kosta á bilinu fimm til tíu þúsund krónur hver.

Hjúkrunarfræðinemarnir þurfa að greiða 45.007 krónur fyrir sínar bækur, sem einnig eru sjö talsins. Ódýrustu bækurnar kosta rúmlega fjögur þúsund krónur en þær ódýrustu eru á um það bil 8.500 krónur.

Eins og sjá má vantar talsvert upp á að bókalánin nái að koma fyllilega til móts við kostnað nemenda.

Steingrímur Ari Arason, framkvæmdastjóri LÍN, segir að málið hafi ekki verið rætt innan lánasjóðsins í háa herrans tíð.

„Þegar breytileg lán hafa verið rædd hefur það frekar verið í tengslum við húsnæði vegna þess hve mikill munurinn er á leiguverði hjá nemum."

Sumir nemendur reyna að lækka kostnaðinn með því að kaupa bækur að utan í gegnum netið. Séu bækur nemanna sem um er rætt keyptar í gegnum Amazon lækkar heildarkostnaður hjúkrunarfræðinemanna um níu þúsund krónur en rafmagns- og tölvuverkfræðinema um tíu þúsund krónur.

Með nýrri tillögu Gísla Tryggvasonar, talsmanns neytenda, getur kostnaður við innkaup í gegnum netið lækkað umtalsvert, einkum í þeim tilfellum sem ein til tvær bækur eru keyptar í einu. Þar gætu nemar sparað nokkur þúsund krónur en margir reyna að dreifa bókakaupum yfir önnina eins mikið og völ er á.

Gísli segist vona að tillaga hans verði samþykkt og það verði til aukinnar samkeppni á bóka- og póstverslunarmarkaði, sem muni vonandi leiða til einhverra lækkana.

helgath@frettabladid.is

Foreldrar kvarta yfir dýrum innkaupalistum skólanna:

Eiga skólar að leggja til ritföng?

Neytendavaktinni hafa borist bréf um kostnað foreldra við grunnskólanám barna. Arna skrifaði:

Nú þegar sonur minn er að byrja í sex ára bekk þurfti ég að borga meira en tíu þúsund krónur bara til þess að hann gæti byrjað í skólanum. Þá átti ég eftir að kaupa á hann skólaföt og tösku. Er þetta leyfilegt?

Leifur skrifaði okkur um svipað efni: *Hvernig stendur á því að skólarnir geta rukkað foreldra um efnisgjöld og dýrar vörur? Eiga þær ekki að vera innifaldar í sköttum?*

Það er erfitt að átta sig á því hve mikið foreldrar eru að greiða því eflaust fer það eftir skólum og ekki síst eftir efnahag fólks. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

„Samkvæmt lögum eiga grunnskólanemar að fá námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu í þeim námsgreinum sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Óheimilt er að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn eða annað sem þeim er gert skylt að nota í náminu samkvæmt aðalnámskrá."

Í 33. grein laga um grunnskóla segir: „Opinberum aðilum er ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír." Ekki er fjallað um möppur og aðra fylgihluti í lögunum.

Foreldrar verða því að athuga að ritföng eiga ekki að falla undir námsgögn.

Samkvæmt Aðalnámskrá eru það „prentað efni, myndefni, hljóðefni, tölvuforrit, efni á Netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegrar kennslu og slíkt sem fellur undir skilgreiningu námsgagna".

Þessa hluti eiga foreldrar aldrei að þurfa að greiða fyrir.

HELGA ÞÓREY neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

Coca Cola, 33 cl
59

LÁGVÖRUVERSLUNIN ÞÍN

1990
SKRIFBORÐSSTÓLL
• 4 litir

VERÐ ÁÐUR: 7.990
NÚ: **5.990**
FARTÖLVUTASKA

699
PAPPÍR - HP
• A4, 80 gr, 500 stk

390 pr. stk
PIZZA GRANDIOSA - 585 GR

VERÐ ÁÐUR: 6.990
NÚ: **4.990**
SKRIFBORÐSSTÓLL
•3 litir

FRÁ **149**
STÍLABÆKUR
• A4

49
PEPSI - 33 CL

VERÐ ÁÐUR: 19.900
NÚ: **15.990**
VERANDAVERMIR
•Fyrir gas

379 pr. stk
BRÉFABINDI
• 2 litir

799
GEYMSLUKASSI Á HJÓLUM
•40 ltr

TAKMARKAÐ MAGN!

VERÐ ÁÐUR: 19.900
NÚ: **13.990**
MARKÍSA, 3 METRAR
•Blá/hvít eða grá/hvít
•3x2,5 m
•Fyrir veggfestingu
•Mótor fyrir markísu kr 17.990

1590
HEILSUTÖFFLUR
•Dömu, st 36-41
•Herra, st 41-46

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

www.europris.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
4.244 **+0,38%**

Fjöldi viðskipta: 195
Velta: 2.067 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	1,98%	ATLANTIC PETROL.	6,05%
KAUPÞING	0,99%	EIK BANKI	3,02%
LANDSBANKINN	0,63%	FØROYA BANKI	1,97%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 6,69 +0,00% ... Atorka 5,04 -1,75% ... Bakkavör 26,80 -0,56% ... Eimskipafélagið 14,45 +1,98% ... Exista 7,69 -0,65% ... Glitnir 15,30 -0,33% ... Icelandair Group 19,85 +0,00% ... Kaupþing 713,00 +0,99% ... Landsbankinn 24,00 +0,63% ... Marel 86,20 +0,00% ... SPRON 3,50 -1,41% ... Straumur-Burðarás 9,37 -0,11% ... Össur 90,70 -0,33%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN
nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Í boði Kaupþings

Nú þegar silfurstrákarnir okkar í handboltalandsliðinu eru komnir heim og hafa fengið fálkaorðuna og höfðinglegar móttökur landsmanna er ekki úr vegi að geta þeirra sem lögðu hönd á plóginn til þess að svo frækileg frammistaða mætti verða að veruleika. Einn slíkur aðili er Kaupþing, sem kom ekki aðeins að landsliðinu sem helsti styrktaraðili þess og handknattleikssambandsins, heldur er bankinn einnig helsti vinnustaður aðstandenda liðsins og hefur gert þeim kleift að sinna þeim störfum sínum samhliða „hefðbundnari" vinnu, sem er auðvitað til mikillar fyrirmyndar.

Þrír landsliðsþjálfarar á launum

Samningur Guðmundar Þ. Guðmundssonar landsliðsþjálfara við Handknattleikssambandið náði fram yfir Ólympíuleikana. Óljóst er hvort hann haldi áfram. Hann starfar sem verkefnisstjóri hjá Kaupþingi en hefur fengið leyfi frá störfum til að sinna verkefnum fyrir landsliðið. Í samtali við Vísi bendir Svali Björgvinsson, starfsmannastjóri Kaupþings, á að Guðmundur sé ekki eini þjálfarinn sem starfi hjá Kaupþingi. „Júlíus Jónasson kvennalandsliðsþjálfari er hérna og Gunnar Magnússon, aðstoðarmaður landsliðsins, er hérna líka," segir hann og bendir á að þeim, jafnt sem öðrum íþróttamönnum sem starfi hjá bankanum, hafi verið sýndur skilningur vegna fría. Þess má svo geta að formaður landsliðsnefndar, handboltakempan Kristján Arason, starfar einnig hjá Kaupþingi – er þar framkvæmdastjóri viðskiptabankaþjónustu.

Kaupþing lýkur yfirtöku á Trio

Gengið hefur verið frá yfirtöku Kaupþings á símafyrirtækinu Trio. Það var áður í eigu Teligent, sem tekið hefur verið til greiðslustöðvunar. Samkvæmt heimildum Markaðarins var Trio metið á 42 milljónir sænskra króna, en þar sem skuld Teligent við Kaupþing nam 67 milljónum er hún enn ekki greidd að fullu.

Peter Borsos hjá Kaupþingi í Svíþjóð sagði í viðtali við Markaðinn að Trio hefði gengið best af öllum einingum Teligent og að þegar hefði orðið vart við áhuga frá kaupendum á Trio. „Kaupþing mun, þegar upp verður staðið, ekki tapa neinu á viðskiptum sínum við Teligent." **- msh**

Verðbólga í rénum

Minni hagvöxtur og lausafjárskortur hafa áhrif.

„Í ljósi minni hagvaxtar og þrenginga á fjarmagnsmörkuðum tel ég líklegast að draga muni úr verðbólgu það sem eftir er árs og jafnvel framan af því næsta." Þetta sagði yfirmaður seðlabanka Atlanta, Dennis Lockhart, á miðvikudag. Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, hefur tekið í sama streng, en hann sagði á föstudaginn að draga myndi úr verðbólguþrýstingi síðar á árinu.

Skiptar skoðanir eru innan Seðlabanka Bandaríkjanna um hvort hagkerfi Bandaríkjanna stafi meiri hætta af verðbólgu eða kreppu, og því hvort bankinn eigi að hækka stýrivexti sína eða halda þeim óbreyttum.

Richard Fisher, yfirmaður Seðlabankans í Dallas, hefur varað við því að stýrivextir seðlabankans, sem nú eru 2 prósent, séu of lágir. Fisher segir of snemmt að draga ályktanir af lækkun olíuverðs. Fisher, sem á sæti í tólf manna vaxtaráði seðlabankans, hefur þrýst á um vaxtahækkun svo koma megi í veg fyrir að verðbólga grafi um sig. **- msh**

BEN BERNANKE Seðlabankastjóri Bandaríkjanna telur ásamt fleirum að draga taki úr verðbólguþrýsingi. NORDICPHOTOS/AFP

Hagnaður Eyris 298 milljónir

Viðunandi árangur miðað við árferðið, segir Árni Oddur Þórðarson.

Eftir skatta nemur hagnaður fjárfestingarfélagsins Eyris Invest 298 milljónum króna á fyrri helmingi ársins. A sama tíma í fyrra nam hagnaðurinn 2,2 milljörðum króna. Fyrir skatta tapar félagið 1,4 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris, segir að miðað við erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum séu forsvarsmenn félagsins sáttir við að skila lítils háttar hagnaði á fyrri hluta ársins. Hann segir mest um vert að Eyrir hafi skilað góðri ávöxtun í fortíð og hafa þolinmæði og styrk til að grípa þau tækifæri sem kunni að myndast í náinni framtíð.

„Frá stofnun Eyris Invest á miðju ári 2000 hefur árleg hækkun á innra virði hlutafjár numið 39,8 prósentum að meðaltali til samanburðar við 6,0 prósenta neikvæða árlega meðalávöxtun heimsvísitölu MSCI," segir í tilkynningu.

Heildareignir Eyris í lok uppgjörstímans námu rúmum 58 milljörðum króna, en kjölfestueignir eru Marel Food Systems, Össur og iðnsamstæðan Stork í Hollandi. Afkoma þessara kjölfestueigna er sögð hafa verið góð fyrstu sex mánuði ársins og horfur í rekstrinum góðar.

Eigið fé Eyris er 18,2 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall 31,3 prósent. Í tilkynningu kemur fram að væri laust fé notað til endurgreiðslu skulda myndi eiginfjárhlutfallið reiknast fjörutíu prósent. **- óká**

ERIK KAMAN OG ÁRNI ODDUR Hér sjást Erik Kaman, fjármálastjóri Marels, og Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Eyris Invest. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Stofnfjáraukning sligar lántakendur

Uggur er í stofnfjáreigendum Sparisjóðs Svarfdæla vegna lána sem þeir tóku við stofnfjáraukningu. Eigið fé sparisjóðsins hefur rýrnað mikið.

FISKIDAGURINN MIKLI Á DALVÍK Fiskidagurinn mikli var að venju haldinn hátíðlegur á Dalvík fyrr í þessum mánuði. Í bæjarfélaginu er uggur í stofnfjáreigendum vegna lána sem þeir hafa tekið við aukningu stofnfjár. MYND/GUÐMUNDUR EINAR

„Mér finnst það eðlilegur hlutur að fólk hafi áhyggjur þegar staðan er eins og hún er á fjármálamörkuðum," segir Friðrik Friðriksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík.

Margir stofnfjáreigendur í Sparisjóði Svarfdæla eru uggandi vegna lána sem þeir tóku til að fjármagna stofnfjáraukningu sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins var átján milljónir króna, en ákveðið var að auka það um 500 milljónir til viðbótar. Stofnfjáreigendurnir eru um 150. Samkvæmt heimildum Markaðarins gekkst sjóðurinn sjálfur fyrir því að Saga Capital lánaði þeim stofnfjáreigendum sem á þurftu að halda fyrir aukningunni.

Flestir stofnfjáreigendur tóku þátt í aukningunni, en hún nam um 3,5 milljónum króna á mann. Flestir munu hafa fjármagnað aukninguna með lánum, en sum þeirra eru í erlendri mynt. Gengi krónunnar hefur lækkað umtalsvert frá áramótum og eru dæmi um að höfuðstóll svona láns sé kominn fast að fimm og hálfri milljón. Þessi þróun, ásamt rýrnandi eigin fé sparisjóðsins, valdi fólki miklum áhyggjum.

Friðrik staðfestir að menn hafi komið að máli við sig vegna þessa. „Fólk þarf hins vegar ekkert að óttast," segir hann.

Eigið fé Sparisjóðs Svarfdæla hefur rýrnað „óþægilega mikið," segir Friðrik. Eigið fé sjóðsins nam um tveimur og hálfum milljarði króna í fyrrasumar. Friðrik segir að staðan verði þó ekki birt fyrr en með hálfsársuppgjöri í næsta mánuði. Þetta skýrist að mestu leyti af slæmu gengi Exista, en þar fjárfesti sparisjóðurinn umtalsvert, í gegnum félagið Kistu. Einnig var fjárfest í öðrum félögum. „En ég legg áherslu á að það er engin hætta á ferðum enn sem komið er," segir Friðrik.

Samþykkt var í fyrrahaust að breyta sparisjóðnum í hlutafélag. „Við tökum annan snúning á því í september," segir Friðrik. Hann staðfestir að undirrituð hafi verið viljayfirlýsing við KEA um kaup á hlutafé í sparisjóðnum. „Hún er í fullu gildi. Þetta verða umtalsverðir fjármunir þegar þar að kemur."

ingimar@markadurinn.is

Vörumerki sameinuð

JÓN ÓMAR ERLINGSSON

„Hér er í raun aðeins um sameiningu vörumerkja að ræða og er hún síðasta stigið í sameiningu þessara fyrirtækja sem hófst fyrir tveimur árum," segir Jón Ómar Erlingsson, nýr framkvæmdastjóri Odda. Hinn 1. október sameinast Kassagerðin, Prentsmiðjan Gutenberg og Oddi undir vörumerki Odda. Fyrirtækin hafa öll verið í eigu Kvosar hf. síðan árið 2006.

Að sögn Jóns mun sameiningin ekki leiða til mikilla uppsagna. Stjórnunarstörfum fækki en sölustörfum fjölgi. Tilgangurinn sé að auðvelda markaðssetningu, en sameiginleg markaðshlutdeild fyrirtækjanna þriggja mun vera 35 til 40 prósent.

Þá segir Jón að fyrirtækið Prentun.com, sem einnig er í eigu Kvosar, muni á næstunni renna inn í Odda.

Prentsmiðjan Gutenberg er elsta prentsmiðja landsins með óslitna sögu frá 1904, en mun við breytinguna hverfa af markaði. Jón útilokar þó ekki að vörumerkin Gutenberg og Kassagerðin kunni að verða endurvakin síðar. Jón Ómar var áður framkvæmdastjóri Kassagerðarinnar. - msh

Verðbólgan eykur hagnaðinn hjá MP

STYRMIR ÞÓR BRAGASON

„Verðbólgan hefur jákvæð áhrif á okkur, þó ekki í sama mæli og hjá viðskiptabönkunum," segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP fjárfestingarbanka.

Bankinn skilaði ríflega einum og hálfum milljarði króna í hagnað á fyrri helmingi ársins. Það er ríflega þriðjungi meira en á sama tíma í fyrra. Hreinar vaxtatekjur bankans nema um helmingi hagnaðarins en þær næstum fjórfölduðust frá sama tíma í fyrra. Hagnaður á hvern hlut var 1,43 krónur á fyrri helmingi ársins samanborið við 1,04 krónur í fyrra.

„Við erum af þeirri stærð að við getum breytt um stefnu tiltölulega hratt," segir Styrmir og bætir því við að verðtryggðar eignir séu meira áberandi í eignasafni bankans en áður. Hann býst ekki við að breyting verði á. „Við sjáum áfram nokkurn verðbólguhraða."

Gengishagnaður af fjármálastarfsemi hjá bankanum jókst um rúm átta prósent og nam hátt í 700 milljónum króna á fyrri helmingi ársins.

Eiginfjárhlutfall MP fjárfestingarbanka er nú tæp þrjátíu prósent og hefur aukist lítillega frá áramótum. Þá hafa heildareignir bankans aukist um tæpan þriðjung á sama tíma og nema rúmlega 68 milljörðum króna.

Laust fé samkvæmt uppgjörinu nemur tæpum ellefu milljörðum króna. - ikh

3-6 GSM símar og heimasími

Með því að skrá símanúmer heimilisfólksins í **Núllið** þarf fjölskyldan ekki að borga krónu fyrir símtöl sín á milli innanlands. Hægt er að skrá allt að sex GSM númer notenda hjá Símanum og eitt heimanúmer. Skilyrði er að notendurnir hafi sama lögheimili. Eitt númeranna má vera fyrirtækjanúmer og hringir heimilisfólkið þá í það fyrir 0 kr.

Kostir Núllsins

- Enginn aukakostnaður og engar skuldbindingar fylgja því að vera í **Núllinu**.
- Heimilisfólkið skráir sig í þá áskriftarleið sem hentar best eða í Mitt Frelsi.
- Eitt fyrirtækjanúmer má skrá í **Núllið** og hringir fjölskyldan í það fyrir 0 kr.
- Mitt Frelsisnúmer getur hringt í öll hin númerin þótt inneignin sé búin.
- Með **Núllinu** spara allir á heimilinu.

Kynntu þér skilmálana og skráðu fjölskylduna í Núllið í dag í síma 800 7000 eða á siminn.is

Engin kreppa í flatskjáasölu

Sala á flatskjársjónvörpum í heiminum jókst um ellefu prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tíma í fyrra. Salan jókst langmest í Bandaríkjunum, þar sem flatskjáasala jókst um 28 prósent milli ára.

Ástæðan er ekki síst talin sú að verð á flatskjársjónvörpum hefur fallið mikið að undanförnu. Ódýrasta tegund 32 tommu flatskjársjónvarpa sem bandaríska raftækjakeðjan Best Buy selur kostar innan við 40.000 krónur. Þá benda athuganir til þess að neytendur hafi notað stóran hluta skattaendurgreiðslu þeirrar sem Bandaríkjaþing samþykkti fyrr í ár til að endurnýja raftæki heimilisins. - msh

Baugur vill einfalda reksturinn

Dregið verður úr kostnaði og vöruúrval minnkað í Woolworths-verslunum gangi áætlanir Baugs og Malcolms Walker eftir um að eignast keðjuna. Í umfjöllun The Times um málið um síðustu helgi er fullyrt að Baugur muni reyna að klára kaupin í vikunni en fyrsta tilboði Baugs og Walker í keðjuna var hafnað. Talið er líklegt að Woolworths verði tekið af markaði og að Malcom Walker verði gerður forstjóri gangi áætlanir Baugs eftir. Walker hefur starfað náið með Baugi og var fenginn til að blása nýju lífi í matvöruverslanakeðjuna Iceland sem er í eigu Baugs en Walker var stofnandi hennar. Talið er að Walker kjósi að einfalda rekstur Woolworths og muni hætta sölu á ýmsum vöruflokkum, til dæmis farsímum og fartölvum. Gunnar Sigurðsson, forstjóri Baugs, sagði í síðustu viku að Baugur væri að skoða málið en ekkert væri fast í hendi. Baugsmenn hafa lýst því yfir að þeir gætu auðveldlega rekið verslanakeðjuna mun betur en nú er gert. Woolwoorths rekur rúmlega 800 verslanir í Bretlandi. - ghh

WOOLWORTHS Nýverið kom fram kom í Times að Baugur myndi reyna að klára kaupin á Woolworths í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dregur úr verðfalli fasteigna

Fasteignaverð í tuttugu stærstu borgum Bandaríkjanna féll minna í júní en undanfarna mánuði. Verðfallið nam 0,5 prósentum, sem er mun minna en fyrr í ár.

Hagfræðingar telja margir að tölurnar bendi til þess að botninn sé í nánd á fasteignamörkuðum og kaupendur byrjaðir að taka við sér. Könnun Conference Board á væntingum neytenda sýnir einnig að þeim hefur fjölgað sem hyggjast kaupa íbúðarhúsnæði á næstu sex mánuðum.

Á móti hefur verið bent á að nærri fjörutíu prósent allra fasteignaviðskipta í júlí hafi verið nauðungarsölur og aldrei fleiri óseldar eignir á söluskrám. - msh

Kostirnir uppgjöf eða evra

Forstöðumaður Greiningar Glitnis segir ekki komist hjá „Íslandsálaginu“ nema með upptöku evru eða brottflutningi bankanna. Þeir fari þó líklega ekki við núverandi aðstæður.

„Annars vegar er hægt að stækka myntkerfið. Evran er þar líklega besti kosturinn, þótt það sé tímafrekt. Hin leiðin er uppgjöf við að byggja upp alþjóðlega fjármálastarfsemi hér á landi og að bankarnir finni sér þá annan bakhjarl en Seðlabanka Íslands með því að flytja höfuðstöðvar sínar af landi brott.“ Þetta segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis.

Hann ræðir í löngu máli um hlutverk og mikilvægi seðlabanka sem lánveitanda til þrautarvara í grein í Morgunkorni og veltir þar fyrir sér leiðum til að losa fjármálakerfið við svonefnt „Íslandsálag“ í erlendri fjármögnun.

Álagið skýrist meðal annars af vantrú erlendra aðila á getu Seðlabanka Íslands til að varðveita fjármálastöðugleika hér. „Þykir gjaldeyrisforðinn ekki nógu stór til þess að geta stutt bankana með tilliti til lausafjár í erlendum gjaldeyri en mest af skuldbindingum bankanna er í erlendri mynt.“

INGÓLFUR BENDER

Ingólfur nefnir einnig að áfall hjá banka með fjölþjóðlega starfsemi sé líklegt til að snerta fjármálakerfi margra landa.

Í því sambandi má minna á nýlega yfirtöku danska seðlabankans á Hróarskeldubanka, sem var rökstudd með því að verja þyrfti fjármálakerfið. Hróarskeldubanki er ekki stór.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans, hreyfði við því í grein í Markaðnum fyrir skömmu að bankarnir hlytu að fara úr landi, þar sem ekki væri pólitískur vilji fyrir því að Íslendingar gengju í Evrópusambandið og í framhaldi af því í myntbandalag Evrópu.

Stjórnendur bankanna þriggja sögðu við Markaðinn að ekki hefði verið rætt um að flytja starfsemi eða höfuðstöðvar úr landi.

Ingólfur Bender segir ólíklegt að bankarnir flytji úr landi við núverandi aðstæður. „Það gæti til dæmis haft neikvæð áhrif á lánskjör þeirra erlendis.“ ingimar@markadurinn.is

EVRUTÁKNIÐ VIÐ SEÐLABANKA EVRÓPU Við höfuðstöðvar Seðlabanka Evrópu í Frankfurt gnæfir risastórt evrumerki. Forstöðumaður Greiningar Glitnis segir evru nærtækasta við að stækka hér myntkerfið. Hinn kosturinn sé að gefa alþjóðlega fjármálastarfsemi upp á bátinn hér á landi. NORDICPHOTOS/AFP

ARNÓR OG DAVÍÐ SEÐLABANKASTJÓRI RÆÐA MÁLIN Aðalhagfræðingur Seðlabankans segir verðbólgutölurnar nokkurn veginn í samræmi við spár bankans þótt lokaniðurstaðan hafi reynst ívið hærri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verðbólgan er lituð af gengisfalli krónunnar

Verðbólga mælist nú 14,5 prósent og hefur ekki verið meiri í átján ár. Gengisveiking íslensku krónunnar skýrir hækkunina að mestu leyti auk þess sem húsnæðisliðurinn veldur fráviki.

„Þetta er nokkurn veginn í samræmi við það sem menn hafa gert ráð fyrir nú um nokkurt skeið þótt verðbólga sé meiri en reiknað var með á þriðja ársfjórðungi í spá okkar,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabankans. Spá bankans hljóðaði upp á 13,3 prósenta verðbólgu á fjórðungnum. „Þetta kom okkur ekkert sérstaklega á óvart.“

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,9 prósent frá í júlí og stendur verðbólga í 14,5 prósentum, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar. Til samanburðar mældist hún 13,6 prósent í síðasta mánuði. Hún hefur ekki verið meiri síðan í júní árið 1990.

Þetta er undir verðbólguspám greiningardeilda bankanna, sem sáu 14,7 til 14,8 prósenta verðbólgu í spilunum. Greiningardeildirnar sögðu í spám sínum verðbólguna komna í hæsta gildi og reiknuðu með að hún myndi lækka úr þessu. Það er í samræmi við spá Seðlabankans líkt og hún birtist í Peningamálum, ársfjórðungsriti bankans, í síðasta mánuði.

Verð á bensíni og olíu lækkaði talsvert á milli mánaða en verðhækkun á fötum og skóm í kjölfar útsöluloka vegur á móti. Þá hækkaði verð á mat og drykkjarvörum á sama tíma.

Greiningardeild Glitnis bendir á að hratt hafi dregið úr árshækkun allra eignaflokka á íbúðarhúsnæði en hún nam 3,3 til 4,7 prósentum í mánuðinum. Það sé mikil breyting frá áramótum þegar hækkunin nam allt að átján prósentum. Megi reikna með að frekar dragi úr eftir því sem líði á árið. Arnór segir hjöðnun húsnæðisverðbólgunnar hægari en gert hafi verið ráð þótt verðið hafi lækkað.

Gengisáhrifin koma mjög sterkt inn í verðbólgutölurnar enda krónan nokkuð lægri nú en spá Seðlabankans gerði ráð fyrir, að sögn Arnórs. Hann vildi þó ekkert segja til um hvort Seðlabankinn ætlaði að grípa til aðgerða, svo sem með aukningu gjaldeyrisvaraforðans til að styðja frekar við gengið og draga hraðar úr verðbólgu, eins og þrýst hafi verið á um. jonab@markadurinn.is

BREYTING MILLI MÁNAÐA*

Liðir	Breyting (í %)
Neysluvörur:	
Matur og drykkjavörur	+1,8
Föt og skór	+4,7
Bensín og olía	-3,9
Húsnæðisliðir:	
Efni til viðhalds húsnæði	+6,3
Kostn. v. húsnæðis	-0,3
Lækkun markaðsverðs	-0,11

* Hagstofa Íslands

VIÐBURÐUR Í ÍSLENSKRI BÓKMENNTASÖGU

Steinn Steinarr

DVALIÐ HJÁ DJÚPU VATNI

MYNDIR EFTIR ÞORVALD SKÚLASON

ÁÐUR ÓÚTGEFIN LJÓÐABÓK VÆNTANLEG Í HAUST

Dvalið hjá djúpu vatni, sem er frumgerð *Tímans og vatnsins*, kemur út í kringum aldarafmæli skáldsins í 1000 tölusettum eintökum. Einstakar myndir eftir Þorvald Skúlason myndlistarmann prýða verkið.

Tekið er við pöntunum í eintök 101–1000 á forlagid@forlagid.is eða í síma 575 5600.
Verð aðeins kr. 7.980.

Sérlega glæsileg og vönduð bók sem allir aðdáendur stórskáldsins ættu að tryggja sér.

1000 TÖLUSETT EINTÖK

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

SUZUKI

Way of Life!

Er gamla bílnum ekki treystandi í sumarferðina?

Við höfum lausnina:

Við borgum þér 250 þúsund fyrir gamla og lúna bílinn, ástand og tegund skiptir ekki máli, upp í kaupverð á notuðum Suzuki Grand Vitara.

Eigum fjölbreytt úrval á verði við allra hæfi. Bjóðum hagstæð lánakjör.

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll, sparneytinn og lipur, eyðslan er aðeins 9-11 lítrar á 100 km í blönduðum akstri.

Grand Vitara er líka fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

Endilega líttu við hjá okkur í Skeifunni 17 og skoðaðu úrvalið, og hver veit nema þú farir heim á nýjum bíl tilbúnum í ferðalagið.

SUZUKI SPARNEYTNI

TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Júlí 08

skoðun

greinar@frettabladid.is

Efling íþróttastarfs hefst á unga aldri.

Afreksfólk kostar silfur og gull

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Mikill fjöldi manns lét ekki súld aftra sér frá því að mæta í miðborgina í gær og hylla ólympíufarana. Afrek landsliðsins í handbolta var það sem trekkti helst að, svo og silfurverðlaunin. Þó má ekki gleyma öðrum afrekum. Það er til dæmis mjög góður árangur að setja Íslandsmet, þrátt fyrir að Íslandsmetin hafi ekki dugað til verðlaunasætis.

Eins og ríkisstjórnin staðfesti í fyrradag, þegar samþykkt var að veita Handknattleikssambandi Íslands fimmtíu milljónir króna, eru afrek eins og silfurverðlaun á Ólympíuleikum ekki ókeypis. Annars vegar kemur til að dýrt er að taka þátt í stórmótum. Hins vegar kostar það skildinginn að ala upp afreksfólk í íþróttum. Þegar íþróttafólk hefur sýnt hversu efnilegt það er á sínu sviði á það möguleika á styrkjum frá afreksmannasjóðum en það stendur upp á íþróttafélögin að koma sínu íþróttafólki í lið afreksmanna.

Á stundu sem þessari verða margir til að minna á þau gömlu sannindi að það að stunda íþróttir hafi forvarnagildi, að efnilegir íþróttamenn sem æfa mikið þurfa að vinna skipulegar í námi sínu, sem hefur áhrif á námsárangurinn. Börn og unglingar hafa því verið hvött til að stunda íþróttir og annað tómstundastarf eftir skóla.

Til að styðja við íþrótta- og tómstundastarf hafa nokkur sveitarfélög, líkt og stærsta sveitarfélagið í landinu, Reykjavíkurborg, stutt við slíkt æskulýðsstarf með frístundakortum.

Eins og fram hefur komið þarf borgin að endurskoða frístundakortin, því þrátt fyrir að þeim hafi verið vel tekið eru þau minnst notuð af þeim foreldrum sem mest þurfa á þeim að halda – þeim efnaminni.

Slík endurskoðun á vel heima með endurskoðun á frístundaheimilum borgarinnar. Nú er árlegt vandamál að ekki fæst nógu margt fólk til að manna frístundaheimilin fyrir börn í 1.-4. bekk og því þurfa foreldrar 1.700 barna að finna önnur úrræði þangað til nægt starfsfólk finnst. Tæplega helmingur barna á þessum aldri var í vistun í frístundaheimilum ÍTR síðasta vor. Foreldrar þeirra barna sem nýttu sér þetta úrræði segjast, í heildina séð, ánægðir með starfsemi frístundaheimilanna en það er tvennt sem dregur úr ánægjunni. Annars vegar er verð þjónustunnar og hins vegar sú aðstaða sem boðið er upp á fyrir frístundaheimilin. Hvort tveggja hlýtur að koma til endurskoðunar ef farið verður í heildarendurskoðun á starfsemi frístundaheimilanna.

Með því að endurskoða samhliða frístundaheimili og frístundakort, með því til dæmis að færa íþrótta- og tómstundastarf meira inn í skólana, væri hægt að efla starfsemina með því að víkka út aldursmörkin. Ef frístundastarf á að vera meira en „vistunarúrræði“ fyrir yngstu börn grunnskóla eru engin rök fyrir því í raun að frístundastarf ÍTR og skólanna sé takmarkað við 1. til 4. bekk. Gildi íþrótta og tómstundastarfs á alveg jafn mikið við á mið- og unglingastigi grunnskólanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Það er gaman að syngja í Þröstum.

Karlakórinn Þrestir geta bætt við sig söngmönnum, spennandi verkefni framundan, fjölskylduvænir æfingatímar og ókeypis söngkennsla fyrir nýliða.

Símar: Eyjólfur 863 2803,
Kristjan 840 0825 og Jakob 840 0551

FRÁ DEGI TIL DAGS

Viku síðar

Lítið er að marka stefnu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, eins og hún er sett fram á heimasíðu flokksins á vefslóðinni betriborg.is; þegar smellt er á hlekkinn „Stefna“ stendur: „Borgarfulltrúar F-listans og Sjálfstæðisflokksins munu eiga með sér meirihlutasamstarf í borgarstjórn Reykjavíkur til loka kjörtímabilsins,“ og fyrir neðan er málefnasamningur F-lista og Sjálfstæðisflokksins birtur í heild sinni. Kannski sjálfstæðismenn í Reykjavík ráði sér vefumsjónarmann sem fylgist með borgarmálum af aðeins meiri áhuga.

Sætasta stelpan í Ossetíu

Victor I. Tatarintsev, sendiherra Rússlands á Íslandi, velkist ekki í vafa um réttmæti aðgerða Rússa gegn Georgíu, eins og lesa mátti í Fréttablaðinu í gær. Tatarintsev líkti aðgerðunum við viðbrögð manns sem verður vitni að árás á fallega konu. „Þá kemur maður til bjargar. Það er réttlát barátta.“ Abkasía og Suður-Ossetía eru sem sagt sætustu stelpurnar á ballinu og þeim til gæfu að Rússar eru riddaralegir í hegðun.

Flugvöllurinn um kjurt

Íslenska landsliðið í handbolta kom til Íslands í gær eftir frægðarför til Kína. Vélin millilenti á Keflavíkurflugvelli, þar sem almennum flugfarþegum var sleppt út áður en hún hélt áfram, hringsólaði yfir höfuðborginni áður en hún lenti á Reykjavíkurflugvelli, hvaðan leikmönnunum var skutlað upp á Skólavörðuholt steinsnar frá. Má nú ætla að staðsetning Reykjavíkurflugvallar hafi sannað gildi sitt fyrir fullt og allt, enda hefði það svipt athöfnina allri reisn hefði landsliðið þurft að lenda á Hólmsheiði eða Löngu-skerjum og verið selflutt þaðan með rútu í miðbæinn.

bergsteinn@frettabladid.is

Olía, skattar og skyldur

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Skattamál

Sumir skjóta upp kryppu í hvert skipti sem skatta ber á góma. Þar á meðal eru bandarískir repúblikanar með Bush forseta fremstan í flokki (og bráðum John McCain, forsetaframbjóðanda, sem býðst til að halda áfram á sömu braut og Bush): þeir hafa beitt sér mjög fyrir skattalækkun, einkum handa auðmönnum. Afstaða þeirra lýsir vantrú á samtakamætti einstaklinga fyrir tilstilli almannavaldsins og skeytingarleysi um þá, sem höllum fæti standa og almannasjóðum er ætlað að hjálpa. Ekki hefur repúblikönum þó tekizt að hemja útgjöld ríkisins í hátt við dvínandi skatttekjur í stjórnartíð Bush, heldur hefur ríkissjóður verið rekinn með halla þar vestra þrátt fyrir góðæri.

Tölurnar segja sögu

Í forsetatíð Ronalds Reagan og George Bush eldri 1981-92 nam ríkishallinn vestra að jafnaði fjórum prósentum af landsframleiðslu, svo að skuldir ríkissjóðs jukust úr þriðjungi landsframleiðslunnar í tvo þriðju hluta. Clinton forseta og demókratastjórn hans tókst smám saman að snúa hallanum í afgang, sem nam röskum tveim prósentum af landsframleiðslu 2000. Þetta var gert með því að minnka ríkisútgjöld um þrjú prósent af landsframleiðslu og auka skattheimtu um annað eins. Bush yngri sneri dæminu við á nýjan leik eftir 2000 með því að láta auka ríkisútgjöld um tvö prósent af landsframleiðslu, að hálfu leyti vegna stríðsins í Írak og Afganistan, og færa skattheimtuna aftur í það horf, sem hún var í 1981-92 og einnig 1953-60, þegar Dwight Eisenhower var forseti og Bandaríkin voru skemmra á veg komin en þau eru nú. Repúblikanar virðast ekki sjá ástæðu til, að skattheimta sé meiri nú miðað við landsframleiðslu en hún var, áður en almannatryggingar og borgararéttindi voru leidd í lög í forsetatíð demókratans Lyndons Johnson 1963-68. Með þessari afstöðu afhjúpa repúblikanar andúð sína á almannatryggingum. Þeir líta margir einnig svo á, að ríkishallarekstur og skuldasöfnun skipti engu máli, Cheney varaforseti hefur að minnsta kosti fullyrt það, þótt gengi dollarans hafi haldið áfram að falla fyrir allra augum. Mikil skuldasöfnun kallar að leikslokum ævinlega á gengisfall, ekki síður í Bandaríkjunum en á Íslandi og annars staðar.

Ofnæmi fyrir sköttum

Megn andúð á sköttum tekur á sig ýmsar myndir. Repúblikanar og margir aðrir mega ekki heyra á það minnzt, að bensínnotkun Bandaríkjamanna sé hamin með hæfilegri skattlagningu eldsneytis líkt og tíðkast í Evrópu. Repúblikanar kjósa heldur lágt bensínverð við dæluna hvað sem það kostar. Afleiðingin er gríðarlegar olíuútflutningstekjur handa Sádi-Arabíu, Íran og öðrum einræðisríkjum í Austurlöndum nær, sem sitja um að fjármagna hryðjuverk gegn Bandaríkjunum og Evrópu.

Kaninn fjármagnar því sjálfur hryðjuverkin gegn landi sínu og virðist ekki sjá samhengið eða setja það fyrir sig. Fjármuni, sem gætu runnið í almannasjóði og staðið straum af heilbrigðistryggingum eða skárri skólum, kjósa þeir heldur að láta renna til olíuframleiðenda í Arabalöndum og annars staðar. Bush forseti hefur að vísu talað skynsamlega gegn „bensínfíkn“ Bandaríkjamanna, en hann skýtur samt upp kryppu, ef greiðasta leiðin að settu marki, evrópska skattlagningarleiðin, er nefnd til sögunnar. Repúblikanar kjósa heldur að bora eftir nýrri olíu í friðlöndum Alaska. Samt er ekki við þá eina að sakast. Demókratar í New York felldu nýlega tillögu Michaels Bloomberg borgarstjóra um að minnka kraðakið á Manhattan með umferðargjaldi áþekku því, sem hefur á nokkrum árum gerbreytt lífi borgarbúa í London til hins betra og gesta þeirra eftir vel útfærðri fyrirmynd frá Singapúr.

Skattlagning lágra tekna

Sjálfstæðisflokkurinn sækir ýmsar fyrirmyndir sínar til bandarískra repúblikana, þar á meðal hugsjónina um lægri skatta, einkum handa auðmönnum, þrátt fyrir góðæri, verðbólgu og stríð. Munurinn er þó sá, að frekar en að reka ríkisbúskapinn með halla eins og Bush hefur gert hafa fjármálaráðherrar Sjálfstæðisflokksins þjarmað að láglaunafólki með því að leyfa frítekjumarkinu að síga neðar og neðar að raungildi. Tekjuskattar og útsvör einstaklinga án fjármagnstekjuskatts hækkuðu úr 17 prósentum af tekjuskatts- og útsvarsstofni 1993 í 22 prósent 1998 og 25 prósent 2007. Fjármagnstekjuskattar héldust um eða innan við tíu prósent af fjármagnstekjuskattsstofni 1998-2007. Þessi slagsíða er ein helzta ástæða aukins ójafnaðar á Íslandi frá 1993. Aðförin var skipulögð vitandi vits. Ríkisstjórnin þarf nú að bregðast við auknum ójöfnuði í orði og verki.

Lýðræðisást valdastéttarinnar

UMRÆÐAN
Auður Lilja Erlingsdóttir skrifar um lýðræði

AUÐUR LILJA ERLINGSDÓTTIR

Hvar geymir hin íslenska valdastétt notendaleiðbeiningar og umsóknareyðublöð fyrir málfrelsi? Þarf ég annars ekki að sækja um leyfi til hennar áður en ég opna munninn? Svo virðist, ef marka má helstu foringja hennar. Þeir eru hneykslaðir og skilja ekki hvers vegna við höfum í tvígang mótmælt í og við ráðhús Reykjavíkur. Í þeirra huga var beinlínis ólýðræðislegt að mótmæla framferði borgarfulltrúa borgaraflokkanna, enda kosnir af almenningi.

„Lýðræði“ valdastéttarinnar felst nefnilega í því að kjósa einu sinni á fjögurra ára fresti og fylgja fundarsköpum, engu öðru. Það er ólýðræðislegt að vera ósammála því sem þessar kosningar leiða af sér – hvað þá að því megi andmæla og mótmæla. Við eigum öll að vera sammála því sem meirihlutinn í borginni eða á þingi gerir og segir. Þannig er lýðræði íslensku valdastéttarinnar – þar ræður meirihlutinn ekki bara eigin skoðunum heldur allra annarra, alltaf, án undantekninga. Og það á fjögurra ára fresti. Ekki amalegt það.

Svo er hitt lýðræðið líka til, þar sem fólk má mótmæla eins og því sýnist, jafnvel brjóta fundarsköp. Þar er ólíkum skoðunum jafnvel gert jafn hátt undir höfði í fjölmiðlum og líflegar rökræður eiga sér stað milli þeirra sem eru ósammála. Valdastéttinni þætti það að vísu ekki mjög lýðræðislegt því þá fengju minnihlutasjónarmið líka að koma fram í dagsljósið – jafnvel án þess að ritstjórar dagblaðanna réðust strax gegn þeim. Svo væri auðvitað kosið á fjögurra ára fresti – jafnvel oftar – en það kæmi ekki í staðinn fyrir að almenningur gæti látið skoðun sína í ljós þess á milli.

Á fimmtudag var boðað til sýningar í fáránleikhúsi Sjálfstæðisflokksins. Þá ákváðum við, sem höfum síðari skilninginn á lýðræði, að varpa ljósi á fáránleikann með táknrænum hætti fyrir utan ráðhúsið. Valdastéttin gargaði þá yfirlætislega: „Hverju er eiginlega verið að mótmæla?“ Svarið er augljóst þeim sem ekki deila lýðræðisskilningi sínum með íslensku valdastéttinni.

Höfundur er formaður Ungra vinstri grænna.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖTVÖRUR

Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

40% AFSLÁTTUR

KF LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
1198 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ÍSLANDSGRÍS SNITSEL Í RASPI
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.

20% AFSLÁTTUR

KS LAMBALÆRI FROSIÐ
879 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

KF REYKT FOLALDAKJÖT
382 kr./kg. MERKT VERÐ 637 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

ALI FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.

499

ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
499 kr./kg.

30% AFSLÁTTUR

Ali ferskar úrbeinaðar kótilettur
1399 kr./kg. MERKT VERÐ 1999 KR./KG.

30% AFSLÁTTUR

Ali ferskur úrbeinaður svínahnakki
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.

40% AFSLÁTTUR

Íslandsgrís ferskt grísahakk
528 kr./kg. MERKT VERÐ 879 KR./KG.

798

Nautaveislu ferskt nautahakk
798 kr./kg.

40% AFSLÁTTUR

Holta blandaðir kjúklingabitar
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.

98 129

Bónus brauð 1 kg 129 kr.
Bónus smyrill 300g 98 kr.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

Að útrýma fátækt eða friða samviskuna?

UMRÆÐAN
Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um þróunarhjálp

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Á bökkum Karlsárinnar í Boston stendur lítt áberandi minnismerki um fiskimanninn sem skyggnir hönd fyrir augu og horfir til hafs. Á stöplinum stendur skrifað eitthvað á þessa leið: Gefirðu manni einn fisk, getur hann satt hungur sitt þann daginn; en kennirðu honum að fiska, þá hefur hann lært að sjá sér og sínum farborða til frambúðar.

Þetta er það sem þróunaraðstoð á að snúast um: Að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft. Nú til dags er þetta kallað sjálfbær þróun. Leiðtogar ríku þjóðanna, sem eru fulltrúar u.þ.b. sjötta parts jarðarbúa, hafa ítrekað heitið því við drengskap sinn að veita 0,7% af þjóðarframleiðslu sinna ríku þjóða til þróunaraðstoðar við hinar fátæku. Þeir hafa svikið þessi loforð, allir með tölu – nema ríkisstjórnir jafnaðarmanna í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Hollandi.

Aðrir hafa látið sitja við orðin tóm. Við, Íslendingar, sem vorum um aldir meðal fátækustu þjóða heims, erum nú í hópi hinna ríkustu. Engu síður erum við langt frá því að standa við gefin loforð um aðstoð við fátæka. Seinasta ríkisstjórn og sú sem sem nú situr starfa hins vegar samkvæmt áætlun um að hækka hlutfallið smám saman á næstu árum, þangað til staðið verði við gefin loforð.

Það eru engan veginn allir á einu máli um ágæti þróunaraðstoðar. Sumir – einkum hreintrúarmenn af frjálshyggjukyni – ganga svo langt að segja að þróunaraðstoð sé ekki einasta gagnslaus, heldur beinlínis skaðleg. Það er satt að segja auðvelt að nefna dæmi um að þeir hafi á stundum nokkuð til síns máls.

Þjófar í þjóðhöfðingjastétt

Þótt Bandaríkjamenn hafi á eftirstríðsárunum verið ríkasta þjóð í heimi, hafa þeir venjulega vermt neðsta sætið á listanum yfir þróunaraðstoð ríku þjóðanna.

Á kaldastríðstímanum notuðu bæði Bandaríkjamenn og Rússar þróunaraðstoð til að kaupa sér völd og áhrif í þriðja heiminum og þar með innan stofnana Sameinuðu þjóðanna. Fyrir utan fjárhagsaðstoð til að halda spilltum valdhöfum við völd, var hjálpin aðallega í því fólgin að gefa harðstjórum hergögn til að hjálpa þeim við að kúga sínar eigin þjóðir.

Dæmi um „þróunarhjálp“ af þessu tagi eru legio. Meðal skjólstæðinga Bandaríkjamanna á þessum tíma má nefna helstu þjófa og bófa samtímans, þ.á m. Marcoshjónin á Filippseyjum (sem stálu jafnaðarlega um 18% af tekjum ríkissjóðs þar í landi); Mobuto, Kongóbófa (sem stal um þriðjungi af útflutningstekjum landsins árum saman); og Suharto, fjöldamorðingja í Indónesíu, sem er talinn hafa stolið hærri fjárhæðum en nokkur annar þjófur í þjóðhöfðingjastétt á seinni árum. Það eru vandfundin rök til að réttlæta þróunarhjálp af þessu tagi.

Annað sígilt dæmi um skaðlega þróunarhjálp eða um efnahagsaðstoð sem hefur þveröfug áhrif á við yfirlýstan tilgang, er þegar Bandaríkjamenn hafa „dumpað“ gríðarlegum umframbirgðum af korni, maís, sojabaunum, o.s.frv. á markaði þróunarlanda. Magnið er iðulega svo mikið að það hefur haft í för með sér verðfall á afurðum bænda í þróunarlöndum og komið fjölda þeirra á vonarvöl. Þetta er með öðrum orðum dæmi um niðurgreiðslur og styrki í atkvæðakaupaskyni til ríkra bænda á sléttum Ameríku, sem er síðan réttlætt að nafninu til sem þróunaraðstoð við fátæka.

Á seinustu áratugum hefur helstu stofnunum heimskapítalismans, Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, verið stjórnað af fólki sem fylgt hefur í blindni einfeldningslegum töfraformúlum frjálshyggjupostulanna í Washington D.C. Washingtonviskan hefur það verið kallað. Samkvæmt formúlunni urðu fátæk þróunarríki að einkavæða allt sem nöfnum tjáði að nefna og að opna lönd sín upp á gátt fyrir innflutningi og erlendu fjármagni. Þetta var skilyrði fyrir því að ríkisstjórnir þessara landa fengju lán til framkvæmda.

Afleiðingarnar hafa reynst skelfilegar. Innlend framleiðsla reyndist einatt ósamkeppnisfær við innflutning og lagðist því af. Afleiðingin varð sívaxandi viðskiptahalli og þar af leiðandi skuldasöfnun. Arðurinn af þjóðarauðlindum, þar sem þær voru nýttar, fluttist úr landi. Þannig hafa tugir hinna fátækustu þjóða heims sokkið í skuldafen sem þær komast ekki upp úr af eigin rammleik. Þjóðir Afríku sunnan Sahara eru skólabókardæmi um þetta. Þær hafa verið í gjörgæslu hjá frjálshyggjutrúboðunum í Washington sl. 30 ár. Á þessu tímabili hefur lífskjörum almennings hrakað jafnt og þétt. Forritið er vitlaust.

Sannleikurinn er sá að í samanburði við þann arð sem ríku þjóðirnar hafa af viðskiptum sínum við þróunarlöndin, er þróunaraðstoðin við fátæku þjóðirnar eins og hver önnur skiptimynd í samanburðinum.

Í skuldafangelsi heimskapítalismans

Opinber þróunaraðstoð allra ríkra þjóða við öll þróunarríki hefur að undanförnu numið milli 60 og 70 milljörðum Bandaríkjadala á ári. Þetta er sú upphæð sem einn frjálshyggjupostulinn hefur kallað „skattgreiðslur hinna efnaminni í ríku löndunum til hinna ríku í fátæku löndunum“. Þá er gengið út frá því að þróunaraðstoðin lendi að lokum í vösum spilltra stjórnmálamanna og embættisaðalsins á þeirra snærum í þróunarlöndum.

Af því tilefni má spyrja, hverjir bera ábyrgðina? Hverjir héldu spilltum valdhöfum við völd áratugum saman með pólitískum mútugreiðslum, í pólitísku eiginhagsmunaskyni? Hverjir eiga höfundarréttinn að þessu fjárhagslega spillingarkerfi? Var ekki tilgangurinn sá að gera þessa skjólstæðinga Vesturlanda háða húsbændum sínum? Það hljómar satt að segja ekki mjög trúverðuglega þegar þróunarhjálp er síðan gagnrýnd af þessum sömu aðilum á þeim forsendum að hún komist ekki til skila til almennings vegna spilltra valdhafa.

Það er hins vegar rétt athugað að skattbyrði hjá ríku þjóðunum hefur verið að færast frá hinum ríku til millistéttanna og hinna efnaminni, fyrir áhrif frá hægriöfgamönnum frá Reagan til Bush.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Það eru aðrir og stærri fjárstraumar en þessi opinbera þróunaraðstoð, sem ganga árlega milli hinna ríku þjóða og þróunarlandanna. Sem dæmi um það má nefna hagnað ríku þjóðanna af útflutningsverslun við þróunarríkin, þar sem viðskiptakjörin hafa löngum verið hinum ríku þjóðum í hag; annað dæmi er arður af fjárfestingum (ekki síst af verðmætum auðlindum þróunarlandanna, svo sem eins og af olíu og gasi eða ómissandi eðalmálmum), fyrir nú utan ríflega vexti af lánum til þessara þjóða sem flestar eru sokknar í skuldir.

Þegar þetta er allt skoðað í heild sinni kemur útkoman mörgum á óvart. Fjárstraumarnir frá þróunarlöndunum til ríku þjóðanna – frá suðri til norðurs – eru miklum mun meiri en þróunaraðstoð ríku þjóðanna við hina fátæku. Sannleikurinn er sá að í samanburði við þann arð sem ríku þjóðirnar hafa af viðskiptum sínum við þróunarlöndin, er þróunaraðstoðin við fátæku þjóðirnar eins og hver önnur skiptimynd í samanburðinum. Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að styrkir og niðurgreiðslur ríku þjóðanna eins og t.d. Bandaríkjanna, Evrópusambandsins og Íslands, við landbúnaðinn heima fyrir, eru taldir kosta þróunarlöndin um 850 milljarða bandaríkjadala á ári hverju í glötuðum viðskiptum. Þessi fórnarkostnaður hinna fátæku er meiri en tíföld þróunaraðstoð allra ríku þjóðanna á ári.

MARKAÐUR Á FÍLABEINSSTRÖNDINNI Dæmi um skaðlega þróunaraðstoð er að mati höfundar, þegar Bandaríkjamenn hafa sent umframbirgðir af korni og fleiru á markaði þróunarlanda, sem hefur haft í för með sér verðfall á afurðum bænda í þróunarlöndum og komið fjölda þeirra á vonarvöl. NORDICPHOTOS/AFP

Höfundur fór með málefni þróunarsamvinnu Íslands á árunum 1988-95.

FATASAUMUR getur verið einstaklega skemmtilegur og hentugur að stunda heima á kvöldin. Hjá Mími er hægt að læra réttu handtökin við fatahönnun, snið og saum. Nemendurnir þurfa ekki að hafa reynslu áður en komið er á námskeiðið en samt er æskilegt að þeir hafi fengist við fatasaum að einhverju leyti. Nánari upplýsingar um námskeiðin má nálgast á www.mimir.is.

;ALLT

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Stíllinn hennar Stefaníu Erlu er kvenlegur og er hún dugleg að blanda nýju og gömlu saman. Uppáhaldsskórnir hennar frá Kron passa við allt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skórnir skipta öllu máli

Stefanía Erla Óskarsdóttir er mikil skókona og er hún sérstaklega veik fyrir fallegum háum hælum. Hún leggur mikið upp úr því að eiga vandaða skó og finnst fátt skemmtilegra en að klæða sig upp.

Stefaníu Erlu Óskarsdóttur finnst gaman að klæða sig upp og fátt skemmtilegra en að ganga í kjólum og háum hælum. „Ég myndi segja að ég væri með frekar kvenlegan stíl og stundum er hann svolítið glamúr," útskýrir hún.

Stefanía er nemi í Verslunarskóla Íslands. Í skólanum reynir hún að ganga í þægilegum fatnaði, en passar þó alltaf að halda í sína kvenlegu hlið. „Ef ég geng í gallabuxum reyni ég að blanda þeim saman við háa hæla, sæta skyrtu eða topp. Mér finnst flottir skór alltaf geta fullkomnað dressið."

Stefanía segist eiga ansi mörg skópör en uppáhaldsskóna sína, frá Salvador Sapena, keypti hún í Kron. „Þeir eru mjög þægilegir og passa við allt."

klara@frettabladid.is

HEILSA

SÓLIN gefur líkamanum hluta af nauðsynlegum skammti af D-vítamíni en það er nauðsynlegt fyrir bein líkamans. Þegar birta fellur á húðina myndar hún D-vítamínið.

BAKLEIKFIMI Í VATNI

TAI CHI

10 vikna námskeið hefst 15 september
Kennt á mánudögum og miðvikudögum
í Safarmýraskóla Safamýri 5

Leiðbeinendur:
S. Hafdís Ólafsdóttir - Svanlaug Thorarensen
Skráning: s.: 861 59 58 - *hafdis@slf.is - svanlaugt@simnet.is*

Birkiaska
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

BETUSAN

Minnistöflur
Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

FOSFOSER
MEMORY
Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Berklarnir enn á Íslandi

Eflaust líta einhverjir svo á að berklar séu sjúkdómur sem tengist fortíðinni og að tekist hafi að útrýma þeim á Íslandi fyrir tugum ára. Svo er þó ekki og jafnvel eru ný afbrigði að koma upp úti í heimi.

Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir hjá Landlæknisembættinu, segir fjölda tilfella af berklum hér á landi nokkuð stöðugan á bilinu frá fimm til fimmtán á ári síðustu tíu ár. „Þessi sjúkdómur er enn þá til á Íslandi en þeir sem greinast eru oft gamalt fólk, nýbúar og fólk sem er að koma að utan eftir lengri dvöl."

„Berklar eru ekki bráðsmitandi þannig að venjulegir ferðamenn eiga ekki á hættu að smitast á ferðalögum sínum erlendis. Þeir sem eru í hættu eru fólk sem er lengi á þeim stöðum þar sem berklar eru algengir," segir Haraldur.

„Við höfum ekki möguleika á því að fylgjast með útlendingum sem sækja hér um dvalar- og atvinnuleyfi frá EES-löndum því það er frjálst flæði manna á milli þeirra," útskýrir Haraldur og segir að heilsugæslan þurfi því að vera vel á verði.

Haraldur segir það taka nokkurn tíma að uppræta berklana í smituðum en fólk hætti að vera smitandi mjög fljótt eftir að virk meðferð hefjist. „Fljótlega eftir meðferð hverfa bakteríurnar og fólk hættir að vera smitandi. Meðferðin tekur þó lengri tíma; frá sex mánuðum upp í níu."

„Svo er annað sem er svolítið mikið mál varðandi berklana. Víða um heim eru að koma upp fjölónæmir berklar sem lyf vinna ekki vel á. Þeir koma vegna þess að sjúklingar eru í meðferð í of stuttan tíma og þá geta vaxið fram ónæmir stofnar. Þeir hafa komist til Íslands og eitt tilfelli hefur greinst hér," upplýsir Haraldur en hann segir að það hafi verið í nóvember í fyrra í manni sem hafði búið í Litháen og hafði áður greinst með berkla þar í landi.

„Fjölónæmir berklar eru í sjálfu sér ekkert öðruvísi en venjulegir berklar nema það að meðferðarúrræðin eru takmarkaðri. Fjölónæmið þýðir að þeir eru ónæmir fyrir öllum hefðbundnum berklalyfjum," útskýrir Haraldur og heldur áfram: „Þá þarf að nota dýrari lyf og lyf sem hafa meiri aukaverkanir í för með sér til að lækna þá. Meðferðin er því mjög erfið fyrir sjúklinginn og dýr fyrir samfélagið."

martaf@frettabladid.is

Haraldur Briem segir frá fimm og upp í fimmtán tilfelli berkla hafa komið upp á Íslandi á ári síðustu tíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Námskeið hefjast 1. & 2. sept.

Elín Sigurðardóttir

Margrét Ýr

Friederike Berger

Í rope yoga ertu minnt(ur) á að þú ert:
- Fordæmi.
- Skapari örlaga þinna.
- Í þakklæti og velsæld
- Orka og sál, en ekki hugsanir þínar.

Í Rope Yoga ertu minnt(ur) á að þú getur:
- dafnað og stækkað.
- fengið, gert og verið gera, vera og eiga.
- Ef þú veist hvað þú vilt,

Þú leyfir framgöngu og velgengni og enginn annar.

Ásamt almennum námskeiðum fyrir byrjendur sem og lengra komna.
Þá er í boði mömmutímar og tímar fyrir eldri borgara.

Og nú í fyrsta skipti bjóðum við upp á námskeið fyrir íþróttafólk sem vill ná lengra þar sem við byggjum á humgyndafræði Rope Yoga ásamt kröftugum líkamsæfingum.

Einnig aðgangur að hitaklefum, lóðum, göngubretti & nuddstól. Hafnarfjarðarbær greiðir niður fyrir eldri borgara og unglinga, yngri en 16 ára. MS félagið greiðir niður fyrir MS félaga

Skráning í síma 696-4419 eða á elin@elin.is
Bæjarhraun 2 • Hafnarfirði • www.elin.is

Elín Sigurðardóttir
Ég er íþróttafræðingur að mennt og hef frá 9 ára aldri stundað sund og hef meðal annars keppt fyrir Ísland á tvennum Ólympíuleikum. Auk þess hef ég kennt Rope Yoga síðustu 11 ár bæði hérlendis og í Los Angeles, USA. Árið 2002 lærði ég Kripalu nudd í Lenox, USA

SOLARAY - HEIMSÞEKKT VÍTAMÍN & BÆTIEFNI!

Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

Útsölustaðir: *Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasill, Fjarðakaup Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan, Blómaval, Nóatún Hafnarfirði og Heilsuhornið Akureyri.*

heilsa
-hafðu það gott

TÓMATRAUÐUR verður áberandi í hausttískunni. Aðrir litir sem tískan kallar á eru haustlitir, himinbláir og jarðlitir. Nú er um að gera að finna flíkur í þessum litum.

;TÍSKA

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Svört sól á himni

Vetrartískan hefur nú fyllt verslanir. Í tískuhúsum jafnvel síðan fyrir sumarútsölur en á eftir útsölum í smærri verslunum. Kaupmenn reyna þó enn að selja það sem eftir er af sumartískunni, með góðum afslætti, meðan veður leyfir þar sem síðasta árstíð og útsölurnar stóðu ekki undir væntingum.

Veturinn sem í hönd fer verður verslunareigendum og tískuheiminum öllum erfiður vegna versnandi efnahagsástands og hætt við að lítið verði eftir í buddunni fyrir tískuvörum og öðrum óþarfa þegar búið er að kaupa skólavörur og klæða börnin fyrir veturinn. Reyndar má þegar sjá tilboð í búðunum sem er óþekkt á þessum árstíma.

Þessu er þó ekki eins farið í fínni tískuhúsum sem gera út á erlenda viðskiptavini sem sumir eru enn loðnir um lófana en ólíklegt er að það dugi til að bæta upp peningaleysi Evrópubúa og Bandaríkjamanna sem halda að sér höndum. Ekki hvetur gengi dollarans þá til að eyða fúlgum í frönskum tískuhúsum.

Oft er eins og tískan sé eilíf endurtekning, á sumrin er hún hvít, á veturna svört. Síðustu árin hafa þó orðið breytingar á þessu. Síðustu tvo vetur hefur hvítt verið áberandi í vetrartískunni. Fyrir komandi vetur er tískan ansi dökk en sterkum litum er blandað saman við. Til dæmis fyrir herrana, næturblátt eða -grænt, brúnt sem hér er kallað „marron glacé“, kaldgrátt og kóralbleikt. Í ódýru búðunum er það skærgult og gulrautt.

Í kventískunni er blöndun hins kven/karllega í anda Yves Saint Laurents heitins áberandi en hann hannaði smókinginn og kom þannig buxnadragtinni í kvenfataskápinn. Þetta má sjá með jökkum eða með herralegum vestum. Svo er það sem tískuskríbent FashionMag.fr, tískuvefjar hér í landi, Marion Perron, kallar „Norditude“ og kemur frá Norðurlöndum, meðal annars innblásið frá jarðarlitum Snæfellsness.

Hausttískan er því langt frá því að vera óspennandi fyrir þá sem geta fundið nokkrar aura í veskinu til að slá út fyrir nokkrum flíkum. Svo er alltaf hægt að grafa í fataskápum og finna það sem er toppurinn í dag enda tískan rómantísk í anda sjöunda og áttunda áratugarins.

Í stuttum pilsum með pífum

UNGSTIRNIN VILJA PILSIN STUTT.

Á hinni árlegu „Teen Choice Awards“-hátíð, þar sem ungstirni samtímans taka við verðlaunum fyrir leik- og söngsigra, var mikið um dýrðir, en hátíðin fór fram í byrjun mánaðarins.

Tískustraumarnir komu þar bersýnilega í ljós og virtust ungu stjörnurnar sérstaklega heitar fyrir stuttum pilsum og kjólum. Margir náðu einungis niður á mið læri en gjarnan mátti þó sjá pífur og púff niður undan faldinum.

Sumar stjörnurnar voru þó í ögn efnismeiri fötum og rataði leikkonan Olivia Wilde inn á lista Vogue.com yfir best klæddu konur síðustu viku en hún klæddist hvítum satínkjól. *- ve*

Katharine McPhee og Olivia Wilde voru flottar á hátíðinni.

Vefta tískuföt • Hólagarði & Mjódd
www. vefta.is

Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Líf, Jóna og Aníta Vestmannaeyjum, Ásdísar í GB. Spar, Þín verslun Kópavogi, Fjarðarkaup HFJ og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur.

Frábærar vörur pompea betra verð



Apótek, verslanir, Fjarðarkaup, Þín Verslun Spar
Dreifingaraðili: S. Gunnbjörnsson ehf.

ÚTSALA
ÁFRAM
OG NÝJAR
VÖRUR

Guðrún Tískuhús
Laugavegur 1, sími 561-5077

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

KÆLISKÁPALYKT getur stundum verið leiðinleg. Ráð til að koma í veg fyrir hana er að setja ílát með kaffi inn í ísskápinn og þá mun lyktin hverfa.

Hugmyndaflugið sparar

NÝTA MÁ ÓTRÚLEGUSTU HLUTI TIL GÓÐRA VERKA.

Á þessum síðustu og verstu tímum er um að gera að nýta þá hluti sem maður á til hins ýtrasta. Nú er málið að spara. Það er nefnilega ekki alltaf nauðsynlegt að rjúka út og kaupa nýtt. Með því að endurnýta eldri hluti má spara peninga, virkja hugmyndaflugið og einfalda lífið. Það minnkar líka allt dótið sem á það til að safnast fyrir á heimilinu.

Á heimasíðunum www.realsimple.com og www.home.aol.com eru margar góðar og skemmtilegar hugmyndir um hvernig hægt er að nýta gamla hluti á nýja vegu.

Hægt er til að mynda að nýta gömul linsubox undir lyf eða vítamín og er það hentug lausn á ferðalögum. Nú eiga margir ísskápa með innbyggðri klakavél og þá er tilvalið að nota gömlu klakabakkana undir ýmiss konar soð sem verður aflögu í matargerð. Hvort sem það er kjöt- eða grænmetissoð þá er afar hentugt að frysta það í litlum teningum og nota síðan í matseldina þegar hentar.

Bækurnar njóta sín vel þegar þær fá að þekja heilan vegg eins og hér.

Jóhann smíðaði þennan bókaskáp.

Sérsmíðar skápa og hillur

Töluvert er um að fólk láti sérsmíða húsgögn og innréttingar inn á heimili sín, en það þarf oft ekki að vera dýrari kostur en þegar keypt er út úr búð. Þá er líka öruggt að allt smellpassi í plássið sem er til staðar.

Jóhann Böðvar Skúlason smiður segir að það sé töluvert um að fólk láti sérsmíða inn á heimili sín, en hann hefur tekið að sér að sérsmíða hillur og baðherbergisinnréttingar í íbúðir og segir það lítið mál. „Ég hef smíðað bókahillur utan á heilu veggina og einnig sérsmíðað skápa inn á baðherbergi," segir Jóhann.

Efniskostnaður þó nokkuð mikill þegar fólk lætur sérsmíða innréttingar inn á heimilið að sögn Jóhanns. „Það er til dæmis ódýrara að kaupa bókahillur í Ikea, en ef fólk kaupir sér húsgögn eitthvað dýrara en þar, þá getur það borgað sig að láta sérsmíða," segir hann.

Að sögn Jóhanns geta allir smiðir sérsmíðað innréttingar inn í íbúðir og ekki er nauðsynlegt fyrir smiði að sérhæfa sig endilega í því. Sjálfur er Jóhann með sjálfstæðan atvinnurekstur og tekur að sér sérverkefni eins og innréttingauppsetningu, sérsmíði og aðra innréttingatengda vinnu.

klara@frettabladid.is

Jóhann Böðvar Skúlason smiður hefur tekið að sér að sérsmíða innréttingar fyrir fólk.
FRETTABLAÐIÐ/GVA

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Teg 2083

Teg 2106

Teg 2064

Zata 182 x 52 x 42

Cubio 162 x 52 x 42

Nýjar húsgagnasendingar

KOS

Monaco

Cubio 110 x 52 x 42

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
REYKJAVÍKURVEGI 66 HAFNARFIRÐI SÍMI 565 4100

Bleytuna burt

GÓÐAR MOTTUR ERU ÞARFAÞING FYRIR FRAMAN OG INNAN ÚTIDYRNAR ÞEGAR FER AÐ HAUSTA.

Í mikilli vætutíð vill bleytan berast inn með útiskóm og stígvélum og fátt er leiðinlegra en að stíga í poll á sokkunum. Ekki er gott að láta polla safnast fyrir inni á gólfi og í forstofum þar sem flísar eru getur beinlínis verið varasamt að láta bleytuna liggja en flísarnar geta orðið hálar.

Mottur sem safna í sig bleytunni er best að staðsetja rétt fyrir innan dyrnar og jafnvel líka fyrir utan ef dyraþrepið er í skjóli fyrir rigningunni. Veljið grófar mottur sem safna til sín mikilli vætu og óhreinindum svo síður berist inn. Skemmtilegt getur verið að velja mottu í hressandi lit eða með fallegu munstri þar sem mottan er oft það fyrsta sem gestirnir reka augun í.

- rat



GÓÐ RÁÐ
fyrir þig og umhverfið

Garðurinn – Endurvinnsla

Það sem áður var skilgreint sem úrgangur eða rusl er í dag hráefni eða auðlind fyrir aðra framleiðslu. Úrgangur og rusl er ekkert annað en auðlind á villigötum. Næstum allt er hægt að endurnota eða endurvinna. Lykillinn er að flokka úrgang rétt til að það sé mögulegt. Röng flokkun getur gert að verkum að ómögulegt sé að endurvinna úrgang á síðari stigum. Með endurvinnslu minnkar einnig þörfin á urðun, sem minnkar áhættu á jarðvegsmengun. Urðun er einnig dýr, en það endurspeglast ekki í verði vara þar sem það er innifalið í útsvari til sveitarfélaga.

Best af öllu er hins vegar að forðast að kaupa „rusl“. Hversu oft er ekki verið að kaupa umbúðir sem fara beint í ruslið þegar heim er komið. Helstu endurvinnsluflokkar eru skilgreindir af hverju sveitarfélagi fyrir sig og er þar stuðst við Fenúrflokkana. Mögulegir endurvinnsluflokkar á Reykjavíkursvæðinu eru mun fleiri en úti á landi. Það skýrist af því að endurvinnsla er beintengd hagkvæmni og ef hagkvæmni fæst ekki út úr flutningi á hráefni til endurvinnslu um langan veg er það látið vera. Sveitarfélög eru einnig misjafnlega í stakk búin til að taka við efni til endurvinnslu en stöðug framför er á þessu sviði.

Öll sveitarfélög taka þó við spilliefnum og langflest við flokkuðum pappír (dagblöðum, sléttum pappa og bylgjupappa), flöskum og skilagjaldskildum umbúðum (gosflöskum og áldósum), fernum, timbri, fatnaði, húsbúnaði, garðaúrgangi og lyfjum. Á höfuðborgarsvæðinu er víða er hægt að koma úrgangi frá sér í grenndargáma. Einnig í flestum sveitarfélögum. Þú getur kynnt þér hver tekur við hverju á Grænum síðum Náttúrunnar undir Endurvinnsla eða leitað til sorpstöðvar þíns sveitarfélags.

Meira um alla hluti í garðinum á: http://www.natturan.is/husid/1261/

Náttúran.is – vefur með umhverfisvitund

Glerkúplinum er hægt að hvolfa yfir hvaða vínglas sem er. MYND/ANTOINE BOOTZ

Betty Lou á borðið

Með haustinu, þegar birta fer að þverra á kvöldin, er þörf á hlýlegri lýsingu þegar gestum er boðið í mat.

Lampinn Betty Lou var kynntur á hönnunarsýningu í New York í maí síðastliðinn, af hönnunarfyrirtækinu Mmckenna. Betty Lou gefur hlýlega birtu við borðhaldið.

Lampinn er glerkúpull sem hægt er að hvolfa yfir hvaða vínglas sem er og engin snúra kemur nærri. Lampann knýr lítil lithíum rafhlaða sem er endurhlaðanleg en í botn vínglassins er sett linsa sem endurkastar ljósinu um glasið og stafar hlýlegum bjarma. Ljósið endist í sjö tíma í senn.

Hönnunar og framleiðslufyrirtækið Mmckenna hefur verið starfrækt í New York frá árinu 2002. Það sérhæfir sig í lýsingahönnun en stofnandi þess og aðal hönnuður, Mark McKenna lærði meðal annars hjá Ingo Maurer. Fyrirtækið leggur áherslu á að nýta nýjustu tækni en að útkoman verði elegant og gæsileg. *- rat*

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

Alveg milljón M-Benz ML350 03/06 ek 37 þ.km verð áður 6.3 nú aðeins 5.3 þú sparar milljón

TIL LEIGU eða sölu glæsilegt nýstandsett húsnæði. Leigist sem 340m2 tvær samliggjandi íbúðir eða sem 170m2 stakar íbúðir. Hentar fjölskyldum, vinnuflokkum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða sendiráði sem leita að stærra húsnæði um/yfir 200þús. Frábær staðsetning umkringt útivistarsvæðum og í göngufjarlægð frá skóla, verslunarmiðstöð og félagslífi. Sími 4962002. Nánari uppl: www.pulsinn.com/hus.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Free rent in September
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

Opnunartilboð
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

3ja herb. rúmgóð íbúð í Fiskakvísl til leigu frá 1. sept. Verð 130 þús. á mán. + 1 mán. í tryggingu. Uppl. í síma 892-2884

Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

Gott herbergi í 101. Sameiginlegt eldhús, bað, þv.vél og þurrkari. Þráðlaust internet. Laust 1. sept. Uppl. í s. 772-5422

2 herb. til leigu á besta stað í hlíðunum. Herb. eru með húsgögnum og er innifalið í leigunni hiti rafmagn, internet og st2. sameiginlegt bað, eldhúsaðstaða og þvottah. með þvottavél og þurrkara. V. 50.þús. per herb. aðeins leigt reyklausu kvk. uppl. í s. 865 5027.

75 fm fullbúin íbúð f. einstakling eða par til 1. jan. Verð aðeins 100 þ. af sérstökum ástæðum. í 108 Rvk. S. 892 0844.

4 herb. íbúð til leigu í Hfj. Laus strax. Uppl. í S. 861 6789.

3 herb 85m2 íbúð í hjarta Vesturbæjarins v/Neshaga. 130þús/mán - langtímaleiga. Stutt í skóla og alla þjónustu. 698 5199.

Herb. til leigu í Ásbúð 210 Garðabær. Uppl. í s. 864 5389.

14 fm. herbergi,sameiginlegt eldhús, búr, þvottahús, baðherbergi með baði og sturtu, stofa og arinstofa. Möguleiki á að leigja 2 svona herbergi, slæsileg staðsetning í hverfi 112. Reykleysi skilyrði. Laust strax. Sími 845 7774.

Til leigu 2 herb., 69 fm. íbúð vestast í Vesturbænum. Íbúðin leigist með einhverjum húsgögnum ef óskað er. Upplýsingar í síma 581 3040.

Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir frá 1. Sept. Sjá heimasíðu Heimkynna ehf. www.heimkynni.is

Til leigu mjög stórt og gott herb. með aðgang að eldhúsi, sjónvarpi og nettengingu. Reyklaus og reglusemi áskilin. Uppl í s. 867 5090.

Herb. á 105 m. húsg. net m. að. g. að öllu. Leiga 50. + 50. í tryggingu. Reykl. íbúð og reglusemi. Room to let in 105. Fully furnished, internet access to everything. Rent is 50. + insurance 50. Sími/tel 821 6929

3ja herb. 60 fm. jarðh. í einbýli, Seljahverfi 109 Reykjavík. Laus strax. Reglusemi áskilin. Uppl. í S. 664 8363

2 herb 80 fm íbúð til leigu. Íbúðin er öll björt og rúmgóð. Verð 110 þús á mán innifalið hiti+rafmagn Upplýsingar: 694-2526

105 - Hlíðar
Til leigu rúmgóð herbergi á góðum og rólegum stað í bænum. Stutt í allar áttir, nálægt perlunni. Uppl. í s. 863 3328 & 846 0408.

2 herb. íbúð v. Skólavöruholt. m. húsgögnum. V. 150 þús. á mán. innifalið rafm. & hiti. Tryggingavíxill skilyrði. Laus í byrjun sept. uppl. í s: 6937406.

Til leigu 350 m2 einbýlishús í Kóp. leiga 250 þ. mán, eitthvað af húsg. getur fylgt, laust strax. uppl. s 860 8810

4. herb. íbúð í Brh. til leigu. Uppl. í s. 697 6724.

Vesturbær- falleg og nýuppgerð 3ja herbergja íbúð á 2 hæð á Kaplaskjólsvegi til leigu frá 5 sept. 130 þús. kr á mán. trygging og reyklausir leigjendur. Uppl. í 899 6962.

3 bedroom appartment convienently located in 104 area rental agreement is 3 months at a time. 165.000 kr. per. month. Call 821 4820 & 824 0208.

3ja herb. íbúð til leigu á svæði 104 rvk. Leigist 3 mán. í senn. V. 165 þús. á mán. S. 821 4820 & 824 0208.

5 herb. íbúð í Skipholti, laus 6. sept. Uppl. í s. 841 9103.

Til leigu 95 fm 3 herbergja skemmtileg íbúð í Bryggjuhverfinu. Íbúðin er með stórum palli og bílskýli. Verð kr. 150.000,- á mánuði. Áhugasamir sendi póst á kk3@3sagas.com.

250 fm. iðnaðarhúsnæði til leigu, staðsett miðsvæðis í Reykjavík. Mjög gott leiguverð 970 kr/fm (enginn vsk). Laust strax eða eftir samkomulagi. Uppl. í síma 858 5810.

3ja herb. íbúð í Gerðunum 108. Laus til 20.maí. Hentar vel skólafólki. Leiga:120þús. s:8485838

Til leigu í 101, 80fm, 3hr íbúð á Fjólugötu. 129þ + hiti&rafmagn Uppl. í 8470463

3ja herb. íbúð til leigu. Minnst 2 ár. 130 þús. á mán. með hússjóð. S. 840 0436.

119 fm., íbúð í áslandi í hfj til leigu frá 1.sept. Verð 140 þ. m. hússjóði. Uppl. í s. 663 4736.

Studio
Við Lokastíg 101 Reykjavík langtíma leiga kr 90.000. langtímaleiga þíðir 12 mánuður og lengra 2 mánuðir fyrirfram sem kr 180.000. sími 861 4142 kl 8.oo til 14.oo en ekki á öðrum tímum

2 pokojowe mieszkanie na 111 Reykjavik, Gyðufell. Nowe szafy. Pralka suszarka lodowka. Duza piwnica. 120.000 wynajem w tym prad ogrzewanie i fundusz remontowy. Dlugoterminowo. Tel. 615 1074 Hinrik. po polsku 867 4877.

Húsnæði óskast

4-5herb húsnæði í 203 kóp þing eða hvörf óskast í langtímaleigu fyrir 5manna fjölskyldu. uppl.899-0403

Óska eftir einstaklingsíbúð/studio á höfuðborgarsv. til langtímaleigu. Er 100% reglusamur. Leiga ca. kr. 60.000.- á mánudi. Meðmæli ef óskað er. gsm 694 5667.

Óska eftir 2 herbergja eða stúdío íbúð á höfuðborgasvæðinu. Skilvísum greiðslum heitið. S. 896 8568.

Óska eftir 2-3 herb. íbúð, helst á Seltjarnarnesi, reyklaus. S. 893 7576.

5 manna fjölskylda óskar eftir einbýli, rað- eða parhúsi til leigu sem fyrst. Uppl. í s. 843 9777 & 481 3602.

26 ára karlmaður óskar eftir að leigja íbúð miðsvæðis í Rvk á viðráðanlegu verði. Er handlaginn ef íbúð þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 867 0927.

Sumarbústaðir

Til leigu ca. 130 fm. sumarhús rétt við Munaðarnes. 4 svefnherbergi, heitur pottur og kamína. V. 60 þ. pr. viku. uppl. 898 8738 eða apr@simnet.is

Atvinnuhúsnæði

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. 80, 90, 180, 270 ferm. 4 og 7 m lofthæð. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 660 1060 & 822 4200.

Til leigu rúmlega 11m2 skrifstofuhúsnæði með aðgangi að eldhúsi, snyrtingu og setustofu á 3 hæð í Mjódd. Upplýsingar frá kl. 9-14 virka daga í síma 587 7171.

Lager/geymsluhúsnæði 40 fm. til leigu á góðum stað, ekki innkeyrsluhurð. Sími 845 7774.

100 fm skrifstofuhúsnæði við Síðumúla til leigu. Gott húsnæði. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com
Geymslur frá 5990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

HÚSVAGNAGEYMSLA
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

Til leigu 125 fm. geymsluhúsnæði í vesturbæ rvk. S. 899 6341.

ATVINNA

Atvinna í boði

Employment agency seeks:
Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.
- Proventus - Call Margrét 699 1060

Aktu Taktu
Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á: www.umsokn.foodco.is

Óskum eftir fólki í kvöld-og helgarvinnu. We need staff during the weekend. Contact 844 7589, Loftur, eða á arnar@cafeoliver.is

Vegamót
Vegamót óskar eftir þjónustufólki í sal, í fullt starf eða hlutastarf. Reynsla æskileg en ekki nauðsynleg. Einnig vantar barþjóna um helgar.
Upplýsingar á staðnum eða á vegamot@vegamot.is

Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

Veitingahúsið - Lauga-ás.
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Íslenskukunnátta skilyrði.
Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.

Okkur vantar sölumann/konu til starfa sem er duglegur, drífandi og hefur frumkvæði.
Starfið felur í sér sölu, afgreiðslu og önnur tilfallandi störf. Vinnutími er frá 10.00-18:00 alla virka daga og 11:00-16:00 annan hvern Laugardag. Viðkomandi þarf að hafa lágmarks kunnáttu á tölvu, jákvætt viðmót og góða þjónustulund. Einnig er æskilegt að umsækendur hafi náð 25 ára aldri.
Vinsamlegast sendið umsóknir á rumgott@rumgott.is

Skalli Hraunbæ
Vantar hressan og duglegan starfskraft eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi í vetur.
Uppl. í s. 567 2880 alla virka daga til kl. 17.

Gullnesti Grafavogi
Auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf.
Upplýsingar í síma 699 4100
Jón Þór.

Atvinna Atvinna
Óskum eftir deildarstjórum í nýja verslun okkar á Korputorgi.
Upplýsingar gefur Eyþór í síma 820-8001
Rúmfatalagerinn Korputorgi

Red Chili
Óskum eftir starfsfólki í sal í fulla vinnu. Líflegur og skemmtilegur vinnustaður. Einnig lausar stöður í kvöld og helgarvinnu.
Uppl. í síma 842 2800 og á redchili@redchili.is eða á staðnum milli kl. 14 og 17.

Vélavörður
Vélavörð vantar á beitningarvélabát á Vestfjörðum.
Upplýsingar gefur skipstjóri í síma 861 7655 & 842 2886.

Vaktstjóri á Pizza Hut
Erum að leita að vaktstjóra á Pizza Hut. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Reynsla af þjónustu og stjórnun, þjónustulund, samviskusemi, og hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is Allar nánari upplýsingar veitir Leó veitingastjóri á Nordica í síma 865-9691.

22 óskar eftir starfsfólki. Vaktstjórum, pizzubökurum, starfsfólki í sal og á bar. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsókn með mynd sendist á elmar@icarus.is

Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut
Starfsmaður í símaver rúml. 100% starf. Hæfniskröfur - 18 ára og eldra, stundvísi, hæfni í mannlegum samskiptum. - aðeins umsækjendur sem hafa íslensku sem móðurmál koma til greina umsoknir á: umsokn.foodco.is

Veislulist Skútan
Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf.
Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.

Kvöld og helgarvinna

Upplagt fyrir skólafólk
Hlöllabátar Þórðarhöfða óska eftir duglegu og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Mikið að gera. Íslenskukunnátta skilyrði. Only icelandic speaking.
Hlöllabátar Þórðarhöfða. S. 892 9846.

Óskar eftir að ráða hársnyrtinema sem lokið hefur 1-2 bekk. Umsóknir berist á unique@unique.is Uppl. í s. 822 8225.

Sveinsbakarí Breiðhocie
Zatrudni piekarza na nocna zmiane. Ang. Wymagany.
Tel. 893 7370.

Bakari óskast til starfa
Í bakarí í Breiðholti.
Upplýsingar í síma 893 7370.

Lagerstjóri og starfsmenn í útkeyslu
1)Leitum að metnaðarfullum og harðduglegum einstaklingi í framtíðarstarf lagerstjóra Betra Bak. Starfið er krefjandi og skemmtilegt. Viðkomandi þarf að vera skiplulagður, agaður og vera góður í mannlegum samskiptum.

2)Leitum einnig að duglegu fólki í útkeyrslu. Viðkomandi þarf einnig að vera með góða þjónustulund, stundvís og skipulagður. Upplýsingar um starfið veita Egill 820-6010 egill@betrabak.is og Elmar 820-6001 elmar@betrabak.is

Dælumenn
Starfsmenn óskast á steypudælur sem fyrst. Reynsla af stjórnun steypudælu er kostur en ekki skilyrði.
Umsóknir berist á netfangið atvinna@evborg.is
Einingaverksmiðjan Borg ehf

Fjarðarbakarí Hafnarfirði
Óskar eftir starfsmönnum í verslun nú þegar. Starfslýsing: Afgreiðsla og skráning pantana. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, stundvís og snyrtilegur.
Umsóknir sendist á fjardarbakari@fjardarbakari.is eða í síma 898 0445, Sjöfn.

Veitingahús Nings - Framtíðarstarf
Veitingahús Nings óska eftir vakstjóra og öðru starfsfólki í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, 18 ára eða eldri og íslenskumælandi.
Endilega hafið samband í síma 822 8835 eða www.nings.is

Atvinna

Vélstjóri
Vélstjóri óskast á MB Fossá ÞH-362
Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 894 2608.

H-GÆÐALÍNA LSE SYSTEM
Starfsmaður óskast!
H-gæðalína ehf. óskar að ráða duglegan og ábyrgan verkamann í vel launað framtíðarstarf. Nánari upplýsingar í síma: 555-0077. Umsóknir sendist á victor@hgl.is
www.hgl.is

FERSKAR KJÖTVÖRUR
Kjötskurðarmenn
Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða Kjötiðnaðarmenn eða menn vana kjötskurði til starfa við kjötskurð í kjötvinnslu fyrirtækisins hér í Reykjavík um afkastakvetjandi kerfi er að ræða.

Umsóknarfrestur er til 1. sept n.k.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588-7580 eða 660-6320 frá kl. 12:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess
www.ferskar.is.
FERSKAR KJÖTVÖRUR

HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfsfólki til starfa. Vinnutími er frá kl 13-18.30. uppl: Helga 699-5423.

SANTA MARÍA LAUGAVEGI 22A -VANTAR STRAX DUGLEGT FÓLK Í ELDHÚS. UPPL. S: 866-7629!

Kaffi Sólon
óskar eftir að ráða fólk í þjónustu, dyravörslu og á bar. Kvöld og helgarvinna í boði. Upplagt fyrir skólafólk, reynsla æskileg en ekki skilyrði. Frekari upplýsingar á Kaffi Sólon frá kl 14-18, eða sendið fyrirspurn á solon@solon.is

Óska eftir smið og mönnum vönum alhliða húsaviðhaldi. íslenskukunnátta skilyrði. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 616 1569.

Starfsfólk óskast í fiskvinnslu í Grindavík, handflökun á ýsu og fleira. Uppl. í s. 897 6302.

Sandholt Laugavegi og Hverafold
Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. sem fyrst. Uppl. í s. 897 0350 Stefán.

Vantar hrausta og klára menn í ca. 2 mánuði við hellulagnir og verkefnum því tengt. Einar 864-8100

Óska eftir bókara sem hefur unnið með DK forriti í 50% starf. Þarf að geta sinnt öðrum tilfallandi störfum og þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir með uppl. um aldur og fyrri störf ofl. sendist á diving@diving.is

JÁVERK ehf óskar eftir að ráða sendil, tvítugan eða eldri í fjölbreytt starf. Þarf að vera heiðarlegur, stundvís og hafa þekkingu á byggingavörum. Stór kostur ef viðkomandi er með lyftaraþróf. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. gefur Fríða í s: 4801710.

Óskum eftir hressum starfsmanni í uppsetingar og þjónustu á bílskúrs og iðnaðarhurðum. Umsóknir sendist á hurdir@hurdir.is

Frystihús í Hafnarfirði. Óskum eftir vönum starfskrafti til vinnu á flökunarvélum. Lyftararéttindi æskileg. Uppls hjá verkstjóra í sima 565-0516. á milli 9.00 og 14.00

Bakarí
Starfskraftur óskast í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl. 10-18 & 06-13 Möguleiki á helgarvinnu. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum fyrir hádegi. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

Vaktavinna-Egilsstaðir
Vantar starfsfólk til afgreiðslustarfa, í vaktavinnu. Grill og sjoppa - Uppl. í s. 861 7756. Bensínsstöð, S. 864 6680.

Grillhúsið
Óskar eftir vaktstjóra í fullt starf og einnig þjóna í hlutastarf. íslenskukunnátta skilyrði. Vinsamlegast hafið samband við Lindu í s. 697 6797 eða 562 3456.

Verslunin Tiger
Starfsfólk óskast í verslanir okkar á höfuðborgasvæðinu. Skemmtilegt starf með góða möguleika. Uppl. í síma 660 8211 tiger.sandra@simnet.is

BANTHAI Óskum eftir duglegt fólk í kvöld og helgarvinnu í uppvask og sal byrjað strax 8963536

American Style Hafnafirði og Tryggvagötu, fullt starf
Fólki líður vel í vinnu hjá okkur! Í boði er vaktavinna, unnið er aðra hverja helgi. Á tímum kreppunnar er þetta öruggur vinnustaður, samkeppnishæf laun, skemmtilegt fólk. Góð íslenskukunnátta áskilin. Umsóknir á: umsokn.foodco.is

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

Getum bætt við okkur verkefnum í okt. Vanir mótauppslætti. Áhugasamir hafi samb. í s. 820 3265 Grandverk ehf.

Smiði vantar vinnu. Vinnum með gifs, parket og fleira. Uppl. í s. 847 0638.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Mjása mín er týnd, tapaðist við fellahverfi, ef einhver hefur séð hana eða veit hvar hún er vinasamlegast látið vita í síma 695-4850 - 697-9798 fundarlaun í boði!!!

Tilkynningar

Ert þú safnari? Viltu taka þátt í safnaramarkaði?
Safnaramarkaður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, laugardaginn 6. september kl. 13 - 16. Söluborð kosta 2000 kr.
Upplýsingar og skráning í síma 575 7700 eða á netfangið gerduberg@reykjavik.is

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Spjall
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
Gay spjall
535-9988 (kreditkort)
Sögur
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
Spjalldómur
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símaþjónusta Spjalldómur

S. 908 6666 opið allan sólarhringinn.

Til sölu

SKRIFSTOFUHERBERGI – KÓPAVOGUR

ÓSKA EFTIR AÐ TAKA Á LEIGU SKRIFSTOFUHERBERI, 25 TIL 35 FERMETRA, Í KÓPAVOGI Í LINDA EÐA SMÁRAHVERFI. MIÐBÆR GARÐABÆJAR KEMUR EINNIG TIL GREINA. UPPLÝSINGAR Í SÍMA 564-1125.

Íbúð til leigu

Björt og snyrtileg 2ja herb. íbúð í tvíbýli á góðum stað í vesturbænum til leigu. Hentar vel fyrir einstakling, par eða par m/ungt barn. Leigist með húsgögnum og húsbúnaði.
Nánari upplýsingar í síma: 897-0120

Tilkynningar

Skipulags stofnun

Mat á umhverfisáhrifum
- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Lagning tengibrautarinnar Óðinsness, milli Baldursness og Krossaness, Akureyri.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **29. september 2008.**

Skipulagsstofnun

Sveitarfélagið ÁRBORG

Auglýsing
um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi íþrótta- og útivistarsvæðis á Selfossi.
Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi íþrótta- og útivistarsvæðis á Selfossi.
Deiliskipulagssvæðið að undanskildu Gesthúsasvæði afmarkast móti austri af Grundarhverfi, í suðri af Langholti, lóð Fjölbrautarskóla Suðurlands í vestri og Engjavegi í norðri.

Helstu breytingar frá núgildandi deiliskipulagi eru.
- Í stað núverandi keppnisíþróttavallar (10.000 m2) verða gerðir tveir vellir, einn fyrir knattspyrnu (9.500 m2) og annar fyrir frjálsar íþróttir (15.500 m2).
- Byggingareitur íþróttahúss við Langholt fellur út og í hans stað kemur nýr byggingareitur fyrir fjölnota íþróttahús þar sem núverandi grasæfingavellir (15.500 m2) eru sunnan við gervigrasvöll.
- Byggingareitur milli gervigrasvallar og núverandi keppnisvallar fellur út og færist austur fyrir völlinn.
- Byggingareitur við Engjaveg breytist og stækkar.
- Bílastæði og aðkoma frá Langholti breytist. Fjölgun bílastæða meðfram Langholti.
- Hóllinn "Fjallið eina" færist til um 30 m og fær nýja lögun, áhorfenda- og sleðabrekkur haldast.
- Fyrir sunnan "Fjallið eina" er gert ráð fyrir reiðhjólabraut í torfæru handa krökkum.
- Göngu og hjólastígum er hnikað til vegna aðlögunar að svæðum. Gert er ráð fyrir nýjum göngustíg milli knattspyrnuvallar og Gesthúsa.
- Æfingarsvæði kastgreina í frjálsum íþróttum færist og breytist.
- Brennusvæði sunnan við Gesthús færist norður um 30 m og umhverfið aðlagað að stæðinu.

Teikning og greinargerð mun liggja frammi í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 á Selfossi á auglýstum afgreiðslutíma, frá og með 28. ágúst til og með 25. september 2008.
Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna, frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þann 9. október 2008 og skal þeim skilað skriflega til skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 2, 800 Selfossi.
Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.
Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.

Selfossi, 26. ágúst 2008.
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

Atvinna

BAUHAUS®

BÝÐUR ÞÉR Á KYNNINGU!

Bauhaus býður þig velkominn/velkomna á kynningu á neðangreindum störfum.

- Söluráðgjafar
- Starfsfólk í afgreiðslu og þjónustu

Þeir sem hafa áhuga á ofantöldum störfum og vilja kynna sér þau betur eru velkomnir. Kynningin fer fram í Setrinu á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 28. ágúst kl. 20.00. Boðið verður upp á léttar veitingar og fyrirspurnum svarað.

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu Hagvangs, www.hagvangur.is. Einnig getur þú kynnt þér Bauhaus á Íslandi á vefsíðunni www.bauhaus-store.is.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum svarað.

Nánari upplýsingar veita:
Ari Eyberg, ari@hagvangur.is
Björn H. Reynisson, bjorn@hagvangur.is
Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til 8. september nk.

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Atvinna

SMIÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

Sumarstarfsfólk óskast
á Kirkjubæjarklaustur

Óskum eftir að ráða starfsfólk í aðhlynningu og einnig óskast aðstoð í eldhús við hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhóla. Í boði er frítt fæði og húsnæði (herbergi).

Upplýsingar veitir Margrét hjúkrunarforstjóri í síma 487-4870 og 894-4985

VANTAR ÞIG
SMIÐI, MÚRARA, JÁRNABINDINGAMENN, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá fólk sem óskar eftir mikilli vinnu.
Getur hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000

SPENNANDI VIÐSKIPTATÆKIFÆRI!

Til sölu aðstaða undir veitingarekstur á Stjörnutorgi Kringlunnar. 16 m2. Hagstætt verð: 2,5 m.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma: 898-7924

Fasteignir

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Lónsbraut –Hafnarfirði

75,6 fm iðnaðarbil ásamt 25,2 fm millilofti við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Stór innkeyrsluhurð og lofthæð um 5,0-5,4 metrar. Hitablásari í sal. Malbikað bílaplan. Laust til afhendingar strax.

Verð 16,9 millj.

HÚSIÐ FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

Til sölu vel rekið fyrirtæki sem selur og leigir fatnað

Frum

Brúðarkjólaleiga

Brúðakjólar – Herrafatnaður

- ✔ Smoking – Sjakket – Kjólföt - Jakkaföt
- ✔ Samkvæmiskjólar
- ✔ Brúðasveinaföt og brúðameyjakjólar
- ✔ Skart
- ✔ Skór
- ✔ Undirföt

Seljendur eru til í að skoða ýmis skipti og greiðslumöguleika
Áhugasamir hafið samband við Ingvald
í síma 821 2577 eða sendi tölvupóst á ingvaldur@husid.is

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • S. 588 9090 • fax 588 9095
www.eignamidlun.is • eignamidlun@eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Reynimelur 26
- stórglæsileg sérhæð

Stórglæsileg 165,7 fm efri sérhæð auk 24,9 fm bílskúrs, samtals 190,6 fm. Þar að auki er óskráð rými í risi. Hæðin skiptist í forstofu, stórt hol, fjögur svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús og baðherbergi. Í risi er sjónvarps- og leikherbergi og í kjallara eru geymslur og þvottahús. Bílskúrinn er með hita og rafmagni. Íbúðin hefur nánast verið endurbyggð frá grunni á vandaðan og glæsilegan hátt á sl. tveimur árum. **V. 69,0 m. 3755**

OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG MILLI KL 17:00 OG 18:00

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Sími 512 3600
www.logheimili.is
Jónas Örn Jónasson Lögmaður og lögg. fasteignasali

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • www.logheimili.is

Glæsilegt sumarhús Dagverðarnesi!

Frum

Skipti á LAND CRUISER 200

Verð 32.000.000.- Áhv. 16.000.000.-

Eigandi er til í að taka LAND CRUISER 200 diesel sem greiðslu á mismun.

Lýsing: Glæsilegt alls 3ja svefnherbergja „heilsárshús“ á einni hæð á 7.162 m2 eignarlóð rétt við Skorradalsvatn. 15 fm yfirbyggð verönd einfalt að loka).og ca 40 fm verönd fyrir framan hús. Húsið er finnskt bjálkahús á einni hæð. Húsið er reist á steyptri plötu og er hiti í gólfum. Komið er inn í forstofuhol, á vinstri hönd er aðstaða fyrir útiföt, en þarna er annar útgangur út á pall. Úr holi er komið inn á baðherbergi með sturtuklefa og þvottavél með þurrkara. Þar við hlið er gott herbergi með kojum. Á hægri hönd úr holi er opið inn í bjarta stofu, borðstofu og eldhús. Í eldhúsi er fín innrétting. Inn af stofu eru tvö svefnherbergi. Þetta er alvöru heilsárshús með heitu (hitatúpa) og köldu vatni, rafmagni og internettenginu. Lóðin er öll kjarri vaxin og rennur lækur um lóðina að vestanverðu. Skorradalur er eitt vinsælasta sumarbústaðasvæði landsins, en þar er landið mikið skógi vaxið og vatnið hefur mikið aðdráttarafl - bæði fyrir þá sem velja silungsveiði eða vatnasport. Gönguleiðir er fjölmargar og golfvöllur er í uppbyggingu í dalnum, auk þess er stutt í alla þjónustu í Borgarnesi.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigfús í síma 898 9979

LÖGMAÐUR OG LÖGGILTUR FASTEIGNASALI MEÐ ÞÉR ALLA LEIÐ!

STEINHELLA - HAFNARFIRÐI

Frum

Burt með vanmetakenndina

UMRÆÐAN
Ragnar Sverrisson skrifar um Evrópumál

RAGNAR SVERRISSON

Bæjarstjóri okkar Akureyringa, Sigrún Björk Jakobsdóttir, ritaði grein í blaðið um hugsanlega þátttöku Íslands í ESB. Hún byrjar á að fullyrða að þeir sem eru fylgjandi inngöngu í ESB gangi út frá að þar með muni öll vandamál þjóðarinnar leysast og okkur „borgið til allrar framtíðar“. Ég hef rætt þessi mál við marga og hlustað eftir rökum með og á móti aðild en aldrei hef ég heyrt nokkurn mann halda þessu fram. Þarna gerir bæjarstjórinn sig seka um að gera mönnum upp skoðun og leggja síðan út frá því hversu arfavitlaus hún er. Þetta er stundum kölluð hundalógík og ekki til álitsauka.

Þeir sem hafa mælt með inngöngu í ESB og að taka upp evru eru sammála um að það verði nokkuð tímafrekt og taka þurfi á erfiðum vandamálum, sérstaklega á sviði peningamála. Hins vegar yrði afraksturinn sá að við færum inn í umhverfi sem ekki er eins sveiflukennt eins og verið hefur og meiri festa færðist yfir efnahagslífið. Við það yrði rekstur fyrirtækja, heimila og sveitarfélaga viðráðanlegri og lífskjör batna. Sigrún Björk bendir réttilega á að við höfum í raun ekki lengur vald yfir krónunni okkar og dýrt að halda henni úti. Afleiðingin er sú að við greiðum hæstu vexti sem um getur, verð á innfluttum vörum hækkar á einni nóttu og samkeppnisstaða fyrirtækja versnar. Svo heldur bæjarstjórinn því fram að með því að hverfa frá krónunni verði ekki lengur hægt að beita stjórntækjum peningamála til hagstjórnar. Með leyfi: Um hvaða peningastjórnun er hún að tala? Ekki hef ég orðið var við hana og trúlega ekki þeir sem súpa nú seyðið af þeim sviptingum sem orðið hafa hér – þrátt fyrir þessa frábæru krónu!

Viðbrögð við orðnum hlut

Sannleikurinn er sá að öll hagstjórn hér á landi er ekkert annað en viðbrögð við orðnum hlut sem hæglega hefði verið hægt að komast hjá ef við værum í því umhverfi sem aðrar þjóðir í kringum okkur búa við. Við erum sífellt að bjarga okkur frá eigin verkum og eyðslu og þurfum sárlega það aðhald í peningastjórnun sem stór gjaldmiðill, eins og evran, veitir. Þá yrði mun minni hætta á að við færum á enn eitt flippið og reynum svo að bjarga okkur með því að hræra í þessum veika gjaldmiðli okkar. Í því felst auðvitað engin framtíðarlausn.

Bæjarstjórinn fullyrðir að með inngöngu í ESB munum við ekki halda yfirráðum okkar yfir 200 mílna landhelginni. Allt bendir hins vegar til að við gætum náð samningum á grundvelli reglunnar um hlutfallslegan stöðugleika og tryggt þannig í raun áframhaldandi yfirráð okkar yfir veiðum í íslenskri lögsögu. Um slíka samninga eru nokkur dæmi og engin ástæða til að fullyrða fyrirfram að það gæti ekki tekist í samningaviðræðum við ESB. Ef það tekst ekki er málið úr sögunni.

Það sem mig undrar mest í þessari umræðu er sú vanmetakennd sem birtist meðal annars í orðum Sigrúnar þegar hún segir: „Ég tel víst að Ísland muni ekki njóta einhverrar sérmeðferðar líkt og önnur eylönd …“ og spyr hvað við þurfum að leggja fram og hvað við myndum fá í staðinn.

Það er einmitt kjarni málsins: Hvað ef við ræðum málið við ESB – hvað ef við setjum okkur samningsmarkmið og hvað ef við náum þeim? Þetta eru auðvitað stórar spurningar en eitt er víst að svör við þeim fást ekki nema við mönnum okkur upp í að kalla eftir þeim í samningaviðræðum. Hitt er líka víst að ef við göngum til viðræðna með því hugarfari að við séum smá og lítils megandi er ekki hægt að vænta góðrar útkomu. Við þurfum að rifja upp það sjálfsöryggi sem forystumenn okkar tileinkuðu sér þegar hafist var handa við að færa út fiskveiðilögsöguna og vinna að því að koma á alþjóðareglum í þeim efnum. Þeir báðust ekki afsökunar á smæð þjóðarinnar en komu vel undirbúnir og fluttu mál sitt af festu og skörungsskap. Árangurinn varð full yfirráð yfir fiskimiðunum og alþjóðareglur sem við erum stolt af að hafa átt frumkvæði að.

Nú er þörf á að við rísum á sama hátt upp og setjum okkur samningsmarkmið og göngum síðan vel undirbúin til viðræðna við ESB. Þá fyrst fást svör við því sem máli skiptir og þau síðan lögð fyrir þjóðina sem tekur endanlega afstöðu.

Fram með djörfung

Halda menn að við hefðum fengið hinn hagstæða EES-samning ef við hefðum haft litla von um að fá það fram sem mestu skipti og haldið okkur heima og ekki látið reyna á hlutina? Halda menn að strákarnir okkar hefðu náð silfrinu í Peking ef þeir hefðu sagt að þetta væri vonlaust því aðrar þjóðir væru fjölmennari og við svo lítil og smá? Nei, aldeilis ekki.

Þess í stað var gengið fram af djörfung með vel skilgreind markmið og árangurinn lét ekki á sér standa. Nú er þörf á að við rísum á sama hátt upp og setjum okkur samningsmarkmið og göngum síðan vel undirbúin til viðræðna við ESB. Þá fyrst fást svör við því sem máli skiptir og þau síðan lögð fyrir þjóðina sem tekur endanlega afstöðu. Hitt er með öllu óviðunandi að stara áfram í skelfingu á spurningarnar, fyllast svartsýni við hugsanleg viðbrögð ESB við þeim og láta hendur fallast. Með slíku háttalagi vinnst hvorki gull né silfur.

Höfundur er kaupmaður á Akureyri.

JACK BLACK LEIKARI ER 39 ÁRA.

„Aldrei má vanmeta krafta augabrúnanna.“

Jack Black hefur síðustu ár gert það gott í Hollywood og er í dag einn vinsælasti gamanleikari heims. Jack hefur leikið í myndum á borð við Nacho Libre, Evil Woman og School of Rock.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 28. ÁGÚST 1971

Fyrsta Hróarskelduhátíðin haldin

Margir íslenskir tónlistarunnendur þekkja Hróarskelduhátíðina vel en hún hefur verið árlegur viðburður frá árinu 1971.

Hátíðin hefur verið haldin í námunda við bæinn Hróarskeldu í Danmörku og voru það nemarnir Mogens Sandfær og Jesper Switzer Møller sem héldu fyrstu hátíðina. Hróarskelduhátíðin er nú ein af stærstu tónlistarhátíðum Evrópu. Vinsældir hennar hafa aukist ár frá ári og yfir níutíu þúsund manns sækja hátíðina ár hvert. Hátíðarsvæðið er opnað síðasta sunnudag í júní á ári hverju, sem gefur gestum góðan tíma til þess að koma sér í rétta gírinn. Dagskráin hefst síðan á þriðjudeginum og hátíðin stendur yfir í fjóra daga. Undanfarinn áratug hefur fjölbreytnin í hljómsveitavalinu aukist til muna, sem hefur leitt til þess að gestir frá öllum heimshornum heimsækja hátíðina. Fjölmargir Íslendingar sækja hátíðina á ári hverju og eru skipulagðar pakkaferðir fyrir tónlistarþyrsta hér á landi.

MERKISATBURÐIR

- **1609** Delaware-flói uppgötvaður af Henry Hudson.
- **1818** Landsbókasafn Íslands stofnað undir heitinu Íslands stiftis bókasafn.
- **1927** Ríkisstjórn Tryggva Þórhallssonar tekur við völdum og situr í fimm ár.
- **1967** Tólf manna áhöfn Stíganda frá Ólafsfirði bjargað eftir rúmlega fjögurra sólarhringa hrakningar í björgunarbát.
- **1981** Hallgrímur Marinósson lýkur ferð sinni umhverfis landið á tíunda degi. Hallgrímur ók bíl aftur á bak alla leiðina.
- **1986** Útvarpsstöðin Bylgjan hefur útsendingar, fyrst útvarpsstöðva eftir að einkaréttur Ríkisútvarpsins var afnuminn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

AFMÆLISBÖRN

ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR er 55 ára.

MAGNÚS ÞÓR SIGMUNDSSON TÓNLISTARMAÐUR er 60 ára.

HJÖRDÍS BJÖRK HÁKONARDÓTTIR HÆSTARÉTTARDÓMARI er 64 ára.

HJÁLMAR HJÁLMARSSON LEIKARI er 45 ára.

MIKLAR VINSÆLDIR Ásdís Höskuldsdóttir er framkvæmdastjóri Domino's Pizza, sem er einn af vinsælustu pitsustöðum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

DOMINO'S PIZZA: FIMMTÁN ÁRA

Gæði vörunnar mikilvægust

Domino's Pizza hefur nú starfað á Íslandi í fimmtán ár. Öll þessi ár hafa flatbökurnar verið afar vinsælar hjá Íslendingum og ekkert lát virðist vera á þeim vinsældum.

Ásdís Höskuldsdóttir hefur starfað sem framkvæmdastjóri Domino's Pizza í rúmt ár. „Ég varð framkvæmdastjóri þegar Magnús Kristinsson keypti fyrirtækið. Domino's Pizza var stofnað í ágústmánuði árið 1993 þegar fyrsta verslunin var opnuð á Grensásvegi. Aðsóknin var gríðarlega mikil þegar verslunin var opnuð og atgangur fólks var slíkur að kalla þurfti til sjúkrabíl til að hlúa að þeim sem urðu fyrir hnjaski. Í desember sama ár var strax opnaður annar staður,“ segir Ásdís.

Domino's var stofnað í Bandaríkjunum árið 1960 af tveimur bræðrum. Ári frá stofnun fyrirtækisins seldi annar bróðirinn hinum sinn hlut fyrir eitt stykki Volkswagen-bjöllu. Ganga má út frá því að hann sé ekki alveg sáttur við ákvörðun sína í dag.

Í dag eru Domino's-staðir orðnir fjórtán talsins víðs vegar um landið og þar af eru ellefu á höfuðborgarsvæðinu, sá allra nýjasti á Akranesi. Spurð um markmið fyrirtækisins segir Ásdís: „Markmið okkar er að vera með ánægða viðskiptavini og áhersla er lögð á góða vöru og að viðskiptavinurinn sé númer eitt. Við náðum því með því að vera með gæði og góða vöru,“ segir Ásdís.

Hjá Domino's starfa 170 manns í fastri vinnu en starfsmannafjöldinn getur farið allt upp í 600 manns og þar er skólafólk stór hluti. Íslendingar hafa lengi verið sólgnir í pitsur og hjá Domino's hafa pepperoni- og margaritapizzur verið vinsælastar öll þessi ár.

„Við erum alltaf að skoða einhverjar nýjungar en það tekur sinn tíma vegna þess að það þarf að fá leyfi fyrir öllu slíku frá Bandaríkjunum. Hráefnið sem við ætlum að nota þarf að fá gæðavottun frá þeim ytra en nýjungar munu líta dagsins ljós,“ segir Ásdís og útskýrir merki fyrirtækisins.

„Merkið er auðvitað dómínókubbur og hvítu doppurnar áttu að merkja fjölda staðanna en því var hætt fljótlega eftir að vinsældir fyrirtækisins jukust.“

mikael@frettabladid.is

70 ára afmæli

Aðalgeir Finnsson

byggingarmeistari 70 ára 28.08.2008.

Aðalgeir verður að heiman á þessum tímamótum en í góðum gír að vanda!

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Stefán Hafliðason

verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

Fanney Halldórsdóttir,
börn og barnabörn.

✝

Ástkær faðir minn,

Sigurður Þorkelsson

pípulagningameistari,

lést á Hrafnistu mánudaginn 25. ágúst. Útför auglýst síðar.

F.h. aðstandenda,

Birgir Sigurðsson.

✝

Eiginmaður minn,

Sæmundur Helgason

bóndi frá Galtarlæk,

er lést laugardaginn 23. ágúst, verður jarðsunginn frá Innra-Hólmskirkju á morgun, föstudaginn 29. ágúst, kl. 14.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á að styrkja Kærleikssjóð Stefaníu Guðrúnar Pétursdóttur Reikn. 0327-13-300571, kt. 570904-2990.

Guðbjörg Guðmundsdóttir.

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

Jón Þórarinsson

Fagraneskoti,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga föstudaginn 22. ágúst. Útförin fer fram frá Grenjaðarstaðarkirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 14.

Unnur Baldursdóttir
Laufey Jónsdóttir **Valgerður Jónsdóttir**
Guðmundur Ágúst Jónsson **Þórdís Jónsdóttir**
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

NAFNIÐ MITT: VANDA SIGURGEIRSDÓTTIR

Heyrir ansi oft að nú verði hún að vanda sig

„Mamma fann þetta nafn í ástarsögu sem heitir Skógardísin. Ég las einhvern tíma þá bók og söguhetjan var dökkhærð, með brún augu og feimin svo hún var eiginlega andstæða mín," segir knattspyrnukonan snjalla Vanda Sigurgeirsdóttir spurð út í nafnið sitt. Hún býst við að hafa verið fyrsta íslenska Vandan og veit að nafnið var samþykkt í mannanafnanefnd löngu eftir að hún var skírð árið 1965. „Mér finnst mjög gaman að heita þessu nafni," segir hún en viðurkennir að heyra ansi oft sömu brandarana, „vandaðu þig", „Vanda, vanda, gættu þinna handa". „Svo af því að ég er Sigurgeirsdóttir er auðvelt að segja „vanda sig" og það hefur verið sagt ansi oft," segir hún hlæjandi. „En sumir eru að hitta mig í fyrsta skipti og það er eðlilegt að þeim detti þetta fyrst í hug. Stundum hef ég sjálf spaugað með að ég ætti systkini sem hétu Drífa og Borgar og svo hefði ég eignast nýjan bróður nýlega sem héti Gyrðir!"

Vanda kveðst ekki muna eftir að henni hafi verið strítt á nafninu. „Vandræðin eru helst þau að það muna allir hvað ég heiti. „Blessuð Vanda!" segir fólk og mér finnst frekar leiðinlegt þegar einhver heilsar mér með nafni að muna ekki hvað viðkomandi heitir."

---

†

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma okkar,

Herborg Antoníusardóttir
frá Núpshjáleigu, Berufjarðarströnd,
Skaftahlíð 33,

andaðist að kvöldi 17. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum auðsýnda samúð og vináttu.

Sturlaugur Þórðarson
Hrönn Sturlaugsdóttir **Jason Steinþórsson**
Elín Sturlaugsdóttir **Ásbjörn Ásbjörnsson**
Sturlaugur Ásbjörnsson **Hulda María Magnúsdóttir**
Sara Jasonardóttir **Garðar Guðjónsson**
Sindri Egill Ásbjörnsson
Rakel Ásbjörnsdóttir.

---

†

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Jónína Hrefna Magnúsdóttir
frá Kirkjulækjarkoti,

sem lést á Vífilsstöðum 15. ágúst, verður jarðsungin frá Fíladelfíukirkjunni í Reykjavík föstudaginn 29. ágúst kl. 16.00.

Hildur Magnúsdóttir **Jóhann Birkir Steinsson**
Hjálmar Magnússon **Sigrún Björg Ingþórsdóttir**
Hans Guðni Magnússon **Auðbjörg Vordís Óskarsdóttir**
Ingigerður Magnúsdóttir **Sigurhans Wium Hansson**
Daníel Magnússon **Annkatrine Nilsson**
Benjamín Magnússon **Una Björg Gunnarsdóttir**
Erling Magnússon **Erla Kristín Birgisdóttir**
Hlynur Magnússon **Gerður Árnadóttir**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Pála Þrúður Jakobsdóttir
Fossvegi 2, Selfossi,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 13.00.

Skúli Jakobsson
Kristinn Jakobsson **Hildur Birgisdóttir**
Jakob Kristinsson
Karen Kristinsdóttir
Íris Mjöll Valdimarsdóttir **Magnús Baldursson**

---

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jósafat Vilhjálmur Felixson
Húsey,

varð bráðkvaddur sunnudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram þriðjudaginn 2. september kl. 15.00 frá Löngumýrarkapellu. Jarðsett verður að Víðimýri.

Inda Indriðadóttir
Felix Jósafatsson **Baldvina G. Valdimarsdóttir**
Indriði Jósafatsson **Hrönn Helgadóttir**
afabörn og langafabörn.

---

†

Okkar ástkæri

Magnús Pétur Kristján Sumarliðason
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést sunnudaginn 17. ágúst. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Við viljum senda sérstakar þakkir til starfsfólksins í Hlíð fyrir góða umönnun.

Maríanna Ragnarsdóttir
Sigurbjörg Ármannsdóttir
systkini og aðrir aðstandendur.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólína Ragnheiður Jónsdóttir
Hátúni, Skagafirði,

sem lést 21. ágúst sl., verður jarðsungin frá Glaumbæjarkirkju Skagafirði laugardaginn 30. ágúst kl. 14.

Gunnlaugur Jónasson
Ragnar Gunnlaugsson
Jón Gunnlaugsson **Jónína Stefánsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnheiður Hafsteinsdóttir
Reykholti, Skagaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi þriðjudaginn 26. ágúst. Jarðsungið verður frá Hólaneskirkju laugardaginn 30. ágúst kl. 14.00.

Stefán Jósefsson **Sigríður Gestsdóttir**
Rúnar Jósefsson **Súsanna Þórhallsdóttir**
Jón Jósefsson **Ásta Helgadóttir**
Líney Jósefsdóttir **Sveinn Ingi Grímsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Guðrún Björg Hafliðadóttir (Gígja)
Suðurbyggð 15, Akureyri,

lést á krabbameinsdeild Landspítala háskólasjúkrahúss við Hringbraut sunnudaginn 24. ágúst. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sigurvin Jónsson
Sigríður Sigurvinsdóttir **Bjarni Kristinsson**
Jóna Ólafía Sigurvinsdóttir
Ásdís Sigurvinsdóttir **Einar Birgir Kristjánsson**
Björg Sigurvinsdóttir **Stefán Þór Sæmundsson**
Trausti Sigurvinsson
og barnabörn.

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Guðný Grendal Magnúsdóttir
Krossnesi,

sem lést þriðjudaginn 19. ágúst, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju föstudaginn 29. ágúst kl. 15.00.

Jóhannes Magnús Þórðarson
Kolfinna Jóhannesdóttir **Magnús Skúlason**
Jóhann Helgi Jóhannesson **Ragnheiður Helen Eðvarðsdóttir**
Sigrún Grendal Jóhannesdóttir
Magnús Jóhannesson
Þorsteinn Jóhannesson
Bjarney Grendal Jóhannesdóttir **Andrew Gosling**
og barnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Gunnarsson
frá Reykjum, Fnjóskadal,
Núpasíðu 2d, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 24. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Glerárkirkju, mánudaginn 1. september, kl. 13.30.

Pálína Magnúsdóttir
Gunnar M. Guðmundsson **Erna Gunnarsdóttir**
Þóra K. Guðmundsdóttir **Magnús Sævarsson**
Guðmundur Hafsteinsson **Karítas Jóhannesdóttir**
Sólrún Hafsteinsdóttir **Sigurður Jónsson**
Lára Hafsteinsdóttir **Fjölnir Sigurjónsson**
afabörnin og langafabörnin.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

Heiðar Georgsson
Heiðarvegi 18, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram í Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 2. september kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Guðfinna Jóhannesdóttir
Heiða Björk Heiðarsdóttir
Nanna Heiðarsdóttir
Karen Guðfinna Guðmundsdóttir **Bjarki Þórir Kjartansson**
Brynja Dögg Brynjarsdóttir **Eggert Þór Ólason**
Heiðar Aron Bjarkarsson
Jenný Björk Bjarkarsdóttir
Kjartan Þórir Bjarkarsson
Sigurður Freyr Eggertsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

NÚ FÁ SÉR ALLIR ÁSKRIFT!

4 leiksýningar á einungis 8.900 kr.

Meiri snerpa

Hver leiksýning er sýnd þétt og í takmarkaðan tíma. Það er því um að gera að skipuleggja leikhúsárið fyrirfram og tryggja sér miða á þær sýningar sem heilla mest.

Þú átt valið

Þú velur þær fjórar sýningar sem þér finnst mest spennandi af glæsilegri dagskrá Borgarleikhússins.

Áskriftarkort

Hringdu í síma **568 8000** eða farðu á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

NOKKUR ORÐ
Mikael Rivera

Handbolti er alvöruíþrótt!

Einu sinni tjáði ég hópi af fólki að handbolti væri mjög einföld íþrótt og að hver sem er gæti náð árangri og komist í landsliðið. En ég hefði betur sleppt því að gefa út þessa yfirlýsingu. Handbolti er alvöruíþrótt sem er ekki fyrir hvern sem er. Sjálfur hef ég æft bæði fótbolta og körfubolta af krafti og prófaði eitt sinn handbolta og fór nánast grátandi heim af æfingu, allur klóraður, marinn og blár. Handbolti er ekkert nema harkan sex og ekkert er gefið eftir í eina einustu af öllum þessum sextíu mínútum sem eru spilaðar. Í sókninni er manni kastað til og frá af varnarjöxlum sem kalla ekkert ömmu sína, nema ömmu sína. Í vörninni gerir maður sitt besta við að gera það sama og var gert við mann í síðustu sókn. Svo er ekki sjálfgefið að hitta á markið, því markið er pínulítið og á milli stanganna stendur einstaklingur sem hefur tekið þá furðulegu ákvörðum í lífi sínu að verða handboltamarkvörður. Markmenn í handbolta eiga fálkaorðuna skilið bara fyrir það eitt að þora að standa í markinu. Ég myndi trúlega gera bæði eitt og tvö í buxurnar ef tröllvaxinn handboltaleikmaður kæmi æðandi að mér og þrumaði boltanum af tveggja metra færi í áttina að mér.

Handbolti er alvöruíþrótt þar sem vettlingatök eru ekki til og þess vegna ber ég mikla virðingu fyrir öllum þeim sem stunda þessa íþrótt. Þá sérstaklega markvörðunum sem hætta lífi sínu og líkama í hverjum einasta leik. Þeir sem standa á þeirri skoðun sem ég hafði einu sinni ættu að mæta á handboltaæfingu og fá smjörþefinn af því sem þessi þjóðaríþrótt Íslendinga hefur upp á bjóða. Það hef ég gert og skoðun mín eftir það er óbreytt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



KYNNING Á NÝJA MASKARANUM LE2 FRÁ GUERLAIN VERÐUR Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM DAGANA 28. ÁGÚST – 3 SEPTEMBER.

Maskarinn sem rutt hefur brautina fyrir nútímakonuna. Tveggja bursta maskari sem nær til allra fínustu augnháranna. Komdu og lærðu að nota hann, sérfræðingar frá Guerlain verða á staðnum.

Líttu við og kynntu þér vörur í heimsklassa frá Guerlain og fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum okkar.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

! **ath. kl. 10**
Sjötta ráðstefna Háskóla Íslands og Manitoba-háskóla hefst í dag í Aðalbyggingu Háskólans undir yfirskriftinni „Man, Culture and Nature in Canada and Iceland“ og fer hún fram á ensku. Fjöldi fyrirlesara úr ýmsum greinum fræða og vísinda talar á ráðstefnunni. Í tengslum við ráðstefnuna er sýning á kvikmyndinni My Winnipeg eftir Guy Maddin sem er á laugardag. Dagskrána má finna á slóðinni http://www.hi.is/files/skjol/Program_manitoba.pdf

menning

menning@frettabladid.is

Sabra kennir dans

Sabra Johnson, sem vann í fyrra í hinum þekkta sjónvarpsþætti So You Think You Can Dance? er komin til Reykjavíkur til að kenna á vegum DanceCenter Reykjavík í glæsilegri aðstöðu í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal. Hún mun koma með allt það heitasta frá New York og Los Angeles í Street og Jazzfunki.

Námskeiðið hefst í dag. Nemendum er skipt í hópa eftir aldri og getu. Upplýsingar eru á dancecenter.is. **- pbb**

LISTDANS Sabra Johnson dansari á sigurstundu.

REYKJAVÍK JAZZ 2008

GLAUMBAR

TÓNASTÖÐIN

Tónastöðin kynnir dagskrána í dag og gítar í kaupbæti!!!

FIMMTUDAGUR 28.ÁGÚST

• KL 12.15 Ingólfsnaust – Hádegisjazz í Ingólfsnausti Frítt

• KL 15 Iðnó -Svingtónleikarestrasjón – Sextett Hauks Gröndal með Ragga Bjarna Kr2200

• KL 19 Háskólabíó - Heimildarmynd um tónleikaferð íslenskrar stórsveitar Kr500

Frumsýning á Heimildarmynd um Tónleikaferð Stórsveitar Samúels Jóns um landið. Frítt fyrir handhafa jazzpassa

• KL 20 Fríkirkjan - Trúnó. Tómas R. Einarsson og Ragnheiður Gröndal Kr2200

Tómas R Einarsson hefur sent frá sér á annan tug hljómplatna á sínum ferli. Öðru hverju kemur frá honum sungið efni og nú er hann kominn á trúnaðarstigið með **Ragnheiði Gröndal**. Textar eru eftir orðlistafólk af ýmsum kynslóðum.

• KL 21 Háskólabíó - Gítarhátíð Bjössa Thor. Philip Catherine, Kazumi Watanabe, Maggi Eiríks, Þórður Árnason Kr3000/2000

Gítarhátið Bjössa Thor er fastur liður í Jazzhátíð Reykjavíkur. Gítarleikarinn snjalli ferðast tónlistarmanna mest og kemst þannig í návígi við vopnabræður sína um víða veröld. Með gítarveislunni er ætlunin að koma á föstum grundvelli fyrir vinsælasta hljóðfæri tónlistarsögunnar. Gestir ársins eru **Kazumi Watanabe** frá Japan og jazzleikari Evrópu árið 2007 **Philip Catherine** frá Belgíu. **Magnús Eiríksson** og **Þórður Árnason** verða fulltrúar lands og þjóðar auk rýþmaparsins Jóhanns Hjörleifssonar trommuleikara og Jóns Rafnssonar bassaleikara. Einn heppinn tónleikagestur vinnur gæðagítar frá Tónastöðinni.

• KL 22 Iðnó /uppi – Ameríska söngbókin-Stofuhljóðritun. Siggi Flosa, Lennart Ginman, Jón Páll Bjarnason Kr2000

• KL 23 Bítbox á Glaumbar. Samúel Jón Samúelsson Big Band Frítt

Stórsveit Samma gerði allt vitlaust á síðustu Jazzhátíð ásamt Jimi Tenor og Antibalas. Síðan þá hefur sveitin farið í tónleikaferðir um Ísland og Evrópu. Leikin verður frumsamin funktónlist Samma af plötunum Fnykur og Legoland en sú fyrrnefnda var gefin út í Japan í júní. Í kvöld fagna Sammi og strákarnir frumsýningu á heimildarmynd um Íslandsferðina með sannkallaðri klúbbastemningu.

GLAUMBAR NORRÆNA HÚSIÐ VONARSALUR INGÓLFSNAUST HÁSKÓLABÍÓ

IÐNÓ FRÍKIRKJAN HÁSKÓLABÍÓ NASA FRÍKIRKJAN NORRÆNA HÚSIÐ

www.midi.is

NORRÆNA HÚSIÐ VONARSALUR

PORT hönnun

Þriðji dagur í Jazzhátíðinni

Jazzhátíð Reykjavíkur var sett á þriðjudagskvöld og er nú þriðji í djassi: ekki færri en sjö tónleikar eru í dag: þeir fyrstu í hádeginu.

TÓNLIST Ragnheiður Gröndal tekst á við timburmannakvæði og brunasöngva í Fríkirkjunni í kvöld en tónsmíðar á Tómas R. Einarsson.

Þetta er nítjánda árið sem Jazzhátíð Reykjavíkur er haldin. Djasssagan íslenska teygir sig allt aftur á millistríðsárin og raunar voru skilin milli danstónlistar og djassins engin. Það er hugur í aðstandendum, hugmyndir uppi um samfellt starf og skipulegt samstarf við erlendar hátíðir. Íslenskur djass er að verða útflutningsvara. Áberandi eru tónleikar sem tengjast útgáfu, minnst tvær plötur verða til á hátíðinni.

Líkt og fyrri daga er hádegisdjass í Ingólfsnausti kl. 12.15 og er frítt inn. Svingtónleikarestrasjón Sextetts Hauks Gröndal með Ragga Bjarna er kl. 15 og aftur kl. 22 í Iðnó. Djassinn er tekinn að teygja sig inn í heimildarmyndir en kl. 19 verður frumsýnd mynd um tónleikaferð Stórsveitar Samúels Jóns um landið í fyrra.

Timburmenn og djass.

Hljómsveit Tómasar R. Einarssonar og söngkonan Ragnheiður Gröndal halda tónleika í Fríkirkjunni í kvöld kl. 20. Á efnisskránni eru ástarkvæði og timburmannaljóð sem Tómas hefur samið tónlist við og er um að ræða frumflutning flestra laganna. Höfundar ljóðanna eru Ingibjörg Haraldsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Sveinbjörn I. Baldvinsson, Halldór Kiljan Laxness, Vilborg Dagbjartsdóttir og Steinn Steinarr og svo Tómas sjálfur. Með þeim koma fram Ómar Guðjónsson gítarleikari, Davíð Þór Jónsson hljómborðsleikari og Matthías MD Hemstock sem leikur á trommur og slagverk.

Gítarveisla

Á Jazzhátíð síðasta árs var Björn Thoroddsen gestgjafi í sannkallaðri gítarveislu á Nasa. Ákveðið hefur verið að gera gítarveisluna að árlegum atburði á Jazzhátíð og er hún í kvöld. Björn hefur valið sérlega áhugaverða gítarleikara í veisluna.

Japaninn Kazumi Watanabe er ákaflega hátt skrifaður listamaður, hefur setið sem besti djassleikari ársins í 24 ár samfleytt í Swing Journal í heimalandi sínu og gefið út yfir 30 plötur í eigin nafni. Belgíski gítarleikarinn Philip Catherine kom hingað fyrir þremur áratugum og eru tónleikar hans og Niels Henning í Háskólabíói öllum sem þar voru ógleymanlegir. Hann hefur verið í fremstu röð gítarleikara þessa heims um árabil, en ferill hans hófst snemma á 7. áratugnum þegar hann lék með Focus. Philip var kosinn djasstónlistarmaður Evrópu 2007.

Okkar menn

Íslendingar eiga líka sína fulltrúa á þessum tónleikum en þeir Magnús Eiríksson og Þórður Árnason mæta í gítarveisluna. Magnús hefur árum saman verið einn okkar bestu gítarleikara, ekki síst þegar blúsinn tekur völdin. Þórð Árnason þarf vart að kynna en hann hefur staðið marga næturvaktina með Stuðmönnum og skyldum böndum. Björn Thoroddsen er að ganga frá þriggja diska samningi við útgáfufyrirtæki í Mexíkó. Hann er nýkominn úr tónleikaferð um Kanada. Í kvöld nýtur hann fulltingis þeirra Jóns Rafnssonar bassaleikara og Jóhanns Hjörleifssonar trommuleikara. Tónleikarnir hefjast kl. 21 í Háskólabíói.

Stofujass

Tríó saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar heldur tónleika í kvöld kl. 22 á efri hæð Iðnó. Auk Sigurðar skipa tríóið Lennart Ginman, einn fremsti kontrabassaleikari Dana, og gítarleikarinn góðkunni Jón Páll Bjarnason. Fluttir verða djassstandardar úr hinni stóru amerísku söngbók djassbókmenntanna.

Undir miðnætti

Á Rúbín við Perluna mun Sebastien Tellier, franska ólíkindatólið, koma fram í kvöld. Uppákoman er ekki á dagskrá hátíðarinnar en hefur smeygt sér undir hennar kápu. Sebastien Tellier heillaði marga með frammistöðu sinni í Eurovision.

Dagskránni lýkur svo á Glaumbar þar sem Samúel Jón Samúelsson Big Band fagnar kvikmyndafrumsýningu dagsins með látum.

Fnykur er kominn út í Japan og bandið var óhemju aktíft á liðnum misserum. Það er frítt inn á barinn.

pbb@frettabladid.is

TÓNLSIT Magnús Eiríksson þenur strengi á gítarhátíð kvöldsins í Háskólabíó.

TÓNLIST Jón Páll spilar með Sigurði Flosasyni og danska bassaleikaranum Lennart Ginman í kvöld.

NÝJAR PLÖTUR

Djassskotnum diskum fjölgar verulega á markaði þessa dagana í tengslum við Jazzhátíðina: Kristjana Stefánsdóttir sendir frá sér safn sönglaga sem hún kallar Better Day Blues – Blús betri daga. Dimma gefur út. Þar eru þrír ópusar eftir hana sjálfa en restin af lögunum þrettán eru bandarískir blúsar sem hafa fylgt söngkonunni í þá tvo áratugi sem hún hefur starfað. Með henni spila Agnar Már Magnússon, Ómar Guðjónsson, Scott McLemore, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson, Gunnar Hrafnsson, Vignir Þór Stefánsson, Sigurður Flosason og Ari Bragi Kjartansson. Kristjana kemur fram á tónleikum á Jazzhátíð á Nasa á laugardag. Þetta er fimmta plata Kristjönu.

Belgísk-íslenska bandið Mógil sendir frá sér sitt fyrsta safn, Ró, með tólf lögum frumsömdum. Heiða Árnadóttir syngur, Ananta Roosens leikur á víólu og syngur, Hilmar Jensson spilar á gítara, Jochem Badenhorst blæs klarinettur. Diskurinn kemur út á forlaginu Radical Duke. Mógil spilar í Fríkirkjunni á Jazzhátíð á föstudag með gestaleikaranum Theo Bleckman.

Ómar Guðjónsson sendi frá sér sólóplötuna Framaf fyrir skömmu. Með honum léku þeir Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari og Matthias MD Hemstock, en tónlistin er öll eftir Ómar, níu lög þar sem gítarinn er í aðalhlutverki. Ómi sf. gefur út. Ómar og félagar verða að spila á Organ á föstudagskvöld.

Haukur Gröndal sló í disk fyrr í sumar sem helgaður er lögum sem Lester Young kom nálægt á sinni tíð. Þetta eru tíu lög eftir ýmsa, en Haukur blæs í tenórsaxófón og syngur, Ásgeir Ásgeirsson leikur á gítar, Þorgrímur Jónsson á bassa og Erik Quick á trommmur. Agnar Már er gestur. Rodent gefur útt.



JOSH HOMME Arctic Monkeys ætla að starfa með Josh Homme, forsprakka Queens of the Stone Age, í næsta mánuði.

Tómas hefur fundið sinn Dan Brown

„Hinn íslenski Dan Brown fannst í fyrra. Það var reyndar ég sem fann hann en ekki Bjartur,“ segir Tómas Hermannsson útgefandi hjá Sögur útgáfa.

Tómas er nú að kynna nýja bók frá Óttari M. Norðfjörð – sem heitir Sólkross – en skensar sér til gamans bókaútgáfuna Bjart í leiðinni. Eins og fram hefur komið, stóð bókaforlagið Bjartur fyrir leit að Dan Brown Íslands með samkeppni og átti sigurvegarinn að fá milljón að launum. „Þeirri samkeppni lauk án sigurvegara. En spennusagnasólgnir landsmenn þurfa ekki að örvænta fyrir þessi jól því von er á annarri spennusögu frá Óttari,“ segir Tómas. Af orðum hans má ljóst vera að ekkert verður gefið eftir í baráttunni um hylli lesenda í næstu jólabókavertíð. Slagurinn er þegar hafinn og hanskanum hefur verið hent. „Hnífur Abrahams eftir Óttar veitti honum titilinn „Hinn íslenski Dan Brown“ í fjölmiðlum og hjá almenningi. Hún endaði sem ein sölumesta bók ársins. Nýja bók Óttars ber heitið Sólkross og er rammíslensk háspenna sem tekur á víkingaarfi þjóðarinnar með frumlegum og æsispennandi hætti, en í bókinni koma meðal annars fram ýmsar lítt þekktar kenningar um fyrstu landnámsmenn þjóðarinnar sem Óttar hefur rannsakað síðustu ár og eru til þess fallnar að kollvarpa skilningi okkar á fortíð Íslands,“ segir Tómas ánægður með sinn höfund.

- jbg

ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ Útgefandi hans segir Óttar Dan Brown Íslands.

TÓMAS HERMANNSSON ÚTGEFANDI Ef marka má orð hans er jólabókaslagurinn að hefjast.

Tekur upp fyrir Arctic

Bresku piltarnir í The Arctic Monkeys hafa fengið Josh Homme, forsprakka Queens of the Stone Age, til að taka upp fyrir sig ný lög. Upptökurnar fara fram í Kaliforníu í næsta mánuði og bíða tónlistarunnendur spenntir eftir samstarfinu.

„Þeir vilja prófa eitthvað allt annað en þeir eru vanir að gera,“ sagði Homme. „Ég held við byrjum á því að taka upp tvö lög í rólegheitunum. Markmiðið er að gera eitthvað sem þeir eiga eftir að fíla jafnmikið og allir aðrir.“

Arctic Monkeys hefur gefið út tvær plötur á ferli sínum sem hafa báðar selst gríðarlega vel. Sú síðari, Favorite Worst Nightmare, kom út á síðasta ári.

Á meðal 30 bestu

Myndbönd við lögin Svefn-g-englar með Sigur Rós og All Is Full Of Love með Björk hafa verið tilnefnd sem ein af þrjátíu bestu myndböndum allra tíma af MTV-sjónvarpsstöðinni í Bretlandi.

Á meðal fleiri þekktra flytjenda sem eiga myndbönd á listanum eru Michael Jackson með Thriller, Nirvana með Smells Like Teen Spirit, Madonna með Like A Prayer, Peter Gabriel með Sledgehammer og Aha með Take On Me. Úr þessum þrjátíu myndbanda hópi verða þau tíu bestu valin. Um netkosningu er að ræða og geta áhugasamir tekið þátt á heimasíðu MTV í Bretlandi, mtv.co.uk. Kosningunni lýkur 14. september og verður tilkynnt um bestu myndböndin 21. september.

SJÓN Sjón situr í fimm manna dómnefnd sem velur bestu norrænu kvikmyndina árið 2008.

Tilnefningar 1. september

1. september verður kunngjört hvaða fimm kvikmyndir hafa hlotið tilnefningu til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2008. Ein mynd frá hverju landi hlýtur tilnefningu: Íslandi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð og Noregi.

Í fyrsta skipti gefst almenningi í öllum löndunum tækifæri til að sjá myndirnar á sérstökum sýningum í höfuðborgunum fimm. Sýningarnar hérlendis fara fram í Háskólabíói 13. og 14. september í samstarfi við Græna ljósið. Rithöfundurinn Sjón situr í fimm manna dómnefndinni fyrir hönd Íslands.

Geisladiskurinn sem beðið hefur verið eftir

SÝNIR

12 lög eftir Bergþóru Árnadóttur í flutningi okkar ástsælustu söngvara í útsetningum Eyjólfs Kristjánssonar.

Inniheldur meðal annars lagið **Borgarljós** í stórkostlegum flutningi Stebba Hilmars, Eyfa og Björgvins Halldórssonar.

Flytjendur:

Eyjólfur Kristjánsson
Guðrún Gunnarsdóttir
Björgvin Halldórsson
Stefán Hilmarsson
Ragnheiður Gröndal
Páll Óskar Hjálmtýsson
Ellen Kristjánsdóttir
Edgar Smári
Erna Hrönn Ólafsdóttir
Anna Hlín
Egill Ólafsson

Útgefandi:
6 Strengir
sími: 555 0931

Dreifing:
Sena
sími: 591 5100

sena

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 28. ágúst 2008

Myndlist

Lesið í minni Ásdís Birgisdóttir sýnir þrykkt verk úr silki í Listmunahorni Árbæjarsafns. Sýningin er opin daglega og stendur til 31. ágúst.

Tónleikar

Einleiksfantasíur G.P Telemann Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari enda tónleikaferð sína um landið með tvennum tónleikum í Langholtskirkju kl. 18.00 og 20.30.

Fyrirlestrar

10.00 Man, Culture and Nature in Canada and Iceland Samstarfsráðstefna Háskóla Íslands og Manitobaháskóla. Ráðstefnan er öllum opin. Aðalbygging Háskóla Íslands.

Kvikmyndir

Reykjavík Shorts&Docs Heimildar- og stuttmyndahátíð í Austurbæ, Snorrabraut 37.

15.00 Óður til Íslands
17.30 To Die in Jerusalem
19.00 Monastery
21.00 USA vs Al-Arian
23.00 Empire of Evil

Opnanir

17.00 START ART listamannahús Opnun á sex einkasýningum og einni samsýningu. Þau sem sýna eru Anna Eyjólfsdóttir, Magnús Pálsson, Magnea Ásmundsdóttir, Ásdís Spanó, Harpa Dögg Kjartansdóttir og Didda Hjartardóttir Leaman.

Viðburður

18.30 Hannaður veruleiki Sænska fjöllistakonan Charlotte Engelkes flytur einleikinn Sweet. Hljómsveitirnar Retro Stefson, Reykjavík! og FM Belfast flytja tónlist. Listahópurinn 128 hendur sýnir verk í anddyri hússins. Norræna húsið fagnar 40 ára afmæli og þessi viðburður er hluti af afmælisdagskránni.

Ljósmyndasýningar

SKOVBO Ljósmyndasýning Viggo Mortensen hefur verið framlengd til 7. september. Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Grófarhús, Tryggvagata 15, 6. hæð.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Verk Sölva á uppboði

Uppboðshaldarar landsins eru nú að undirbúa fyrstu uppboð vetrarins. Gallerí Fold hefur auglýst eftir verkum og Gallerí Borg heldur sitt fyrsta uppboð á þessu hausti á Hilton-Nordica-hótelinu hinn 31. ágúst og hefst það kl. 20.30.

Að sögn Pétur Þórs Gunnarssonar hjá Gallerí Borg verða 85 verk boðin upp, flest eftir gömlu meistarana: fjögur málverk eftir Kjarval, auk nokkurra teikninga, og myndir eftir Þorvald Skúlason, Gunnlaug Blöndal, Ásgrím Jónsson, Gunnlaug Scheving, Svavar Guðnason, Brynjólf Þórðarson og Karl Kvaran.

Þá eru á uppboðinu tvö verk eftir Jón Engilberts, þar af annað gríðarstórt, 130 x 170 cm, „Sumarnótt“, sem nýlega kom í leitirnar úti í Danmörku. Þá eru fjögur málverk eftir Kristján Davíðsson og tveir tréskúlptúrar eftir Sigurjón Ólafsson.

Af yngri málurum má nefna verk eftir Hafstein Austmann, Karólínu Lárusdóttur, Eirík Smith, Ólaf Elíasson, Jónas Viðar, Hring Jóhannesson, Gunnar Örn og Óla G. Jóhannesson.

Mestum tíðindum sætir þó verk eftir Sölva Helgason (1820-1895) en teikningar hans eru mikið fágæti þótt þær leynist víða í einkaeign. Pétur segir verkið „perlu“. „Þetta er ægifögur blómafuglamynd sem er ársett 1858. Hún er hundrað og fimmtíu ára gömul, máluð sama ár og Sölvi kom aftur til Íslands eftir fjögurra ára fangavist í Danmörku.

MYNDLIST Teikning eftir Sölva Helgason frá 1858. Hluti. MYND: GALLERÍ BORG.

Myndin verður boðin upp ásamt klippimynd eftir Sölva. En þessar tvær myndir hafa alltaf hangið saman og koma úr sama búinu. Erfitt er að verðleggja verk Sölva, þar sem þau eru nánast aldrei á markaði. Áætlað verð þessara verka Sölva er um tvær milljónir,“ segir Pétur.

Sýning uppboðsverka verður í Gallerí Borg, Skipholti 35, alla daga fram að uppboði frá kl. 13 til 17 en það hefst á Nordica sunnudagskvöldið 31. kl. 20.30. **- pbb**

BRÆÐURNIR Í KJÖTBORG Kristján og Gunnar Jónassynir, kaupmenn í versluninni Kjötborg á Ásvallagötu, eru viðfangsefni í stuttmyndinni Kjötborg sem sýnd er á Shorts and Docs.

Hið fáránlega og hið guðdómlega

Það eru í grunninn til tvenns konar heimildarmyndir þessa dagana. Annars vegar er þær af gamla skólanum, sem miðla upplýsingum og eru með yfirgripsmikið sjónarhorn á viðfangsefni sitt. Hins vegar eru þær sem sýna afmarkað tímabil í lífi fólks, oftast án mikilla útskýringa. Báðar gerðir hafa nokkuð til síns máls, en hvað hina seinni varðar getur stundum bilið á milli heimildarmyndar og raunveruleikasjónvarps virst heldur lítið.

Þessar fjórar nýju íslensku heimildamyndir, sem sýndar voru saman á Reykjavik Shorts and Docs, bera báðar gerðir fram á borð. Sú fyrsta, Magapína, sýnir okkur eins þröngan sjónarhól og hægt er, nánar tiltekið innviði belju. Fátt gerist í myndinni annað en að dælt er upp úr maganum á beljunni Bröndu, sem hefur ánetjast því að éta plastpoka. Það er samt eitthvað við plastpokafíkn skepnu sem er sköpuð til að éta gras sem segir manni meira um ástand heimsins en mörg lengri og flóknari verk. Fyrir aðra er þó líklegra að þessi skot af innviðum beljunnar framkalli magapínu, og mun myndin þó standa undir nafni.

Metnaðarfyllsta, og líklega merkilegasta mynd dagsins, er sagan af Holger Cahill. Hér er um að ræða heimildarmynd af gamla skólanum, þar sem sagt er frá heilli ævi manneskju með tilheyrandi viðtölum og ljósmyndum. Og hvílík ævi. Vestur-Íslendingurinn Sveinn Bjarnarson endurskapar sig í New York-borg sem Cahill. Strákurinn sem aldrei fannst hann eiga heima hvorki á Íslandi né í Íslendingabyggð verður mikill áhrifamaður í bandarísku listalífi. Hann verður forstöðumaður Museum of Modern Art og átti þátt í að koma Jackson Pollock á framfæri, borðaði í Hvíta húsinu og lenti á forsíðu Time. Fyrst og fremst er hann þó þekktur fyrir að hefja bandaríska list til vegs og virðingar á við evrópska, en það er undarlegt að hugsa til þess hversu stutt er síðan allt það sem var amerískt þótti annars flokks. Saga hans er áhugaverð og ágætlega sögð, sem er eins og heimildarmyndir eiga að vera. Hún hefði þó kannski mátt hljóta þjálla nafn.

TÓMAS LEMARQUIS Leikarinn góðkunni er annar leikstjóra myndar um Ketil Larsen. LJÓSMYND/PIOTR WOLF

Cahill var Íslendingur sem braust til metorða í hinum stóra heimi. Ketill er hins vegar listamaður sem varð eftir á Íslandi, en greinilega mjög hæfileikaríkur að mörgu leyti. Í Bandaríkjunum bíður Museum of Modern Art, á Íslandi býr listamaðurinn með tveimur köttum og fær á stundum að skemmta börnum með list sinni. Þrátt fyrir nokkrar skondnar svipmyndir segir myndin okkur þó ekki mikið um líf Ketils. Hér fer bilið á milli heimildarmyndar og fjölskyldumyndbands minnkandi. Þakkarlistinn er þó skemmtilega gerður, enda álíka langur og myndin sjálf.

Sagan af Kjötborg er mitt á milli þess að vera gamaldags heimildarmynd og raunveruleikasjónvarp. Hér er sögð sagan af hinum hverfandi heimi kaupmannsins á horninu og er gott að hann skuli festur á filmu meðan tækifæri gefst. Meðal annars er sagt frá því að þegar búðin var opnuð var einn bíll í götunni, en nú nema þeir tugum. Því er augljóst hvers vegna fólk leitar lengra en út á horn þessa dagana. Bræðurnir sem reka búðina eru skemmtilegir og viðskiptavinir þeirra einnig. Afmælishátíð búðarinnar er um leið einhvers konar kveðjuhátíð fyrir veröld sem var. En því miður heldur myndin áfram aðeins of lengi eftir að hápunkti hennar er náð. Það er líka kaldhæðnislegt að hún sé styrkt af Baugur Group, sem hefur jú leyst kaupmanninn á horninu af hólmi. **Valur Gunnarsson**

KVIKMYNDIR
Íslenskar stuttmyndir á Reykjavík Shorts and Docs

Magapína
Leikstjóri: Kári Schram.
★★★

Sagan um Svein Kristján Bjarnarson – öðru nafni Holger Cahill
Leikstjóri: Hans Kristján Árnason.
★★★★

Ketill
Leikstjórar: Tómas Lemarquis og Joseph Marzolla.
★★

Kjötborg
Leikstjórar: Helga Rakel Rafnsdóttir og Hulda Rós Guðnadóttir.
★★★

KONUR OG MENN
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

> VISSIR ÞÚ?

„Það var ekki svo slæmt að kyssa hann, en hann þurfti að stoppa og raka sig í miðri senu, þótt hann hafi rakað sig þann morguninn. Þessi maður er sko með almennilegt skegg," segir Scarlett Johansson um Jonathan Rhys Mayers. Hætta þurfti tökum í miðju ástaratriði þeirra í Match Point á meðan Jonathan var látinn fara að raka sig.

bíó

bio@frettabladid.is

Berst fyrir dansdraumi sínum

Make it happen, dansmynd sumarsins, var frumsýnd í gær. Hún fjallar um Lauryn, leikin af Mary Elizabeth Winstead (Die Hard 4, Death Proof). Lauryn missir foreldra sína og vinnur sem bókhaldari í bílaverkstæði fjölskyldunnar. Hana dreymir hins vegar um að verða dansstjarna og æfir sig á hverjum morgni fyrir inntökuprófin í dans- og tónlistarskóla Chicago.

Eftir að inntökuprófið fer í vaskinn þorir Lauryn ekki heim, heldur leitar skjóls hjá Dönu, sem einnig er dansari. Dana reddar henni starfi við bókhald á Burlesque-klúbbi bæjarins. Tælandi hreyfingar dansaranna á klúbbnum heilla og eftir lokun leyfir Lauryn sér að líða um dansgólfið, ein með sjálfri sér og draumum sínum. Þegar styttist í næstu inntökupróf í skólann gefst henni tækifæri á að dansa á klúbbnum. En á hún að grípa tækifærið á þessum skuggalega stað? Hvað gerist ef bróðir hennar kemst að því að hún komst ekki inn heldur vinnur við það að skemmta karlmönnum?

Hér er sem sagt um hefðbundna dansmynd að ræða og ætti ekki að valda So you think you can dance-aðdáendum vonbrigðum.

- kbs

DANSINN DUNAR Lauryn dregst inn á Burlesque-klúbb eftir að dansdraumar hennar fara í vaskinn.

Rokk og grínhasar

Nýjustu myndirnar í bíó þessa helgina eru allar í léttari kantinum. Sveitabrúðkaup verður frumsýnd í kvöld en þegar hafa The Rocker og Tropic Thunder farið í sýningu. Þá er nýjasta dansmyndin, Make it happen, komin á hvíta tjaldið. Það má því búast við að bros breiðist yfir varir kvikmyndagesta um helgina.

The Rocker

The Rocker segir frá unglingspilti sem leitar til frænda síns þegar hann vantar trommara í hljómsveit sína. Frændinn, leikinn af Rainn Wilson, sem þekktastur er fyrir leik sinn í bandarísku Office-þáttunum, er forfallinn rokkari og skellir sér í hlutverkið, með misgóðum afleiðingum.

5,5 af tíu (1.007 atkvæði) IMDB
37% rotin (90 atkvæði) Rotten tomatoes

MISHEPPNAÐUR Rainn Wilson er hinn fullkomni misheppnaði frændi í The Rocker.

Tropic Thunder

Þú finnur vart öruggara samansafn gamanmyndaleikara en Ben Stiller, Robert Downey Jr., Steve Coogan og Jack Black. Hér sjást þeir í grínhasar um leikara í stríðsmynd sem lenda í alvöru stríði.

Hér er því leikið á raunveruleikann, grínast með sjálfselsku Hollywood-leikara, sprautað blóði og ýmsar siðferðisreglur brotnar í nafni skemmtunar. Þess má geta að framleiðendur hafa verið kærðir fyrir notkun orðsins þroskaheftur.

7,9 af 10 (18.941 atkvæði)IMDB
83% fersk (161 atkvæði) Rotten tomatoes

ÓVÆGIÐ Tropic Thunder hlífir engum, hvort sem það er gert með gríni eða blóði.

SKRÍMSLI Clooney og Swinton fá ekki að vera góð við hvort annað, frekar en fyrri daginn, í nýrri mynd Coen-bræðra.

Skrímsli a la Coenbræður

Mynda Coen-bræðra er ávallt beðið með eftirvæntingu. Eftir tryllinn No Country for Old Men setja þeir í léttari gír og bjóða upp á fléttu, fulla af viðbjóðslegu fólki, tilbúið til að stinga hvert annað í bakið. En þetta er ekki Fargo 2.

Burn After Reading fjallar um CIA-manninn Osbourne Cox, leikinn af John Malkovich. Einn daginn er Cox kallaður til háleynilegs fundar sem reynist vera uppsögn hans. Hann tekur þeim fregnum ekkert sérstaklega vel og heldur heim á leið, til að skrifa minningar sínar og drekka, ekki endilega í þeirri röð. Kona hans, Katie, leikin af Tildu Swinton, fær þar með frekari hvatningu til að stinga af með framhjáhaldinu, Harry, leikinn af George Clooney.

Hinum megin í bænum eru einkaþjálfarinn Chad, leikinn af Brad Pitt, og Linda, leikin af Frances McDormand, upptekin af útlitsdýrkun í líkamsræktarstöðinni Hardbodies. Þegar diskur með hráum minningum Cox og upplýsingum af ýmsum toga kemst í hendur þeirra eru þau ákveðin að nýta sér fundinn til fulls.

ALGJÖR FÁVITI Slæmt hár er ekki eini löstur Chads, persónu Pitts.

ILLSKEYTTUR John Malkovich hræddi víst nágranna sína með öskrum á heimili sínu við undirbúning myndarinnar.

Tilda Swinton lýsir myndinni sem einhvers konar skrímslamynd. „Við erum öll skrímsli. En hún er fáránleg. Miklu léttari en No Country for Old Men." Swinton leikur hér í annað skiptið á móti Clooney, en persónur þeirra hötuðust í Michael Clayton. Á Clooney að hafa sagt við Óskarsverðlaunaleikkonuna: „Kannski fáum við einhvern tíma að gera mynd þar sem við segjum eitthvað fallegt við hvort annað." Burn After Reading er ekki sú mynd.

Þá á Pitt að hafa sagt þegar honum var sýnt handritið: „Ég veit ekki hvernig ég get leikið þennan karakter. Ég meina, hann er svo rosalega mikill fáviti." Bræður hafa þá hinkrað augnablik og svarað: „Þú verður fínn."

Það er því ljóst að hér er um fléttu af bestu gerð að ræða og má búast við að sjá nýjar hliðar leikaranna. Þá halda Coen-bræður fast í þema sitt, græðgi í einhverri mynd. Burn After Reading verður frumsýnd hérlendis í lok september.

kolbruns@frettabladid.is

Brúðurin fái ekki taugaáfall

Sveitabrúðkaup verður frumsýnd með pomp og prakt í kvöld. Brúðguminn úr myndinni, Björn Hlynur Haraldsson, missir hins vegar af sýningunni, sem er skondið í ljósi þess að myndin fjallar um par sem leita uppi eigið brúðkaup úti á landi og virðast við það að missa af því.

„Ég verð bara að fara á hana um helgina," segir Björn, sem verður við tökur á Hamrinum, nýjum spennuþætti. „Ég kem þannig séð tómur að þessari mynd, því það eru alls konar sögur í henni sem ég veit ekkert um hvað eru. Ég hlakka bara til að láta koma mér á óvart."

Valdís Óskarsdóttir skaut myndina á mörgum vélum og gaf leikurunum lausan tauminn að spinna við söguna. Það er því engin furða að Björn hafi ekki yfirsýn yfir efni myndarinnar. „Það var frekar sérstakt að taka þátt í þessu," segir Björn. „En við vöndumst fljótt aðferðinni sem hún var að nota og maður fór smátt og smátt að gleyma því að myndavélarnar væru þarna."

Um persónu sína segir hann: „Ég hef ekki gift mig en ég get ímyndað mér að það sé oft þannig að brúðguminn reyni bara að halda í við brúðina og sjá til þess að hún fái ekki taugaáfall. Og allar mæðurnar og frænkurnar líka. Hann reynir að hafa alla góða en hann klúðrar svolítið málunum."

Sjálfur vinnur Björn að kvikmyndahandriti og leikriti auk þess sem hann mun fylgja Vesturporthópnum til New York í nóvember.

MISSIR AF FRUMSÝNINGU Björn Hlynur leikur brúðgumann í Sveitabrúðkaupi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sá er reynt hefur vörur þessar, notar ekki aðrar

MÉR FINNST RIGNINGIN GÓÐ

RÁN

VIND- OG VATNSHELD

Hlýr og þægilegur
hlífðarfatnaður á krakkana.
Hægt að smella hettu af.
Vindlistar við alla rennilása.
Endurskyn að framan og
aftanverðu. Renndur mittisvasi.

VATNSHELT
VINDHELT

Verð:
Jakki 8.500 kr.
Buxur 6.500 kr.

66° NORÐUR

HEIÐMÖRK

Anorakur

Verð:
13.500 kr.

Frábær í rigningunni

66° NORÐUR

HEIÐMÖRK

Regnslá

Verð:
8.800 kr.

Hentug og nytsöm

Hægt að brjóta slánna saman inn í brjóstvasan

66° NORÐUR

HEIÐMÖRK

Hlífðarbuxur

Verð:
6.900 kr.

Tveir vasar og teygja í mittið.

Þægilegar regnbuxur úr vatnsheldu nyloni.

66° NORÐUR

> FROSNIR BANANAR

Ekki henda banönum þó þeir séu orðnir ansi dökkir á litinn. Afhýddu þá, settu í poka og smelltu inn í frysti. Frosna banana má nota í mjólkurhristinga eða drykkjarblöndur, en þá má líka þíða og nota sem mauk í kökur og bananabrauð.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN ELVA DÖGG MELSTEÐ FRAMKVÆMDASTÝRA

Ekki hrifin af gellum eða kolkröbbum

Hvaða matar gætirðu síst verið án?
Vatns og kjúklings, reikna ég með. Svo er ég líka ægilega mikill nammigrís þótt ég sé að rembast við að hætta því, en það er hægara sagt en gert.
Besta máltíð sem þú hefur fengið?
Humar sem maðurinn minn eldar, humar á heimsins bestu veitingahúsum jafnast ekki á við hann.
Er einhver matur sem þér finnst vondur?
Já, alveg slatti. Ég fíla til dæmis ekki gellur og ekki súrsaðan mat yfirhöfuð.
Leyndarmál úr eldhússkápnum?
Ég er ferlega lítill galdramaður í eldhúsinu, en mér finnst besta ráðið að vera með gott hráefni og svo getur maður yfirleitt bjargað sósum í lífsháska með slatta af rjóma, smjöri og koníaki. Sérstaklega gott fyrir línurnar líka …
Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?
Sætindi, hvaða nöfnum sem þau nefnast.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Ég reyni að eiga alltaf mjólk og banana, þótt ég geymi þá ekki í ísskápnum. Iðulega er til skyr líka.
Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér matarkyns?
Vatn, vatn, vatn og aftur vatn.
Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?
Ég er ekkert rosalega svag fyrir skrítnum mat en ég borðaði einu sinni kolkrabba og fannst það frekar ógeðslegt.

Portkonupasta

Pastasósan ítalska „puttanesca“, sem kennd er við portkonur, er í uppáhaldi hjá mörgum enda bragðmikil og góð. Hana má þó nota í fleira en pasta, því það er til dæmis tilvalið að baka fisk í álpappír með sósunni góðu. Leggið þá fiskinn ofan á sítrónusneiðar, hrúgið sósu að vild ofan á, lokið álpappírnum og bakið í ofni þar til fiskurinn er tilbúinn. Berið fram með heitu brauði og salati og njótið!

PASTA PORTKONUNNAR Puttanesca-sósuna má líka með góðu móti nota á fisk. NORDICPHOTOS/GETTY

PUTTANESCA
½ bolli ólífuolía
3 hvítlauksgeirar
2 bollar saxaðir tómatar
4 ansjósuflök
2 msk. tómatpasta
3 msk. kapers
20 kalamata-ólífur
½ tsk. muldar rauðar piparflögur

Fínsaxið hvítlaukinn, skolið og skerið ansjósurnar smátt. Fjarlægið steininn úr ólífunum og skerið gróft. Sigtið tómatana svo að mestur safinn renni af.

Hitið olíu í pönnu yfir lágum hita, steikið hvítlaukinn þar til hann er gullinn. Bætið tómötunum út í og eldið í 5 mínútur. Bætið ansjósum, tómatpasta, kapers, ólífum og rauðum piparflögum út í og eldið í 10 mínútur, hrærið í af og til.

Sesam og spergilkál

Spergilkál, eða brokkólí, er ekki bara meinhollt, það er líka dásamlega bragðgott. Gerðu úr því gratín ef þig langar í eitthvað heitt og gott, eða bættu því hráu út í salöt. Spergilkál má líka gufusjóða, eins og í uppskriftinni hér að neðan, og fer þá afar vel með sesamfræjum.

GUFUSOÐIÐ SPERGILKÁL Brokkólí er afspyrnu bragðgott, sérstaklega með sesamfræjum. NORDICPHOTOS/GETTY

SPERGILKÁL MEÐ SESAM
3 msk. sesamfræ
¾ tsk. salt
¾ tsk. rauðar piparflögur
500 g spergilkál
1 msk. sesamolía

Ristið sesamfræ á pönnu yfir miðlungshita þar til gullin, í um 5 mínútur. Setjið 1 msk. af sesamfræjum til hliðar. Setjið afganginn af fræjum í kryddkvörn ásamt ½ tsk. af piparflögum og salti, malið gróft.

Gufusjóðið spergilkálið, í bitum, í um sjö mín. Setjið í skál, blandið olíu, sesamfræjum og piparflögum saman við ásamt 2 msk. af sesampiparblöndunni. Blandið saman og berið fram ásamt afganginum af piparblöndunni.

Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?



Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Bragðlaukarnir ráða för

Fríða María Harðardóttir förðunarfræðingur er sjaldan heima á matmálstímum. Hún hefur þó gaman af að elda þegar tími vinnst til, enda eldamennskan henni svo til í blóð borin.

„Ég er voðalega hrifin af léttum réttum, á borð við þetta salat, en ég get svo sem ekki sagt að ég sé mikið í því að útbúa slíkt. Fjölskyldan er ekki alveg jafn hrifin, og það þarf að taka tillit til barnanna,“ segir Fríða María kímin. Hún býður lesendum Fréttablaðsins hér upp á uppskrift að girnilegu síðsumarsalati sem stenst haustsins tönn ef krónublöðunum er sleppt. Fríða María, sem starfar sem förðunarfræðingur, er dóttir veitingakonunnar Marentzu Poulsen, og segir því gnægt hugmynda í matargerðinni vera að finna í fjölskyldunni.

„Ég verð víst að standa mig í að halda heiðri fjölskyldunnar á lofti, þótt ég sé nú ekki alveg jafn mikil matargerðarkona,“ segir Fríða og hlær við. „Ég get nú samt gert ágæta hluti. Ég á mína spretti, þó að starfs míns vegna sé það nú yfirleitt maðurinn minn sem sér um eldamennskuna, ég er svo sjaldan heima á matmálstímum,“ útskýrir Fríða. Þegar hún eldar reynir hún hins vegar að leggja uppskriftabókunum og leyfa bragðlaukunum að ráða.

„Þetta salat er til dæmis bara eitthvert bull, ég blanda því saman sem mér finnst gott. Ég er hrifin af því að hafa ost, hráskinku og einhverja skemmtilega ávexti með grænmeti,“ segir Fríða María, sem blandar dressinguna einnig af fingrum fram. „Það er svo misjafnt hvað fólki finnst gott, sumir vilja hafa hana súrari, aðrir sætari … Það er bara að smakka sig áfram,“ segir hún.

PRÓFAR SIG ÁFRAM Fríða María Harðardóttir reynir að leggja uppskriftabókunum og smakka sig áfram þegar hún eldar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

BLANDAÐ SALAT
2 nektarínur
1 bréf Rioja skinka
4 ferskar fíkjur
2 mozzarella kúlur
Granateplafræ
Fersk myntulauf
Krónublöð af Skjaldfléttu og Morgunfrú

DRESSING:
Ólífuolía
Dökkt balsamik edik
Sítrónusafi
Hunang
Salt og pipar

SÍÐSUMARSALAT Salatið góða virkar alveg jafn vel um haust og vetur, þótt þá verði eflaust að sleppa morgunfrúnni og skjaldfléttunni.

Aðferð: Skerið nektarínurnar í þunna báta. Skerið fíkjurnar í fernt og rífið mozzarellakúlurnar niður. Skerið granateplin í tvennt og losið fræin úr með skeið. Blandið salatinu saman, stráið ferskum myntulaufum yfir og skreytið með krónublöðum af skjaldfléttu og morgunfrú úr garðinum.

Dressingu blandað vel saman, magn fer eftir smekk hvers og eins. Smakkið til með salti og pipar. **sunna@frettabladid.is**

Berjaspretta í fjóra mánuði

Hildur Hákonardóttir, höfundur bókanna Ætigarðurinn og Blálandsdrottningin, teygir berjasprettutímann. Hún ræktar til dæmis jarðarber, sólber, stikilsber og rifsber í garðinum og vínber inni við.

„Ég reyni að hafa grænmeti og ber fersk. Ég er þess vegna löt að sulta eða vinna berin mikið,“ útskýrir Hildur. Hún grípur þó af og til í önnur ráð. „Með rifsberin er ég eiginlega í kapphlaupi við þrestina og eina vonin til þess að vinna það er að gera hlaup úr þeim. Sólber sultaði ég heil í gamla daga, en nú frysti ég þau bara. Ef maður fær eftirþanka er svo alltaf hægt að gera sultu úr frosnu berjunum,“ bendir Hildur á.

Bláber og krækiber frystir hún gjarnan líka, og þá oft með dálitlum sykri. „Svo dreifi ég þeim bara í grunna ofnskúffu og hita, þá eru þau ljúffeng með hverju sem er,“ segir Hildur.

Næsta verkefni er hins vegar sultugerð úr nýtíndum hrútaberjum. „Ég ætla að prófa að gera svolítið beiska sultu úr þeim sem hentar með mat,“ segir Hildur. **- sun**

VILL FERSK BER Hildur Hákonardóttir ræktar ýmiss konar ber og hefur þau því fersk fjóra mánuði ársins. Hún frystir gjarnan afgangsber. MYND/EGILL BJARNASON

Langskólagengið grænmeti

Áhugaverðar staðreyndir um skólagöngu og suðureglur blómkáls

Hvíti hluti blómkálsins er kallaður ystingur

Skal ekki soðið í járnpotti því efnauppsetning blómkáls bregst við járninu á þann veg að það verður brúnt eða blágrænt

Er ásamt spergilkáli eina grænmetistegundin sem er blóm

Hentar einkar vel sem létt snarl við hvaða tilefni sem er með léttri sósu og fitusnauðum osti

Er mjög ríkt af C -vítamíni

inniheldur enga fitu eða kólesteról

Getur orðið gulleit þegar það er soðið í vatni en til að fyrirbyggja það er gott að setja matskeið af mjólk eða sítrónusafa út í vatnið

Ein af frægari tilvitnunum Mark Twain er að blómkál sé háskólagengið grænmeti

íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

ÍSLENSKA SÍA.IS SFG 41469 07/08

> DRAUGAUMBI

Lindsay Lohan og Blake Lively úr Gossip Girl hafa báðar orðið fyrir barðinu á óþekktum manni í New York sem þykist vera umboðsmaður þeirra og bókar þær á ýmsa viðburði, öllum til gremju þegar þær mæta svo ekki. Eins og talsmaður Lindsay orðar það: „Hann er hvorki fulltrúi Lindsay né Blake og enginn veit hver ógeðið er.“

fólk

folk@frettabladid.is

Moss aldrei betri í rúminu

Kate Moss fækkar fötum á myndum í nýjasta tölublaði bandaríska tímaritsins Interview, en myndirnar þykja með þeim djörfustu sem hafa birst af fyrirsætunni. Í viðtali við blaðamann tímaritsins leysir Kate einnig frá skjóðunni varðandi ýmis einkamál sín og talar meðal annars um hversu góðar konur yfir þrítugu séu í rúminu.

„Ég held að það sé af því að við vitum hluti. Við erum reyndar. Ég gat klæmst þegar ég var tvítug. En ég er miklu betri í rúminu núna,“ segir Moss, sem greinir frá því að það fyrsta sem hún taki eftir í fari karlmanna séu augu og varir. „Það fyrsta sem ég tek eftir á konum eru brjóstin,“ segir fyrirsætan hins vegar, og lýsir yfir vanþóknun sinni á brjóstastækkunum. „Svo margar vinkonur mínar hafa farið í þær og þær hafa mistekist. Brjóst einnar vinkonu minnar fór að stækka og það fór að blæða úr geirvörtunni. Önnur lenti í því að brjóstið fór að færast upp að öxlinni á henni. Annað var eðlilegt, og hitt var uppi við viðbeinið,“ segir fyrirsætan.

Moss hefur löngum verið þekkt fyrir fallegan fatasmekk og sprengfullan fataskáp. Hann notar hún sem vopn í uppeldinu á dótturinni Lilu Grace, sem er fimm ára gömul. „Ég er að geyma alla þessa Pucci-kjóla og dót sem ég klæddist þegar ég var sautján fyrir hana. Það eru múturnar: „Ef þú borðar ekki kvöldmatinn færðu ekki fötin mín. Þú munt ekki stækka, og þá kemstu ekki í fötin“,“ útskýrir fyrirsætan.

TJÁIR SIG UM EINKALÍFIÐ Kate Moss talar um kynlíf og brjóstastækkanir í nýju viðtali við tímaritið Interview.

Áfram vinir

Aðþrengda eiginkonan Nicollette Sheridan er hætt með unnusta sínum, ballöðusöngvaranum síðhærða Michael Bolton. Parið tók fyrst saman árið 1993 en hætti saman ári seinna. Þau byrjuðu aftur saman árið 2005 og tilkynntu trúlofun sína ári seinna. „Nicollette og Michael hafa ákveðið að slíta trúlofun sinni og skiljast sem vinir. Þau vona að fjölmiðlar sýni þeim skilning og gefi þeim tíma til að jafna sig,“ sagði talsmaður Nicollette Sheridan um sambandslitin.

SAMÖNTHU AÐ KENNA Faðir Lindsay segir að Samantha hafi slæm áhrif á dóttur sína.

Slæm áhrif á Lindsay

Nýjustu fregnir herma að Samantha Ronson, sem er hvað þekktust fyrir að vera kærasta Lindsay Lohan, ætli að skrá ævisögu sína. Faðir Lindsay, Michael Lohan, segir að þetta sanni að Samantha sé aðeins að notfæra sér Lindsay til að koma sjálfri sér á framfæri. „Ég hef þagað nógu lengi. Samantha er að nota dóttur mína. Enginn vissi hver Samantha var fyrr en hún kynntist Lindsay og nú ætlar hún að skrifa bók? Ég vona bara að Lindsay opni augun og átti sig á því hvaða fólk það er sem er að nota hana,“ sagði hinn reiði faðir um málið. Michael heldur áfram og segir að það sé Samönthu að kenna að Lindsay hafi fallið og sé á ný byrjuð að neyta áfengis.

Ársæll, Margrét og Sólný stilltu sér upp fyrir ljósmyndarann.

Íris Björk og Ýr voru fremstar í röðinni, enda mættu þær tveimur tímum fyrir tónleikana.

Ánægðir aðdáendur Bjarkar

Björk Guðmundsdóttir hélt velheppnaða tónleika í Langholtskirkju á þriðjudagskvöldið. Aðeins voru um þrjú hundruð miðar í boði og ruku þeir út á svipstundu þegar sala hófst. Þeir sem komust að fengu nóg fyrir peninginn.

Tónleikar Bjarkar í Langholtskirkju voru þeir síðustu á löngu tónleikaferðalagi hennar til kynningar á Volta-plötunni. Ljósmyndari Fréttablaðsins var á svæðinu og tók púlsinn á gestum fyrir tónleikana.

Sjá gagnrýni á síðu 48

Löng röð myndaðist skömmu fyrir tónleikana.

SUMARLEGIR AÐDÁENDUR Systurnar Ragna og Edda Gunnarsdætur biðu spenntar eftir Björk.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Hildur Rúna, mamma Bjarkar, skundaði í átt að inngangi Langholtskirkju.

Ólafur, Magnús, Lárus, Eyrún, Jóna og Lydia náðu að verða sér úti um miða.

Þetta ágæta fólk kom alla leið frá Ítalíu og Bandaríkjunum.

Stuðmenn og Flugfreyjukór í eina sæng

„Þetta verður fjölmennasta Stuðmannasveit sem hefur stigið á svið. Fyrir utan okkar hefðbundu forsöngvara, Egil og Birgittu, verða þrjár söngkonur með okkur á sviðinu: Margrét Ásgeirs Óskars- og Guðrúnardóttir, Margrét Eir og Heiða í Idol,“ segir Jakob Frímann Magnússon.

Stuðmenn blása nú um helgina til síns árlega stórdansleiks á Seltjarnarnesi. Eftir að Jakob hefur þulið upp þennan fríða flokk söngvara bætir hann því við að þarna sé aðeins hálf sagan sögð. Nú?

„Já, því upp úr miðnætti mætir Óðmaðurinn og Trúbrjóturinn Magnús Kjartansson til leiks og alls ekki einn síns liðs, heldur með heilan flugfreyjukór sem slæst í lið með Stuðmönnum í völdum lögum. Reikna má með því að Magnús rifji upp Óðmannahoppið og eitt til tvö Trúbrotsvers við þetta tækifæri.“

Að sögn Jakobs er þetta í sjöunda skipti sem efnt er til stórdansleiks með fulltingi Stuðmanna á Seltjarnarnesi. Það eru þeir Gróttumenn sem standa fyrir þessu húllumhæi sem hófst sem hverfishátíð þar sem menn komu saman til að grilla og luku því svo með að kíkja í íþróttahúsið á Seltjarnarnesi á ball með Stuðmönnum. „Síðan færðist þetta yfir í önnur hverfi og er nú með fjölmennustu héraðsmótum höfuðborgarsvæðisins,“ segir Jakob. - jbg

FJÖLMENN SVEIT Stuðmenn, gestasöngvarar og Flugfreyjukórinn syngja saman um helgina.

Einstök brjóst á listsýningu

Jónína Ósk Lárusdóttir vinnur að listsýningu þar sem brjóst verða í aðalhlutverki, en yfirskrift sýningarinnar er Ein-stök-brjóst.

„Ég verð með eitt hundrað svarthvítar ljósmyndir af kvenmannsbrjóstum á sýningunni. Þetta verða bara fallegar myndir, teknar rétt yfir barminn og alveg nafnlausar," segir Jónína Ósk Lárusdóttir, grafískur miðlari, um listsýningu hennar þar sem brjóst verða í aðalhlutverki.

„Konurnar verða á öllum aldri, þó að ég vilji ekki fara of neðarlega í aldri. Sú elsta sem hefur tilkynnt þátttöku sína er áttræð og alveg fjallhress með að koma til mín," segir hún og brosir. Myndataka verður í höndum ljósmyndarans Írisar Jóhannsdóttur og mun Matthildur Lárusdóttir aðstoða við tökurnar.

Mikill áhugi hjá konum

Hugmynd Jónínu kviknaði út frá hugsunum um brjóstakrabbamein. „Amma mín fékk brjóstakrabba fyrir nokkrum árum og núna nýlega var ein vinkona mín að greinast líka. Það er eiginlega kveikjan að þessu og sýningin er tileinkuð öllum konum sem hafa lent í þessu," útskýrir Jónína. „Hugsunin á bak við sýninguna er sú að við erum allar með einstök brjóst, hvernig sem þau eru í laginu og sama hvort við séum með eitt, tvö eða ekkert," bætir Jónína við. Þegar hafa um fimmtíu konur lýst yfir áhuga á að sitja fyrir á myndum. „Það er breið flóra í þeim hópi, sumar hafa misst brjóst og látið fylla upp í, aðrar eru ekki með neitt," útskýrir Jónína.

Safnað fyrir tækjum

Myndirnar verða til sölu og vonast Jónína til að geta notað fjármagnið sem þannig safnast í tækjakaup fyrir Landspítalann og í fræðsluefni. Hún mun einnig fá hóp listamanna til liðs við sig til að túlka hugmyndina enn frekar og verða verk þeirra boðin upp á uppboði.

BRJÓST Á LISTSÝNINGU Jónína Ósk Lárusdóttir, til hægri, hyggst sýna 100 myndir af kvenmannsbrjóstum á listsýningu í október. Með henni á myndinni er Dagný Erla Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er líka að leita að styrktaraðilum, allir styrkir eru mjög vel þegnir," segir hún. Sýningarstaður er sem stendur óráðinn, en Jónína stefnir á að geta opnað sýninguna í október, sem er mánuður brjóstakrabbameins. „Ef þú veist um brjóst sem gætu verið hluti af verkefninu er bara um að gera að hafa samband á einstokbrjost@gmail.com," segir Jónína.

sunna@frettabladid.is

Of líkt Harry Potter

Kvikmyndaverið Warner Bros. hefur stefnt indversku kvikmyndaveri vegna væntanlegrar kvikmyndar sem ber titilinn Hari Puttar – A Comedy of Terrors. Þykir forsvarsmönnum Warner Bros. titillinn óþægilega líkur myndunum vinsælu um galdrastrákinn Harry Potter, sem kvikmyndaverið framleiðir og vilja að hætt verði við sýningu myndarinnar.

Indverjarnir eru ekki sáttir við framvindu mála, þar sem myndin hefur verið lengi í undirbúningi en frumsýning í Asíu er áætluð 12. september næstkomandi. Hari Puttar kemur göldrum líka lítið við, en myndin ku fjalla um tíu ára dreng sem flyst til Bretlands og þarf að endurheimta leynilegan tölvukubb föður síns frá innbrotsþjófum.

„Við skrásettum Hari Puttar titilinn árið 2005 og það er óheppilegt að Warner hafi ákveðið að fara í mál svo skömmu fyrir frumsýningu myndarinnar okkar. Að mínu mati tengist eða líkist titillinn okkar Harry Potter ekki neitt," segir fulltrúi indverska kvikmyndaversins. Niðurstöðu í málinu er að vænta innan skamms.

HARRY POTTER Warner Bros.-kvikmyndaverinu þykir titill myndarinnar um Hari Puttar of líkur Harry Potter.

Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki

Við leitum að duglegu starfsfólki í verslanir okkar.

Við leggjum mikið upp úr því að starfsfólki okkar líði vel í vinnunni og rekum öflugt félagslíf. Einnig nýtur starfsfólk fjölda fríðinda.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára.

Umsækjendur fylli út umsókn á www.10-11.is eða hafi samband við verslunarstjóra í næstu verslun.

10-11 ...alltaf opið!
www.10-11.is

GUÐMUNDUR BERGKVIST Gleður lesendur sína með skondnum photoshop-myndum.

Sjö kraftmiklir íhaldsmenn

„Þetta er mitt áhugamál. Að búa til eitthvert svona grín og er það alveg óháð vinnunni," segir Guðmundur Bergkvist, kvikmyndatökumaður á fréttastofu Sjónvarps.

Guðmundur rekur bloggsíðuna kvistur.blog.is þar sem hann gleður oft lesendur sína með skondnum myndum sem hann hefur unnið í photoshop-forritinu. „Tilgangurinn er náttúrlega að fólk geti skellt upp úr og haft gaman af þessu. Kvikindisskapurinn er ekki hafður að leiðarljósi." Og nýverið birtist myndin Sjö kraftmiklir íhaldsmenn þar sem lagt er út af forsíðu Tinnabókarinnar Sjö kraftmiklar kristalkúlur. Yfirskriftin er: Sjö kraftmiklir íhaldsmenn. Hræringarnar í borgarstjórnarmálum undanfarinna vikna verða skemmtilegar komnar í þetta samhengi. Og svo þaulhugsað er þetta að Tobba, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, er komin í líki hundsins Tobba. Guðmundur segist ekki vera neinn Tinnasérfræðingur eins og þeir eru margir en las bækurnar í æsku. „En það þekkja allir Tinna og eiga því auðvelt með að tengja."



SJÖ KRAFTMIKLIR ÍHALDSMENN Þegar borgarstjórnarmálin eru komin í nýtt samhengi Tinnabókanna verður myndin skýrari.

- jbg

Á skaki með KK á Æðruleysinu

Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi og áhugaljósmyndari, fór með tónlistarmanninum KK á handfæraveiðar á dögunum. Hann gerði sér lítið fyrir og mokaði inn aflanum og KK hafði ekki við að gera að afla útgefanda síns.

KK SITUR OG BEITIR Í SKUTI ÆÐRULEYSISINS Það kom í hlut tónlistarmannsins að gera að afla útgefandans sem mokaði þeim gula upp. LJÓSMYND/JÓHANN PÁLL

„Við KK sigldum um Faxaflóa og upp á Kjalarnes. Í kvöldbirtunni. Dásemdarveður. Við tveir félagarnir. Að róa til fiskjar," segir Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi.

Tónlistarmaðurinn KK á trillu sem heitir Æðruleysið. Jóhann Páll er landkrabbi en segist hafa óskaplega gaman af því að vera á sjó. Og er þetta í annað skiptið sem hann fær að fljóta með KK á Æðruleysinu. Á sjó sé snerting við almættið, sérstaklega á litlum trillum, en þegar Jóhann var strákur í sveit á Dalvík var hann í trilluróðrum. Og lengi býr að fyrstu gerð eins og átti eftir að koma á daginn. Í það minnsta ef marka má JPV sem kann að segja ferðasöguna þannig að hann stendur uppi sem algjör sigurvegari.

„Sko, við renndum fyrir fisk og ég af eðlislægri hógværð tók með mér ryðgaða rúllu meðan KK var með nýjan eðalgrip. En meðan ég mokaði inn aflanum, helst ekki færri en þremur í einu, varð KK ekki var. En hann bætti það upp með því að reynast frábær í aðgerðinni og hjálpaði þar útgefanda sínum," segir JPV en þeir notuðu tækifærið og ræddu vænt-anlega plötu KK, Svona eru menn, sem Jóhann Páll gefur út. Að sögn útgefandans notuðu félagarnir tækifærið til að slúðra og velta einu og öðru fyrir sér. „Eitt lag á plötunni heitir „Á æðruleysinu" og er tileinkað mér. Textinn varð til eftir fyrstu sjóferðina. Ég veit ekki hvort þetta var útspekúleruð aðferð hans til að sjarmera útgefanda sinn. En þetta er assgoti gott lag."

JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON Mokaði inn aflanum á meðan KK varð ekki var.

Að sögn JPV var afli hans einkum þorskur. Sem var eins gott. „Ég er svo viðkvæmur maður að ég á erfitt með að horfa í brostin augu ýsunnar þegar hún er dregin. Fæ hroðalegt samviskubit."

KK lét krók koma á móti bragði og úrskurðaði megnið af afla útgefandans sem of lítinn við hávær mótmæli Jóhanns. „Já, ég mokaði inn en hann henti þeim mörgum fyrir borð á þeim forsendum að þeir væru svo litlir. Ég hef grun um að sá dómur hafi byggst á sársauka hans vegna þess að það var ég sem reyndist aflaklóin."

jakob@frettabladid.is

Gaultier blandar saman mismunandi efnisáferðum með gullnum silkikjól, kápu úr skinni og loðhúfu, sem prýddi nánast hverja fyrirsætu á sýningunni.

Heill klæðnaður í sama litatón er ein af helstu tískustefnum haustsins, og hana var líka að finna hjá Gaultier.

Dýraheimurinn var í stóru hlutverki hjá Gaultier og birtist í formi mynstra, felda og skinns.

Tíglapeysa fær nýtt líf með tíglum úr leðri, eins og hefðbundinn frakki er poppaður upp með skemmtilegu mynstri.

Rauð herðaslá ljáir kjólnum dramatískan blæ.

Svartar buxur, gjarnan dálítið víðar og karlmannlegar í sniðinu, eru á meðal heitustu flíkanna í haust.

Loðvesti sáust á mörgum tískupöllunum fyrir haustið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Jean Paul Gaultier í Hong Kong

Í Hong Kong, helstu tískuborg Asíu, stendur nú yfir tískuvika þar sem margir heitustu hönnuðir heims sýna línur sínar fyrir komandi haust. Jean Paul Gaultier reið á vaðið með sýningu þar sem dýraríkið er í hávegum haft, enda virðast loðfeldir vera á meðal ómissandi eigna fyrir haustið. Á næstu dögum munu hönnuðir á borð við Marc Jacobs, Oscar de la Renta og Donnu Karan færa Asíubúum hönnun sína.

WOODY ALLEN Leikstjórinn Woody Allen les aldrei gagnrýni um myndirnar sínar.

Les aldrei gagnrýni

Leikstjórinn Woody Allen horfir hvorki á kvikmyndir sínar í bíói né les um þær gagnrýni. Þess í stað vill hann einbeita sér strax að sínu næsta verkefni í stað þess að dvelja lengur við síðustu mynd. „Þegar myndirnar eru búnar er enginn tilgangur með því. Í mínu tilfelli les ég aldrei um þær. Ég held bara áfram mínu striki og lít ekki aftur," segir Allen. „Ég legg mjög hart að mér við hverja mynd en þegar henni er lokið þá er henni bara lokið. Það er enginn tilgangur í því að horfa til baka vegna þess að þú getur ekki lagfært myndina. Þess vegna læt ég hana frá mér og held áfram veginn."

Söðlar um

Leikkonan Tara Reid er nýjasta kvikmyndastjarnan sem reynir fyrir sér sem fatahönnuður. Tara, sem er best þekkt fyrir leik sinn í gamanmyndinni American Pie, hefur komið á laggirnar nýrri fatalínu sem ber nafnið Mantra. Línan inniheldur stuttermaboli, kjóla, sundföt og hettupeysur, svo eitthvað sé nefnt. Við skulum vona að hönnunarferill Töru gangi eilítið betur en kvikmyndaferill hennar.

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ

Sími: 553 2075
- bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

TROPIC THUNDER	kl. 5.40, 8 og 10.15	16
GET SMART	kl. 5.40, 8 og 10.15	L
MAMMA MIA	kl. 6 og 9	L

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAAKRÓNUM

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
TROPIC THUNDER	kl. 3:40 - 5:40 - 8 - 10:20	16
TROPIC THUNDER	kl. 5:40 - 8 - 10:20	VIP
STAR WARS	kl. 3:40 - 5:50 - 8	L
GET SMART	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
THE MUMMY 3	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
DARK KNIGHT	kl. 5:40 - 8:30 - 10:20	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 3:40D	L
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI		
GET SMART	kl. 10:20D	L
STAR WARS	kl. 5:30D	L
DARK KNIGHT	kl. 8:30 - 10:10	12
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:30D	L
WALL-E m/ensku tali	kl. 5:30	L

SAMBÍÓIN SELFOSS		
GET SMART SÍÐ. sýndagur	kl. 8 - 10:20	7
MAMMA MÍA SÍÐ. SÝN	kl. 5:50	L
WALL-E m/ísl. tali	kl. 5:50	L
SKRAPP ÚT	kl. 8	12
X-FILES 2	kl. 10:10	16
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
WALL-E. m/ísl. tali	kl. 6	L
GET SMART	kl. 8 - 10	L
STAR WARS	kl. 6 - 8	L
THE MUMMY 3	kl. 10	12
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
TROPIC THUNDER	kl. 8 - 10:20	16
GET SMART SÍÐ. SÝN.	kl. 8 - 10:20	7

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000		
TROPIC THUNDER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
TROPIC THUNDER LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16
MAKE IT HAPPEN	kl. 4 - 6 - 8 - 10.10	L
THE ROCKER	kl. 5.40 - 8 - 10.20	7
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
AUKAKRÓNUR 5%		

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!		
MAKE IT HAPPEN	kl. 5.40 - 8 - 10.20	L
X - FILES	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
THE STRANGERS	kl. 6 - 8 - 10	16
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
allar myndir - allar sýningar - alla daga		

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919		
THE ROCKER	kl. 5.30 - 8 - 10.30	7
SKRAPP ÚT	kl. 6 - 8 - 10	12
THE DARK KNIGHT	kl. 6 - 9	12
MAMMA MIA	kl. 5.30 - 8 - 10.30	L
AUKAKRÓNUR 5%		

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500		
TROPIC THUNDER	kl. 6 - 8 - 10.10	16
THE ROCKER	kl. 10.10	7
MAMMA MIA	kl. 6 - 8	L
AUKAKRÓNUR 5%		

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nóg að gera hjá Skítamóral

Boðuð endurkoma Skítamórals hefur hlotið góðar undirtektir frá því að hljómsveitin fór af stað í vor. „Við tókum smá syrpu í maí og núna er allt að fara í gang hjá okkur, við ætlum að vera öflugir í vetur," segir Arngrímur Fannar Haraldsson, betur þekktur sem Addi Fannar. „Við verðum í höfuðstöðvum Norðurlands, Sjallanum, um helgina, og svo rekur þetta sig bara koll af kolli. Við verðum á Selfossi 6. september og á Nasa helgina eftir það. Þar verður öllu til tjaldað og búið til eitt stórt Skímó-partí," segir Arngrímur.

Hljómsveitin tók upp tvö lög í vor og var að senda frá sér lagið Allt fyrir peninginn, sem fór í spilun á útvarpsstöðvum í vikunni. Frekari stúdíódvöl er ekki búið að negla niður sem stendur, en Arngrímur segir stefnuna tekna á nýja plötu. „Hún kemur ekki fyrir jólin, en við stefnum á útgáfu á næsta ári," segir hann. „Fólk sem vill fylgjast með okkur getur kíkt inn á myspace-síðuna okkar, ef það finnur okkur ekki í símaskránni," segir hann brosandi. Síðuna má finna á www.myspace.com/skitamorall. **- sun**

SKÍTAMÓRALL Boðuð endurkoma sveitarinnar hefur gengið vel og stefna strákarnir á að vera ötulir að spila í vetur.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sérstök upplifun í kirkju

Tónleikarnir sem Björk hélt á þriðjudaginn í Langholtskirkju voru lokapunkturinn á tónleikaferð hennar í tengslum við Volta-plötuna. Þeir voru ólíkir öðrum tónleikum í ferðinni – tónleikastaðurinn var kirkja sem tekur ekki nema rúmlega þrjú hundruð manns og aðaltilgangurinn með þeim var að hljóð- og myndrita efni fyrir útgáfu DVD-disks.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hátíðleg stemning í kirkju

Þetta var í annað sinn sem ég sé Björk spila í kirkju. Í fyrra skiptið var það í Union Chapel í London 1999 þar sem hún söng ásamt Brodsky-kvartettinum. Mjög eftirminnilegir tónleikar. Kirkjur eru góður kostur fyrir tónleika. Í þeim er yfirleitt góður hljómburður og það fylgir hátíðleg stemning því að vera í kirkju.

Tónleikarnir á þriðjudagskvöldið hófust með því að stelpurnar tíu í Wonderbrass-lúðrasveitinni spiluðu stuttan forleik, en svo kom Björk inn á sviðið og söng með þeim lagið Pneumonia af Volta. Næst kom Um akkeri og svo hurfu Wonderbrass af sviðinu, en inn kom Jónas Sen sem lék undir hjá Björk í laginu cover me. Pípuorgelið í Langholtskirkju er mjög tilkomumikið þar sem það blasir við á veggnum bak við altarið. Það kom ekki á óvart að Björk skyldi vilja nota það á tónleikunum. Jónas lék á orgelið í nokkrum laganna, meðal annars cover me, Dull Flame of Desire og Who is it?, en í öðrum lögum spilaði hann á sembal eða flygil.

Um miðbik tónleikanna kom 17 manna kór á sviðið og með honum flutti Björk m.a. lögin Vökuró, Sonnets / Unrealities XI, Mouth's Cradle og Oceania, öll af Medúllu. Tónleikarnir voru að mestu óraf-magnaðir, en þó var Mark Bell mættur með kjöltutölvuna þannig að raftaktar fengu að hljóma í nokkrum laganna.

Eftir um 40 mínútna leik og tólf lög hvarf Björk af sviðinu og tónleikagestir klöppuðu ákaft. Hún kom þá aftur ásamt Jónasi og Wonderbrass og saman tóku þau slagarann It's Oh So Quiet, en pípuorgelleikur Jónasar kom sérstaklega skemmtilega út í þessari nýju útgáfu. Eftir annað uppklapp var svo lagið Mouth's Cradle tekið aftur þar sem það hafði mislukkast í fyrra skiptið. Og svo var það búið.

Spilaði lítið af þekktum lögum

Þetta voru sérstakir tónleikar. Umgjörðin var óvenjuleg og lagalistinn var aðallega samsettur úr minna þekktum lögum Bjarkar. Þar af voru aðeins þrjú af Voltu. Það var ekkert Declare Independence, Earth Intruders, Army Of Me, All Is Full Of Love eða Bachelorette. Og útsetningarnar voru margar ólíkar þeim upprunalegu. Einn af stóru plúsunum við Björk er að hún gefur aldrei neitt eftir í sköpuninni. Hún skrifar nýjar útsetningar fyrir hverja tónleikaferð og í þessu tilfelli voru sum laganna í nýjum útsetningum fyrir þessa einu tónleika. Þetta voru flottir tónleikar og eftirminnilegir og ég hlakka mikið til að upplifa þá aftur þegar DVD-ið kemur út. **Trausti Júlíusson**

LAGALISTINN

1. Forleikur Wonderbrass
2. Pneumonia
3. Um akkeri
4. cover me
5. My Juvenile
6. Immature
7. Dull Flame Of Desire
8. Vökuró
9. Sonnets / Unrealities XI
10. Mouth's Cradle
11. Oceania
12. Who Is It?

--

13. It's Oh So Quiet

--

14. Mouth's Cradle aftur

TÓNLEIKAR
Björk
Langholtskirkja 26. ágúst
★★★★

Tónleikar Bjarkar í Langholtskirkju voru sérstök upplifun. Lagalistinn samanstóð af minna þekktum lögum söngkonunnar og útsetningar voru margar skemmtilegar, ekki síst fyrir tilþrif Jónasar Sen á pípuorgelið.

Dómsmorð í Bandaríkjunum

KVIKMYNDIR
USA vs. Al-Arian
Leikstjóri: Line Halvorsen
Sýnd á Reykjavík Shorts&Docs í Austurbæjarbíói í kvöld klukkan 21.
★★★

Forvitnileg heimildarmynd sem líður þó fyrir að vera of löng og að nokkru leyti úrelt.

Þegar anarkistahljómsveitin Total Fucking Destruction kom til Íslands fóru meðlimirnir að skoða Errósýninguna á Listasafni Reykjavíkur. Þegar þeir sáu verk Errós sem mótmæltu hernaðarhyggju og innrás Ísraelsmanna í Palestínu árið 1967 urðu þeir hneykslaðir og sögðust ekki búast við að það væri svona mikið gyðingahatur á Íslandi.

Það að vera hlynntur málstað Palestínumanna er í hugum Bandaríkjamanna ekki aðeins vafasamt heldur einnig glæpsamlegt. Þetta fékk Sami Al-Arian, prófessor í Háskóla Suður-Flórída, að kenna. Hann fluttist ungur að aldri til Bandaríkjanna frá Palestínu og hefur löngum verið öflugur talsmaður fyrir réttindum Palestínumanna. En eftir 11. september 2001 var hann handtekinn fyrir litlar sakir og gefið að sök að vera hryðjuverkamaður. Þetta er að sjálfsögðu hið versta mál og því þarft verk að gera heimildarmynd um dómsmorð þetta. Hin norska Line Halvorsen hefur gert einmitt það, en fyrir fimm árum gerði hún heimildarmyndina Et Steinkast unna, sem fjallaði um börn í Palestínu.

Á hinn bóginn verður að segjast eins og er að fyrir íslenska áhorfendur er fátt nýtt sem hér kemur fram. Við vitum af hernámi Ísraela í Palestínu og við vitum af því að brotið var á mannréttindum fólks í Bandaríkjunum í kjölfar 11. september. Og þó að maður hafi fulla samúð með Al-Arian og fjölskyldu hans eru kannski 98 mínútur full langur tími til að eyða í þeirra selskap, þegar lýsa mætti vandamálinu á mun styttri tíma. Myndin ber það einnig með sér að

hún kom út 2007 en var gerð 2006, svo að margt af því sem hér er lýst hefur þegar komið fram.

Það myndast þó talsverð spenna í lokin þegar kveðinn er upp dómur yfir Al-Arian, ekki aðeins einu sinni heldur tvisvar. Ef til vill er það ljótt að segja, en myndin verður áhugaverðari eftir því sem harmleikurinn verður ljósari. Samkvæmt texta í lok myndarinnar er líklegt að Al-Arian verði sleppt í nóvember 2008 og er hann að leita að landi til að taka við sér. Má ég þá leggja til að við „Bobby Fischerum" hann til Íslands. Hann gæti þá ef til vill haldið áfram störfum við Háskólann hér. **Valur Gunnarsson**

HEILDSÖLU LAGERSALA

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum og seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

40-80% afsláttur

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

Mikið úval af skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

Verðdæmi:	verð áður	verð nú
3. laga jakkar:	29.900,-	**11.900,-**
Skíðabuxur:	15.900,-	**8.900,-**
Skíðaúlpur	18.900,-	**7.900,-**
Golfjakkar	16.900,-	**7.900,-**
Útivistarjakkar	18.900,-	**7.900,-**
Super Stretch peysur	8.900,-	**2.900,-**
Soft Shell peysur	16.900,-	**4.900,-**
Barnaúlpur	9.900,-	**2.900,-**

Opnunartími:		
Fimmtudagur	28. ágúst	kl. 14-20
Föstudagur	29. ágúst	kl. 14-20
Laugardagur	30. ágúst	kl. 10-18
Sunnudagur	31. ágúst	kl. 11-18
Mánudagur	1. september	kl. 14-20

Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi

ZO·ON ICELAND

> Landsliðshópurinn tilkynntur í dag

Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson mun tilkynna landsliðshóp sinn fyrir leikina gegn Noregi og Skotlandi í undankeppni HM 2010 í hádeginu í dag. Frétt á heimasíðu norska félagsins Stabæk í fyrrakvöld gaf til kynna að Veigar Páll Gunnarsson og Pálmi Rafn Pálmason væru á meðal þeirra leikmanna sem Ólafur hefði valið í landsliðshóp sinn en landsliðsþjálfarinn sagði það hins vegar ekki alls kostar rétt í viðtali við Nettavisen í gær. „Við sendum út fax til 40-50 félaga um að umræddur leikmaður komi til greina í landsliðshópinn. Ég er ekki búinn að ákveða nákvæmlega hverjir verði í 22-manna leikmannahópnum. En það eru meiri líkur en minni á að ég velji Veigar Pál," sagði Ólafur við Nettavisen í gær.

sport
sport@frettabladid.is

HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR: ENDAÐI FRÁBÆRT TÍMABIL Á ÞVÍ AÐ VINNA ÁTTA GULL Á MÍ 15 TIL 22 ÁRA:

Þetta var meira gaman en það var erfitt

Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni endaði einstakt tímabil á skemmtilegan hátt þegar þessi fjölhæfa sjöþrautarkona vann átta greinar á Meistaramóti Íslands 15-22 ára sem fram fór á Sauðárkróksvelli um helgina. Helga vann 100 metra hlaup, 200 metra hlaup, 100 metra grindahlaup, hástökk, langstökk, þrístökk, kúluvarp og kringlukast á mótinu.

„Það var rosalega gaman að þessu og ég er ánægð með þetta. Ég hef áður unnið mörg gull á sama móti en ég keppti bara í það mörgum greinum núna að þetta tókst," segir Helga, sem vildi þó ekki gera of mikið úr þessu. „Þetta var meira gaman en það var erfitt. Þetta var síðasta mótið í sumar og ég ákvað bara að prófa það að fara í margar greinar. Sumar af þeim voru ekki mínar greinar eins og til dæmis þrístökk og kringlukast," segir Helga, sem þurfti að skipuleggja sig vel til þess að ná því að keppa alls staðar. „Það var svolítið um að maður var að hlaupa á milli greina en það er nú bara þannig þegar maður er að keppa í mörgum greinum. Maður þurfti að hlaupa eða stökkva á milli kasta og skipta um skó á milli," rifjar hún upp.

Helga Margrét fékk líka brons í níundu greininni, sem var spjótkast. „Spjótið klikkaði eins og alltaf en það hefði verið flott ef ég hefði náð að vinna það líka," sagði Helga Margrét, sem bætti eigið stúlknamet í kúluvarpi þegar hún varpaði kúlunni 13,21 metra og bætti gamla metið um 34 sentimetra.

Helga Margrét er ánægð með tímabilið en hún varð Norðurlandameistari unglinga í sumar, endaði í 7. sæti á HM 19 ára og yngri og bætti Íslandsmetið. „Ég get ekki verið annað en ánægð með sumarið. Ég get samt ekki sagt að þetta hafi verið langt fram úr mínum væntingum, þetta þróaðist svona eins og mig langaði til," segir Helga, sem ætlar að taka sér frí áður en undirbúningstímabilið fyrir næsta tímabil hefst. „Ég ætla að taka mér smá hvíld frá æfingum en hreyfi mig eitthvað í öðru en frjálsum. Ég er lítið búin að skoða næsta ár og ætla bara að taka mér smá frí," sagði Helga að lokum.

Landsliðsþjálfarinn mættur:

Ólafur var á vellinum í gær

FÓTBOLTI Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson lét sig ekki vanta á Fylkisvöll í gær og var þar ásamt aðstoðarþjálfaranum Pétri Péturssyni.

Hugsanlega hafa einhverjir leikmenn átt þar möguleika á því að vinna sér sæti í landsliðshópnum sem mætir Noregi og Skotlandi í næsta mánuði. Markverðirnir, Stefán Logi Magnússon hjá KR og Fjalar Þorgeirsson hjá Fylki, hafa báðir verið í leikmannahópum Ólafs og Stefán Logi lék til að mynda allan leikinn í síðasta leik á móti Aserum á Laugardalsvelli. - óþ

Fylkismenn sjálfum sér verstir

KR vann Fylki 0-2 í Landsbankadeild karla á Fylkisvelli í gærkvöld. Bæði mörk KR-inga komu í fyrri hálfleik en Vesturbæingar léku einum manni færri nær allan seinni hálfleik eftir að Guðmundur Reynir Gunnarsson fékk rautt. Fylkismenn náðu ekki að nýta sér liðsmuninn og eru áfram í mikilli fallhættu.

FÓTBOLTI KR-ingar voru langt frá sínu besta þegar þeir unnu Fylkismenn 0-2 í Landsbankadeild karla á Fylkisvelli í gærkvöld. Gestirnir nýttu hins vegar færi sín vel á meðan heimamenn náðu lítið að skapa sér þrátt fyrir að hafa verið mun meira með boltann í leiknum.

„Við vorum bara ekki nógu einbeittir í sóknaraðgerðum okkar. Við vorum í raun sjálfum okkur verstir í þessum leik og það var mjög leiðinlegt að tapa á móti gömlu liðsfélögunum með þessum hætti," sagði Ingimundur Níels Óskarsson, sem kom til Árbæjarfélagsins frá KR fyrr í sumar.

Jafnræði var með liðunum framan af fyrri hálfleik. Fylkismenn voru meira með boltann en náðu ekki að koma sér í nógu góð marktækifæri. Á meðan lágu KR-ingar aftarlega á vellinum og beittu stórhættulegum skyndisóknum sem báru þó nokkurn árangur.

ÖFLUGUR Portúgalinn Jordao Diogo átti góðan leik fyrir KR á Fylkisvelli í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FYLKIR	0-2	KR

0-1 Guðjón Baldvinsson (22.),
0-2 Björgólfur Takefusa (39.).

Fylkisvöllur, áhorf.: 985
Magnús Þórisson (5)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14-7 (8-4)
Varin skot	Fjalar 1 – Stefán Logi 6
Horn	6–5
Aukaspyrnur fengnar	16-11
Rangstöður	4-4

Fylkir 4–5–1 Fjalar Þorgeirss. 5 - Andrés Már Jóhanness. 6, Kristján Valdimars. 4, Ólafur Ingi Stígss. 3, Peter Gravesen 6, Ingimundur Óskarss. 7, Hermann Aðalgeirss. 6 (74., Björn Orri -), Valur Fannar Gíslason 5, Halldór Hilmisson 5 (83., Allan Dyring -), Kjartan Á. Breiðdal 5, Jóhann Þórhallss. 4 (70., Kjartan Andri 5).

KR 4–4–2 Stefán Logi 6 - Skúli Jón Friðgeirss. 5, Pétur Marteinss. 6, Grétar S. Sigurðars. 6, Guðmundur Gunnarss. 3, Gunnar Jónss. 6 (80., Ásgeir Örn -), Jónas Sævarss. 6, Bjarni Guðjónss. 6, ***Jordao Diogo 7**, Guðjón Baldvinss. 6 (54., Guðm. Pétursson 5), Björgólfur Takefusa 6 (65., Óskar Hauks. 5).

Á 22. mínútu skoraði KR-inguinn Guðjón Baldvinsson fyrsta mark leiksins þegar hann slapp einn inn fyrir vörn Fylkis og afgreiddi boltann af öryggi í netið framhjá varnarlausum Fjalari Þorgeirssyni.

Fylkismenn reyndu að svara en það vantaði að sóknarmenn liðsins kláruðu sóknirnar af meiri krafti og þau skot sem rötuðu á KR-markið voru máttlítil og í raun algjörir æfingaboltar fyrir Stefán Loga Magnússon í markinu.

KR-ingar bættu svo við öðru marki á 39. mínútu eftir glæsilega sókn. Jordao Diogo átti góðan sprett upp vinstri kantinn, tók létt þríhyrningsspil með Bjarna Guðjónssyni og náði sendingu fyrir markið á Björgólf Takefusa sem skoraði af stuttu færi. Vel útfærð sókn sem gjörsamlega splundraði slakri Fylkisvörninni.

Snemma í síðari hálfleik fékk KR-ingurinn Guðmundur Reynir Gunnarsson rautt spjald fyrir að fella Fylkismann þegar boltinn var víðs fjarri. Fylkismenn reyndu hvað þeir gátu til þess að nýta sér liðsmuninn og skora en lítið gekk.

Sóknaraðgerðir Fylkismanna voru sem fyrr í leiknum ósannfærandi og runnu allar út í sandinn án þess að heimamenn næðu að koma almennilegum skotum á mark KR-inga. KR-ingar féllu eðlilega aftar á völlinn eftir að þeir misstu mann útaf en lentu aldrei í vandræðum og sigldu sigrinum í höfn hægt og bítandi.

Til að bæta gráu ofan á svart hjá Fylkismönnum þá fékk fyrirliðinn Ólafur Ingi Stígsson rautt spjald en lokatölur urðu 0-2.

Guðjón Baldvinsson var sáttur með þrjú stigin í leikslok en fannst lítið til spilamennsku liðanna koma. „Þetta var hrikalega slappur leikur og það vilja örugglega margir áhorfendur fá endurgreitt fyrir að horfa upp á svona dæmi. Við kláruðum okkar færi vel og náðum að halda vel eftir að við missum mann útaf. Það er því ágætis léttir að hafa náð að klára leikinn," sagði Guðjón.

omar@frettabladid.is

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, er hvergi nærri smeykur út af leiknum gegn Aston Villa á Villa Park í kvöld:

Mættir til að ná hagstæðum úrslitum

FÓTBOLTI Seinni leikur FH og Aston Villa í annarri umferð forkeppni UEFA-bikarsins fer fram á leikvanginum Villa Park í Birmingham á Englandi í kvöld. Aston Villa vann fyrri leik liðanna á Laugardalsvelli sem kunnugt er fremur auðveldlega, 1-4, og er því í vænlegri stöðu upp á framhaldið að gera en þjálfarinn Heimir Guðjónsson hjá FH er fullur tilhlökkunar fyrir leikinn.

„Við erum mættir á Villa Park til þess að ná hagstæðum úrslitum og FH hefur reyndar gengið vel á útivöllum í Evrópukeppni síðustu ár. Við náum vonandi góðum leik og sýnum að það sé eitthvað varið í íslenska knattspyrnu," segir Heimir.

Heimir telur að FH-ingar hafi rekið sig á ýmislegt á Laugardalsvelli sem þurfi að laga fyrir leikinn á Villa Park.

„Við leggjum leikinn svipað upp og við gerðum á Laugardalsvellinum en þó með nokkrum áherslubreytingum. Það er ljóst að við verðum að spila betri varnarleik en við gerðum þá og það er mikilvægt að menn mæti í hjálparvörn þegar fljótir leikmenn eins og Ashley Young og Gabriel Agbonlahor koma aðvífandi," segir Heimir.

Martin O'Neill, knattspyrnustjóri Aston Villa, er bjartsýnn á að lið sitt komist áfram gegn FH og telur jafnframt að Villa geti farið alla leið í UEFA-bikarnum í ár.

„Ég held að við séum líklegir til þess að vinna UEFA-bikarinn í lok tímabils og við ættum að setja stefnuna á það," segir O'Neill í nýlegu viðtali á opinberri heimasíðu Aston Villa.

Heimir hefur ekki trú á því að Aston Villa vinni UEFA-bikarinn.

„Ekki ef þeir spila eins og þeir gerðu á móti Stoke um síðustu helgi. Þótt þeir séu með nokkuð sterkan leikmannahóp og góða blöndu af þessum enska kraftabolta og svona meginlandsbolta þar sem þeir vilja halda boltanum, þá held ég að þeir fari ekki alla leið," segir Heimir.

FH-ingum hefur ekki gengið sem skyldi í Landsbankadeildinni síðan þeir mættu Aston Villa á Laugardalsvellinum og tapað einum leik og gert eitt jafntefli, en Heimir telur að þátttöku Hafnarfjarðarliðsins í Evrópukeppninni sé þar ekki sérstaklega um að kenna.

„Úrslitin í síðustu tveimur leikjum í deildinni heima, þar sem við höfum fengið aðeins eitt stig, eru náttúrulega óásættanleg og við verðum að bæta fyrir það. Næsti leikur okkar í deildinni er 13. september þannig að það gefst góður tími til þess að fara yfir málin eftir seinni leikinn við Aston Villa. Þátttaka FH í þessum Aston Villa-leikjum er náttúrulega frábær fyrir klúbbinn og sér í lagi fyrir unga leikmenn liðsins og það er ekkert nema gott um það að segja," segir Heimir. - óþ

TILHLÖKKUN Heimir hlakkar til leiksins í kvöld og vonar að FH nái að sýna sitt rétta andlit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BJARTSÝNI O'Neill telur að Aston Villa geti farið alla leið og unnið UEFA-bikarinn á þessu keppnistímabili. NORDIC PHOTOS/GETTY

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

ÍSLAGNIR
Löggildir rafverktakar
Rafmagnsvandamál
Talaðu þá við okkur
Uppl. síma
8604507 / 8494007
islagnir@islagnir.is
www.islagnir.is

ÚTSALA

Opið laugardag 11-18 og sunnudag 12-17

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

Ljós og lampar

70% AFSLÁTTUR

Lín Design - kaffistell



Lín Design rúmteppi - hvít, svört og gyllt

240 x 260 sm **5.990** ~~16.900~~

270 x 280 sm **7.990** ~~19.900~~

Lín Design sæng - hvít

220 x 220 sm **14.900** ~~39.900~~

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR

Flísar

Dania, 2ja sæta sófi
L 2m, stillanlegir armar, fæst einnig 3ja sæta

69.900 ~~99.900~~

Kenia, stóll
Dökkgrár

24.900 ~~36.900~~

Sófaborð
Svart gler, 100x100x36 sm

54.900 ~~73.900~~

20% AFSLÁTTUR

Baumatic raftæki

Eldhúsborð
Hvítt/svart/stálfætur, 138x80x72 sm

14.900 ~~18.900~~

Eldhússtóll
Hvítur/svartur, stálfætur

6.490 ~~7.900~~

Stóll
Hvítur, stálfætur

5.900 ~~7.900~~

Borðstofusóll
Hvítur/svartur, fánlegur með hnotu- og eikarfótum

8.900 ~~12.900~~

Tungusófi, leður
Svartur, L 320 sm, tunga 180 sm

199.900 ~~349.900~~

ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

Veggfóður

ALLT AÐ **70%** AFSLÁTTUR

Gjafavara og búsáhöld - frábært úrval / frábært verð

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir | Hönnunarsetur

EGG ER MEÐ ALLT TIL AÐ
INNRÉTTA OG FEGRA HEIMILIÐ ÞITT

EGG SMÁRATORGI

EGG | Smáratorgi | Sími 525 3400 | www.egg.is | egg@egg.is | Opið virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 18 | Sunnudaga 12 - 17

ÚRSLIT

Forkeppni Meistaradeildar

Arsenal-Twente	4-0
Nasri, Gallas, Walcott, Bendtner.	
Marseille-Brann	2-1
M. Niang (2) - Kristján Örn Sigurðsson	
Liverpool-Standard Liege	1-0
D. Kuyt eftir framlengdan leik.	

Enski deildarbikarinn

West Ham-Macclesfield Town	4-1
0-1 G. Evans (5.), 1-1 Lee Bowyer (74.), 2-1 C. Cole (100.), 3-1 Z. Hines (105.), 4-1 K. Reid (117.).	
Fulham-Leicester	3-2
1-0 Z. Gera (31.), 1-1 P. Dickov (46.), 1-2 A. King (48.), 2-2 J. Bullard (83.), 3-2 D. Murphy (90.).	
Blackburn-Grimsby	4-1
0-1 T. Newey (7.), 1-1 C. Villanueva (18.), 2-1 M. Derbyshire (32.), 3-1 B. Emerton (39.), 4-1 M. Derbyshire (55.).	
Nottingham Forest-Sunderland	1-2
1-0 R. Earnshaw (60.), 1-1 P. Bardsley (86.), 1-2 D. Healy (93.).	

Landsbankadeild karla

1. Keflavík	17	11	4	2	43-24	37
2. FH	**17**	**11**	**2**	**4**	**38-19**	**35**
3. Valur	17	10	2	5	31-21	32
4. Fram	**18**	**10**	**1**	**7**	**23-15**	**31**
5. KR	18	9	2	7	30-20	29
6. Breiðablik	**17**	**7**	**6**	**4**	**34-25**	**27**
7. Grindavík	17	7	6	4	24-29	24
8. Fjölnir	**18**	**7**	**1**	**10**	**23-36**	**22**
9. Þróttur	17	4	7	6	22-33	19
10. Fylkir	**18**	**4**	**4**	**10**	**18-32**	**16**
11. HK	17	3	3	11	15-39	12
12. ÍA	**17**	**1**	**5**	**11**	**15-38**	**8**

Fram 3-1 Fjölnir

Laugardalsvöllur, áhorf.: 626 — Valgeir Valgeirsson (7)

1-0 Ívar Björns. (37.), 1-1 Kristján Hauks. (56.), 2-1 Paul McShane (60.), 3-1 Ívar Björns. (64.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16–6 (11–2)
Varin skot	Hannes 1 – Þórður 7
Horn	7–11
Aukaspyrnur fengnar	14-7
Rangstöður	3-1

FRAM 4–5–1		FJÖLNIR 4–5–1	
Hannes Þ. Halldórs.	6	Þórður Ingason	6
Jón Orri Ólafsson	5	Heimir Guðmunds.	4
Auðun Helgason	7	Ásgeir A. Ásgeirsson	4
Reynir Leósson	6	Kristján Hauksson	5
Samuel Tillen	6	Magnús I. Einarsson	4
Ívar Björnsson	7	Tómas Leifsson	4
Heiðar G. Júlíusson	8	Ólafur Páll Johnson	3
(87., Daði Guðm.	-)	(71., Gunnar Gunn.	-)
Paul McShane	7	Ágúst Þór Gylfason	3
(75., Almarr Ormars.	-)	(71., Andri Ívars.	-)
Halldór H. Jónsson	7	Gunnar M. Guðm.	3
Joseph Tillen	5	Pétur Georg Markan	4
(68., Ingvar Þór	6)	Ólafur Páll Snorrason	3
***Hjálmar Þórarin.**	**8**	(90., Aron Jóhanns.	-)

**Maður leiksins*

Óskabyrjun íslensku stelpnanna

Íslenska kvennalandsliðið endurskrifaði söguna í tvennum skilningi á Ásvöllum í gærkvöld. Liðið vann bæði sinn stærsta sigur í Evrópukeppni frá upphafi og í fyrsta sinn fyrsta leik sinn í nýrri keppni. Helena Sverrisdóttir átti frábæran dag og var úti um allan völl í bókstaflegri merkingu.

KÖRFUBOLTI Íslenska kvennalandsliðið byrjaði frábærlega í Evrópukeppninni í körfubolta þegar liðið vann 15 stiga sigur á Sviss, 68-53, á Ásvöllum í gær. Þetta er bæði stærsti sigur liðsins í Evrópukeppninni frá upphafi sem og í fyrsta sinn sem liðið vinnur fyrsta leik sinni í keppninni. Helena Sverrisdóttir átti stórleik með íslenska liðinu, skoraði 25 stig, tók 10 fráköst og gaf 7 stoðsendingar.

„Við stefndum að þessu og það er rosalega gaman að vera búnar að fá fyrsta sigurinn," sagði Helena Sverrisdóttir í leikslok. Helena var úti um allan völl í bókstaflegri merkingu í gær því hún spilaði nánast allar stöður á vellinum og gerði það með glans. „Það er svolítið gaman að fara úr fimmunni í ásinn, yfir í þristinn og svo í fjarkann eða eitthvað annað. Ég veit að ég get spilað allar stöður sem er kostur fyrir mig," sagði Helena. Hún var mjög sátt við félaga sína í liðinu. „Við vorum að spila flott saman. Það kom stundum smá hiksti í þetta hjá okkur en í heildina var liðsheildin að gera mjög góða hluti. Mér fannst þetta flottur leikur hjá okkur og eitthvað sem við getum byggt ofan á," sagði Helena áður en hún rauk að skrifa eiginhandaráritanir en íslensku stelpurnar höfðu nóg að gera eftir leik að skrifa á plaköt sem liðið gaf út á dögunum.

GÓÐ LIÐSHEILD Íslensku stelpurnar voru baráttuglaðar og náðu mikilvægum sigri í fyrsta leik sínum í Evrópukeppninni í körfubolta í B-deild. Hér er María Ben Erlingsdóttir í baráttunni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

FRÁBÆR Helena Sverrisdóttir átti mjög góðan leik fyrir Ísland í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Helena spilaði frábærlega og við lékum aftur það bragð að byrja með hana inn í teig. Með því náðum við að létta aðeins pressunni á henni og það virkaði ágætlega. Við sáum það líka í endann að þær voru komnar í box og einn á hana og það er slæmt þegar það er tekinn box og einn á þig í landsleik," sagði Ágúst Björgvinsson landsliðsþjálfari eftir leikinn.

Íslenska liðið náði frumkvæðinu snemma leiks og var með ágæt tök á leiknum í fyrri hálfleik en þó munaði aðeins fimm stigum í hálfleik. Ísland var 24-19 yfir eftir fyrsta leikhluta og 39-34 yfir í hálfleik. Helena skoraði síðan sjö fyrstu stig seinni hálfleiks á sama tíma og vörnin lokaði á svissnesku sóknina og eftir það var leikurinn í öruggum höndum íslenska liðsins. Eftir smá óöryggi í fyrri hálfleik léku stelpurnar mjög vel í þeim seinni og unnu öruggan sigur.

„Þetta er óskastart og það er ekki hægt að biðja um meira en að fá sigur í fyrsta leik. Það er alltaf erfitt að ná í þennan fyrsta sigur og nú er hann kominn sem er frábært," sagði Ágúst. „Það mátti alveg búast við því að það væri smá spenna í liðinu í byrjun leiks. Við sáum það strax í byrjun að við eigum mjög góða möguleika á að geta unnið þetta lið. Mér fannst kannski vera smá stress og smá pirringur í liðinu að vera ekki að spila betur í fyrri hálfleik. Við töluðum um margt í hálfleik en það var talað um það að njóta augnabliksins og einbeita sér að góðri vörn. Mér fannst sóknarleikurinn vera allt í lagi í fyrri hálfleik en þá var varnarleikurinn að klikka hjá okkur. Það var helsti munurinn á fyrri og seinni hálfleik," sagði Ágúst.

Helena átti eins og áður sagði mjög góðan leik en það voru fleiri að standa sig vel. Kristrún Sigurjónsdóttir hitti frábærlega fyrir utan þriggja stiga línuna eða úr 4 af 5 skotum sínum og setti persónulegt met í landsleik með því að skora 14 stig. Pálína Gunnlaugsdóttir skoraði 11 stig og hefur heldur ekki skorað meira í einum landsleik. Fyrirliðinn Signý Hermannsdóttir var líka sterk í vörninni og endaði með 8 stig, 8 fráköst og 4 varin skot.

Næsti leikur íslenska liðsins er á laugardaginn á móti Hollandi á útivelli. ooj@frettabladid.is

EVRÓPUK. KVK. B-DEILD

ÍSLAND-SVISS 68-53

Stig Íslands: Helena Sverrisdóttir 25 (10 frák.,7 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 14 (hitti úr 4 af 5 þriggja stiga skotum), Pálína Gunnlaugsdóttir 11 (5 frák.), Signý Hermannsdóttir 8 (8 frák.,4 stoðs., 4 varin), Petrúnella Skúladóttir 3, Sigrún Ámundadóttir 3 (5 frák.), Hildur Sigurðardóttir 2 (5 stoðs.), María Ben Erlingsdóttir 2.

Framarar héldu áfram góðu gengi sínu í Landsbankadeild gegn Fjölni í gær:

Framarar fóru á kostum

FÓTBOLTI Fram vann öruggan sigur á Fjölni, 3-1, á heimavelli sínum í Laugardal í gærkvöld. Fram er því enn í fjórða sæti deildarinnar og í harðri baráttu um sæti í Evrópukeppni félagsliða. Fjölnir hefur aðeins náð í eitt stig í sjö leikjum og er enn í áttunda sæti.

Framarar voru miklu betri aðilinn í fyrri hálfleik og komust verðskuldað yfir þegar átta mínútur voru til leikhlés.

Fjölnismenn komust vart yfir miðju og hafa líklega aldrei leikið verr á leiktíðinni. Fram réðu lögum og lofum á vellinum og hefðu hæglega getað skorað fleiri mörk þó að færin hefðu ekki verið mörg.

Fjölnismenn voru mun atkvæðameiri á fyrstu mínútum síðari hálfleiks en í öllum fyrri hálfleiknum. Liðið sótti af krafti og uppskar verðskuldað jöfnunarmark aðeins níu mínútum eftir að Valgeir Valgeirsson flautaði til síðari hálfleiks.

Það tók Fram aðeins fjórar mínútur að komast aftur yfir og skömmu seinna var munurinn kominn í tvö mörk og Framarar aftur komnir með öll tök á leiknum og hefðu hæglega getað unnið stærra.

Fjölnismenn náðu ekki að fylgja eftir góðum leik gegn FH og áttu aldrei möguleika gegn firnasterku liði Fram sem lék sinn besta leik í sumar.

Hjálmar Þórarinsson var frábær í leiknum og lagði upp ófá færin fyrir samherja sína auk þess sem Þórður Ingason varði nokkrum sinnum vel frá honum.

Hjálmar tók undir að Fram spilaði sinn besta leik á tímabilinu. „Ekki spurning. Þetta var frábær leikur. Það gekk allt upp í dag. Menn höfðu virkilega gaman af því sem þeir voru að gera í dag. Frábær leikur í alla staði."

Fram lék mun öflugri sóknarbolta en liðið hefur áður sýnt í sumar og greinilegt að liðið getur hæglega blandað sér í toppbaráttuna á lokasprettinum haldi liðið uppteknum hætti í næstu leikjum.

„Þetta var algjör viðsnúningur frá síðustu leikjum. Blússandi sóknarbolti og við hefðum hæglega getað skorað fleiri mörk," sagði Hjálmar.

„Við lögðum leikinn ekkert öðruvísi upp en aðra leiki. Við ætluðum að keyra yfir þá, vinna leikinn og hafa gaman af þessu. Það tókst í dag."

Fjölnir hefur átt í vandræðum í síðustu leikjum eins og eitt stig í sjö leikjum gefur til kynna. „Það er alltaf erfitt að mæta þeim en jú, ég reiknaði með þeim sterkari."

Eini góði leikkafli Fjölnis kom í upphafi síðari hálfleiks. „Þetta var aldrei spurning eftir að við skoruðum í seinni hálfleik. Það fer um mann þegar þeir jöfnuðu en við þjöppuðum okkur saman og keyrðum yfir þá.

Ég hef trú á því að sóknarleikurinn sé að smella. Við höfum farið vel yfir hann á æfingum og við höfum skorað fleiri mörk í seinni umferðinni. Við sækjum líka á fleiri mönnum og liðið er samstilltara einhvern veginn. Það er óhætt að segja að við stefnum að Evrópusæti eins og staðan er núna," sagði Hjálmar í leikslok.

- gmi

GÓÐUR SIGUR Hannes Þ. Halldórsson og félagar í Fram halda áfram góðu gengi sínu í Landsbankadeildinni FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Liverpool - Stoke
19. - 22. september

Liverpool klúbburinn á Íslandi og Úrval Útsýn bjóða upp á ferð á leik Liverpool og Stoke. Beint áætlunarflug með Icelandair til Manchester og gisting á Radison SAS hótelinu í Liverpool sem er glæsilegt 4 stjörnu hótel

Verð: 88.500 kr. á mann í tvíbýli

Innifalið: flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, miði á leikinn, rútur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn

Aukagjald f. einbýli 24.500 kr.

Nánari upplýsingar og bókanir á
www.uu.is eða í tölvupósti tonsport@uu.is

ÚRVAL ÚTSÝN
ICELANDAIR

ÖFLUG Anna Úrsúla Guðmundsdóttir er ein besta handboltakona landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

N1-deild kvenna í handbolta:

Anna Úrsúla til meistaranna

HANDBOLTI Landsliðslínumaðurinn Anna Úrsúla Guðmundsdóttir hefur ákveðið að spila með Íslandsmeisturum Stjörnunnar næsta vetur en Anna hefur spilað allan sinn feril með Gróttu fyrir utan eitt tímabil í Noregi.

Anna Úrsúla er einn besti leikmaður deildarinnar og þetta er því mikill missir fyrir Gróttuliðið en félagið er þó ekki alveg búið að horfa á eftir henni því Anna fer á eins árs lánssamningi til Stjörnunnar.

Heimildir Fréttablaðsins segja þó að Anna ætli sér að reyna að komast út eftir næsta tímabil og spili því líklega ekki aftur fyrir Gróttu. - óój

MÆTTUR AFTUR Í SLAGINN Ingi Þór Steinþórsson þjálfaði KR-liðið frá 1999 til 2004.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ingi Þór aðstoðar Benedikt:

Tveir meistara-þjálfarar hjá KR

KÖRFUBOLTI KR-ingar tilkynntu í gær að Ingi Þór Steinþórsson myndi aðstoða Benedikt Guðmundsson með meistaraflokk karla í vetur.

Enn berast því góðar fréttir af KR-ingum en í síðustu viku ákváðu þeir Jón Arnór Stefánsson og Jakob Örn Sigurðarson að spila með KR á næsta tímabili.

Benedikt og Ingi Þór eiga það sameiginlegt að vera einu þjálfarnir sem hafa gert KR að Íslandsmeisturum undanfarin sautján ár, Ingi Þór vorið 2000 og Benedikt í fyrra. Það verða því tveir meistaraþjálfarar við stjórnvölinn í DHL-Höllinni í vetur. - óój

HM í handbolta árið 2011:

Svíar og Danir keppa um HM

HANDBOLTI Næsta heimsmeistaramót í handbolta fer fram í Króatíu 2009 en Ísland verður ekki með þar.

Ekki er hins vegar enn búið að ákveða hvar HM fer fram 2011, sem er næsta heimsmeistaramót sem Ísland á möguleika á. Alþjóða handboltasambandið mun tilkynna val sitt í október en fjórar þjóðir sækjast eftir því að halda keppnina. Þetta eru Danmörk, Svíþjóð, Ungverjaland og Spánn. - óój

Rakel Hönnudóttir og Mateja Zver ná vel saman í framlínu Þórs/KA í Landsbankadeild kvenna:

Hafa skorað 12 mörk í síðustu 3 leikjum

FÓTBOLTI Lið Þórs/KA í Landsbankadeild kvenna hefur slegið í gegn í Landsbankadeild kvenna í sumar og stelpurnar að norðan eru núna komnar upp í 4. sæti eftir þrjá flotta sigurleiki í röð.

Þór/KA hefur unnið þrjá síðustu leiki með markatölunni 15-1 þar sem framherjaparið Rakel Hönnudóttir og Mateja Zver hefur farið á kostum og skorað saman tólf mörk. Rakel, sem hefur skorað fimm þessara marka og lagt að auki upp stærsta hluta hinna markanna, er ánægð með að hafa fengið Zver til liðsins.

„Við erum að ná vel saman. Þetta var eigilega það sem vantaði í liðið. Síðan hún kom hefur sóknarleikurinn okkar batnað mikið. Það er líka mjög fínt að vera ekki lengur ein frammi," segir Rakel kát og bætir við:

„Mér líst mjög vel á þetta hjá okkur og það er búið að ganga mjög vel síðan að hún kom," segir Rakel en Þór/KA-liðið hefur unnið fimm af sex leikjum með slóvenska framherjann í byrjunarliðinu.

„Við erum að spila þrjár frammi og miðjan okkar er síðan að gera mjög vel að loka á sóknirnar hjá hinum liðunum," segir Rakel, sem sjálf hefur skorað fimmtán mörk í sumar og er því í baráttu um silfur- og bronsskóinn haldi hún áfram að raða inn mörkum.

FIMMTÁN MÖRK Rakel Hönnudóttir hefur verið einn besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

„Það getur vel verið að mér takist að krækja í skó en það verður bara að koma í ljós. Það skiptir ekki öllu máli," segir Rakel en það er meira undir að ná besta árangri norðanliðs í efstu deild kvenna.

„Besti árangurinn fyrir þetta sumar var fimmta sæti og við erum á góðri leið með að bæta það. Markatalan okkar hefur líka aldrei verið í plús en nú erum við með fimmtán mörk í plús þannig að þetta er að ganga mjög vel. Markmiðið okkar var að vera um miðja deild þannig að þetta kemur okkur ekkert á óvart. Við þurfum bara að halda áfram að spila okkar leik og þá held ég að þetta komi," segir Rakel að lokum. - óój

HAUSTNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í SEPTEMBER

Haustnámskeið í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna

ÞAR SEM ÖLL FJÖLSKYLDAN GETUR FUNDIÐ EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI Í TÓNLISTINNI.

25.000 kr. niðurgreiðsla fyrir þá sem geta notað Frístundakort ÍTR*

Söngur og framkoma
Þetta er nú í áttunda skipti sem þetta skemmtilega og gagnlega námskeið er haldið. Margrét Eir Hjartardóttir sem leiðir þetta námskeið sem fyrr en hún útskrifaðist sem söngkennari frá Linklater akademiunni í New York í fyrra. Þetta er námskeið fyrir þá sem ætla að fara að stíga sín fyrstu skref á söngsviðinu t.d. með því að fara á áheyrnarprufur leikhúsanna, sjónvarpsstöðvanna eða jafnvel ganga til liðs við hljómsveit. Einnig hentar þetta þeim sem lengra eru komnir sem vilja leysa ákveðin vandamál hjá sér eins og t.d. hæsi eða þreytu í raddböndum.

Í FYRSTA SKIPTI!

Barna- og unglinganámskeið
Þá er komið að nýju námskeiði fyrir þá yngri. Núna verður námskeiðið byggt upp í kringum Evróvisjónæði okkar Íslendinga. Skólinn á í fórum sér undirspil af öllum Íslensku Evróvisjónlögunum og mun námskeiðið miða að því að undirbúa skemmtilega tónleika fyrir vini og vandamenn.

Kennarar að þessu sinni eru Jón Jósep Snæbjörnsson Evróvisjónfari og Hulda Dögg Proppé.
Gestir verða Evróvisjónhetjurnar Selma Björnsdóttir og Birgitta Haukdal.

Gítarnámskeði fyrir byrjendur
Viltu vera stjarnan í partýinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski að stofna hljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennsla fer fram í hóptímum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítagripin.
Lengd námskeiðs: 12 vikur
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.

Fyrir þá sem vilja læra meira
Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einkakennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, hljómfræði og kenndar upphafslínur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter" -tegundir gítara og- gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum.
Lengd námskeiðs: 12 einkatímar
Aldur: Fyrir alla aldurshópa.

Kennarar að þessu sinni eru: Vignir Snær Vigfússon, Gunnar Þór Jónsson og Hafþór Valur Guðjónsson.

Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School"
Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School". Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro Tools 101 og Pro Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

Veitir rétt til framhaldsnáms
Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro Tools Operator" sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

*Nánari upplýsingar á www.itr.is um möguleika Frístundakortsins. Á ekki við um námskeið í tónvinnslu.

Námskeiðin hefjast í september.
Kennt verður í Kópavogi, Grafarvogi, Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur og hljóðveri RMP
Skráningar á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is
eða í síma 534 9090

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

Ógnað úr öllum stöðum á vellinum

Sex leikmenn íslenska handboltalandsliðsins skoruðu þrjú mörk eða fleiri að meðaltali í leik á Ólympíuleikunum í Peking og Ísland átti tvo af þremur markahæstu leikmönnum mótsins, Snorra Stein Guðjónsson og Guðjón Val Sigurðsson.

PEKING 2008 Það þurfti sameinað átak margra leikmanna til þess að fá íslensku silfurverðlaunin á Ólympíuleikunum í Peking. Þegar tölfræði liðsins er skoðuð sést vel að það spiluðu margir leikmenn vel og mörk liðsins dreifðust vel á allar leikstöðurnar á vellinum.

Það er gaman að líta betur yfir þennan glæsilega hóp sem færði íslensku þjóðinni fyrstu ólympíuverðlaunin í hópíþrótt. Hver getur gleymt ótrúlegum viðtölum íslensku fjölmiðlamannanna við mentorinn og læriföðurinn Ólaf Stefánsson eða stáltaugum Snorra Steins Guðjónssonar á úrslitastundu? Járnmaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson spilaði sig í gegnum meiðsli sem hefðu haldið mörgum frá í margar vikur og stálmaðurinn Alexander Petersson gaf ekkert eftir þótt hann væri oft að glíma við miklu stærri og þyngri menn. Villimennirnir Sverre Jakobsson og Ingimundur Ingimundarson mynduðu magnað miðjupar og íslenski björninn Sigfús Sigurðsson spilaði líka dýrmætar mínútur. Íslendingar eignuðust líka markvörð í heimsklassa á úrslitastundu í Björgvini Páli Gústavssyni sem varði yfir 20 skot bæði í átta liða úrslitunum og undanúrslitunum. Hver getur heldur gleymt tvíhöfðanum á vinstri vængnum, annars vegar hinum rólega og yfirvegaða Arnóri Atlasyni en hins vegar hinum svellkalda og óhrædda Loga Geirssyni sem er alltaf tilbúinn að taka stóra skotið? Logi sjóðhitnaði á hárréttum tíma í undanúrslitaleiknum og skaut Spánverjana í kaf.

Alls voru það sex leikmenn liðsins sem náðu að skora yfir 3 mörk að meðaltali í leik sem hefur ekki gerst áður hjá íslenska landsliðinu á stórmóti og sjöundi maðurinn, Róbert Gunnarsson, var heldur ekki alltof langt á eftir.

Í fyrsta sinn átti íslenska landsliðið líka fleiri en einn mann í úrvalsliði móts og gott betur því þrír íslenskir leikmenn voru valdir í lið mótsins. Íslenska liðið á sex leikmenn meðal þeirra 24 markahæstu á leikunum og Snorri Steinn setti met með því að lenda í öðru sæti en Valdimar Grímsson hafði hæst náð 3. sætinu á Ólympíuleikunum í Barcelona 1992.

Annars var það liðsheildin og íslenski baráttuandinn sem sá til þess að liðið kom alltaf klárt í slaginn og gafst heldur aldrei upp. Á bak við liðið starfaði síðan frábært teymi þjálfara og aðstoðarfólks og landsliðsþjálfarinn sýndi mikinn þroska sem þjálfari að bæði læra af reynslunni og nýta sér frábært starf góðra manna.

Hér á síðunni má sjá framlag leikmanna liðsins í markaskori og annarri tölfræði og þar sést vel hvernig þetta dreifist og að það var ógnað úr öllum stöðum hjá íslenska landsliðinu í Peking.

ooj@frettabladid.is

ÞRÍR GÓÐIR Ólafur, Snorri Steinn og Guðjón Valur á pallinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON

43

43 MÖRK
17 HRAÐAUPPHLAUPSMÖRK
17 MÖRK ÚR HORNUM
3. MARKAHÆSTUR Á MÓTINU
65 PRÓSENTA SKOTNÝTING
29 ÁRA OG 187 CM

Guðjón Valur Sigurðsson sýndi mikla hörku þegar hann spilaði sig í gegnum slæm ökklameiðsli sem höfðu haldið mörgum meðalmanninum frá keppni. Guðjón Valur var traustur eins og áður og skoraði flest mörk liðsins úr bæði hornum og hraðaupphlaupum.

BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON

92

92 VARIN SKOT
13,1 SKOT VARIÐ Í LEIK
38,2 PRÓSENT
23 ÁRA OG 192 CM

Björgvin varði yfir tuttugu skot í tveimur leikjum í röð í útsláttarkeppninni og átti risastóran þátt í að íslenska liðið fór í úrslit. Björgvin átti einnig góða innkomu strax í fyrsta leik á móti Rússum. Björgvin sprakk út á sínu fyrsta stórmóti og er frábær viðbót við liðið.

ALEXANDER PETERSSON

31

31 MARK
9 STOLNIR BOLTAR
12 HRAÐAUPPHLAUPSMÖRK
16. MARKAHÆSTUR Á MÓTINU
EFSTUR Í STOLNUM BOLTUM
28 ÁRA OG 186 CM

Alexander átti enn á ný frábært mót með landsliðinu, var öflugur í sókninni en sem fyrr frábær í vörninni þar sem hann glímdi hvað eftir annað við mun hávaxnari og þyngri menn. Alexander tók einnig meira af skarið í sókninni auk þess að breyta mörgum leikjum með því að stela boltanum og búa til mörk úr engu.

LOGI GEIRSSON

25

25 MÖRK
17 MÖRK MEÐ LANGSKOTUM
24. MARKAHÆSTUR Á MÓTINU
26 ÁRA OG 190 CM

Logi Geirsson kom rosalega sterkur inn í seinni hluta mótsins og átti sinn langbesta leik í undanúrslitunum á móti Spáni þar sem hann skoraði hvert þrumumarkið á fætur öðru. Logi er óútreiknanlegur og allaf tilbúinn að skjóta á markið sem gerir það að verkum að hann myndar frábært mótvægi við yfirvegaðan og skynsaman leik Arnórs.

RÓBERT GUNNARSSON

19

19 MÖRK
18 MÖRK AF LÍNU
70 PRÓSENTA SKOTNÝTING
28 ÁRA OG 190 CM

Róbert var traustur á línunni eins og oft áður. Fáir klára færin sín betur og Róbert skoraði mörg góð mörk úr þröngum og erfiðum færum. Hann er farinn að þekkja vel inn á skyttur liðsins eftir áralanga samvinnu og það skilar sér í mörgum góðum sóknum.

ÓLAFUR STEFÁNSSON

29

29 MÖRK
38 STOÐSENDINGAR
18 MÖRK MEÐ LANGSKOTUM
20. MARKAHÆSTUR Á MÓTINU
STOÐSENDINGAHÆSTUR
35 ÁRA OG 196 CM

Ólafur Stefánsson var nokkuð frá sínu besta í upphafi móts og virkaði þungur í fyrstu leikjunum. Fyrirliðinn fór fyrst að blómstra þegar íslenska liðið var komið inn í átta liða úrslitin og lék frábærlega í útsláttarkeppninni. Ólafur skoraði þá mörg dýrmætustu mörk liðsins og fann félaga sína hvað eftir annað með frábærum sendingum. Þá eru ótalin áhrif hans á andlegu hliðina í liðinu en þar spilaði besti íslenski handboltamaðurinn fyrr og síðar aðalhlutverkið, að fá leikmenn liðsins til að trúa því að liðið gæti unnið verðlaun.

ARNÓR ATLASON

25

25 MÖRK
30 STOÐSENDINGAR
24. MARKAHÆSTUR Á MÓTINU
4. STOÐSENDINGAHÆSTUR
24 ÁRA OG 191 CM

Arnór Atlason fór fyrir íslensku sókninni í riðlakeppninni og spilaði þá einstaklega vel. Arnór var eins og Guðjón Valur að spila sig í gegnum meiðsli og hann gaf aðeins eftir þegar leið á. Arnór var liðinu samt gríðarlega mikilvægur og skapar skemmtilegt mótvægi við viltan leik Loga Geirssonar.

SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON

48

48 MÖRK
21 MARK ÚR VÍTAKÖSTUM
15 MÖRK AF LÍNU
62 PRÓSENTA SKOTNÝTING
2. MARKAHÆSTUR Á MÓTINU
27 ÁRA OG 187 CM

Snorri Steinn Guðjónsson var aðalmaðurinn í sóknarleik íslenska liðsins og tók hvað eftir annað af skarið á mikilvægum tímapunktum. Snorri Steinn tryggði íslenska liðinu tvisvar sinnum jafntefli með mörkum á lokasekúndunum og endaði síðan á því að vera aðeins einu marki frá því að verða markakóngur leikanna. Snorri hefur fullkomnað það að leysa inn á línu eitthvað sem Magnus Wislander gerði svo vel fyrir Svía á sínum tíma.

HREIÐAR LEVY GUÐMUNDSSON

39

39 VARIN SKOT
7,8 SKOT VARIN Í LEIK
31,7 PRÓSENT
28 ÁRA OG 193 CM

Hreiðar kom okkur á Ólympíuleikana með frábærri markvörslu í forkeppninni í maí en var meira í hlutverki varamarkvarðar að þessu sinni, þökk sé frábærri markvörslu Björgvins Páls. Bestu leikir hans voru í jafnteflunum á móti Dönum og Egyptum sem tryggðu liðinu sæti í 8 liða úrslitunum.

3

STURLA ÁSGEIRSSON

3 MÖRK
28 ÁRA OG 182 CM

7

ÁSGEIR ÖRN HALLGRÍMSSON

7 MÖRK
24 ÁRA OG 191 CM

SVERRE JAKOBSSON

14 VARIN SKOT Í VÖRN
31 ÁRS OG 196 CM

8

SIGFÚS SIGURÐSSON

8 MÖRK
33 ÁRA OG 198 CM

4

INGIMUNDUR INGIMUNDARSON

4 MÖRK
28 ÁRA OG 193 CM

Gerum hús að heimili

AFSLÁTTUR 50 % — AFSLÁTTUR 70 %

TV skenkur	Verð	95.000
	Nú	**28.500**
Leðurstóll	Verð	28.500
	Nú	**14.250**

AFSLÁTTUR 50 %

Borð + 6 stólar	Verð	139.000
	Nú	**69.500**
Glerskápur	Verð	115.000
	Nú	**57.000**

AFSLÁTTUR 60 %

Glerskápur	Verð	145.000
	Nú	**58.000**
Spegill	Verð	85.000
	Nú	**34.000**
Borð	Verð	75.000
	Nú	**30.000**

AFSLÁTTUR 50 %

Relax leðurstóll	Verð	79.000
	Nú	**39.500**
Borð	Verð	25.000
	Nú	**12.000**



VERÐHRUN!
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAG

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAGA 10-18 OG SUNNUDAGA 13-18

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FABRIKAN

dagskrá

> Samuel L. Jackson

„Mér finnst að þeir sem segjast ekki hafa gaman af því að horfa á sjálfa sig í bíómyndum, ættu að hætta að skrökva.“ Jackson leikur í myndinni xXx The Next Level sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SKYGGNIST INN Í LÍF ÞEKKTRA MANNESKNA

Góð heimildarmynd er gulli betri

Ég er óskaplega hrifin af fólki. Í gegnum tíðina hef ég oft límst við sófann fyrir framan Út og suður, þar sem hver áhugaverð manneskjan á fætur annarri trítlar inn á skjáinn í fylgd Gísla Einarssonar. Það er spennandi að fá að kíkja inn í líf áður óþekktrar manneskju sem er svo hugrökk að opna dyr sínar fyrir sjónvarpsfólki og þar með sæg áhorfenda. Það er ekki síður spennandi að fá að kíkja inn í líf þekktrar manneskju sem sýnir sama hugrekki.

Á mánudagskvöldið sá ég heimildarmyndina Ár í ævi J.K. Rowling á Rúv. Rowling finnst mér forvitnileg fyrir margar sakir, ekki bara af því að ég er stórhrifin af bókaflokki hennar um Harry Potter. Ég hef velt því fyrir mér hvernig tilfinning það sé að ganga með litla hugmynd í maganum, streða við að koma henni á pappír, fá neitun á neitun ofan frá útgefendum og verða svo vitni að því þegar hún breytist í eitthvert fyrirbæri sem tröllríður heiminum. Hvernig tekst maður á við væntingarnar sem fylgja því að skrifa eina metsölubók og þurfa að fylgja henni eftir með sex til viðbótar? Hvernig tekst maður á við það að fara frá því að vera atvinnulaus, yfir í að eiga svo margar milljónir að maður hefur varla tölu á þeim?

Myndin á Rúv sýndi var afspyrnu góð, sérstaklega af því að heimildargerðarmanninum, sem fylgdi höfundinum eftir í heilt ár, tókst fyrir vikið að fá hana til að slaka heilmikið á. Við lokaspurningunni, um hvernig Rowling myndi vilja að heimurinn minntist hennar, kom ekki eitt orð um Potter-strákinn. Rowling svaraði: „Sem manneskju sem gerði það besta sem hún gat við þá hæfileika sem henni voru gefnir.“ Ef það er ekki góð lífsfilósófía þá veit ég ekki hvað.

Þegar þetta er skrifað bíð ég svo spennt eftir næstu innsýn í líf mér ókunnrar konu, ljósmyndarans Annie Leibovitz.

EKKI MISSA AF

▶ **18.50 Aston Villa - FH**
STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.35 The IT Crowd**
SKJÁREINN



▶ **21.00 The Dresden Files**
STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.30 Trúður (Klovn IV)**
SJÓNVARPIÐ

▶ **21.40 The Kill Point** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Dáðadrengurinn (2:3)(e)
17.54 Lísa (5:13) (e)
18.00 Krakkar á ferð og flugi (12:20)
18.20 Andlit jarðar (6:6) (e)
18.30 Nýgræðingar (Scrubs) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Chris í sælgætisgerðinni (Chris på chokoladefabrikken) (1:2) Í þáttunum fer líkamsþjálfarinn Chris MacDonald í heimsókn í súkkulaðiverksmiðju. Þar eru 900 starfsmenn og margir orðnir allt of feitir af stöðugu návígi við sælgætið en Chris fræðir fólkið um heilbrigði, hreyfingu og næringu.
20.45 Hvað um Brian? (What About Brian?) (18:24) Bandarísk þáttaröð um Brian O'Hara og vini hans. Brian er eini einhleypingurinn í hópnum en hann heldur enn í vonina um að hann verði ástfanginn.
▶**21.30 Trúður** (Klovn IV) (3:10) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
22.00 Tíufréttir
22.25 Sex hlekkir (Six Degrees) (6:13) Bandarísk þáttaröð. Þræðirnir í lífi sex New York-búa tvinnast saman þótt fólkið þekkist ekki neitt.
23.10 Lífsháski (Lost) (81:86) (e)
23.55 Kastljós (e)
00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

06.10 xXx The Next Level
08.00 Big Momma's House 2
10.00 Robots
12.00 Last Holiday
14.00 Big Momma's House 2
16.00 Robots
18.00 Last Holiday
20.00 xXx The Next Level Hörkuspennandi mynd með Samuel L. Jackson, Willem Dafoe og Ice Cube í aðalhlutverkum.
22.00 Munich
00.40 The Woodsman
02.05 Lawnmower Man
04.00 Munich

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (136:300)
10.15 Sisters (20:24)
11.15 Logi í beinni
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Forboðin fegurð (25:114)
13.55 Forboðin fegurð (26:114)
14.45 How I Met Your Mother (19:22)
15.10 Ally McBeal (9:23)
15.55 Sabrina – Unglingsnornin
16.18 Shin Chan
16.43 A.T.O.M.
17.08 Hlaupin
17.18 Doddi litli og Eyrnastór
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (18:25) Áttunda þáttaröðin um Simpsonfjölskylduna.
19.55 Friends (9:24)
20.20 The Moment of Truth (12:25)
20.55 Las Vegas (8:19) Við fylgjumst með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæframenn og aðrar veikgeðja sálir.
▶**21.40 The Kill Point** (5:8) Félagar úr hernum ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja bankarán. Þegar planið fer úrskeiðis grípa þeir til örþrifaráða og taka starfsfólk bankans og viðskiptavini í gíslingu.
22.25 ReGenesis (12:13) Hörkuspennandi þáttaröð um ógnvænlega framtíð þar sem mannkynið er farið að leika hlutverk skaparans.
23.15 The Brown Bunny
01.45 The Tesseract
03.20 Something the Lord Made
05.05 Las Vegas (8:19)
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Liverpool - Standard Liege Útsending frá leik Liverpool og Standard Liege.
14.05 Countdown to Ryder Cup Hitað upp fyrir Ryder Cup þar sem Evrópa og Bandaríkin mætast.
14.30 Forkeppni Meistaradeildar Útsending frá leik Arsenal og Twente í forkeppni Meistaradeildar Evrópu
16.10 Landsbankamörkin 2008 Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð í þessum magnaða þætti.
17.10 UEFA Cup Útsending frá leik FH og Aston Villa í Evrópukeppni félagsliða.
▶**18.50 Evrópukeppni félagsliða** Bein útsending frá síðari leik Aston Villa og FH í Evrópukeppni félagsliða.
21.00 10 Bestu – Rúnar Kristinsson Fjórði þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
21.45 Formula 3 Sýnt frá Formúlu 3 en að þessu sinni var keppt á hinni fornfrægu Silverstone braut í Bretlandi. Á meðal keppenda eru Íslendingarnir Kristján og Viktor.
22.15 History of the Ryder Cup Saga Ryder Cup skoðuð í bak og fyrir.
23.35 Evrópukeppni félagsliða Útsending frá leik Aston Villa og FH.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Wigan og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
17.20 Enska úrvalsdeildin Newcastle og Bolton í ensku úrvalsdeildinni.
19.00 English Premier League
20.00 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
20.30 PL Classic Matches Liverpool - Man. United, 93/94. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches Chelsea - Liverpool, 01/02.
21.30 Goals of the Season Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
22.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
23.50 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
19.20 Life is Wild (e)
20.10 Family Guy Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
▶**20.35 The IT Crowd** (11:12) Bresk gamansería um tölvunörda sem eru best geymdir í kjallaranum. Jen lendir í vandræðum með brjóstahaldara á stjórnarfundi og það setur af stað röð óheppilegra atvika.
21.00 The King of Queens (12:13)
21.25 The King of Queens – Lokaþáttur
21.50 Law & Order: Criminal Intent (19:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Kvenkyns geimfari er myrtur á hótelherbergi sínu. Goren og Eames rannsaka málið og yfirheyra fyrrum kærasta og afbrýðisama starfsfélaga. Upp úr krafsinu kemur að hún átti í leynilegu ástarsambandi og það eru margir sem vildu hindra að upp kæmist um sambandið.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 Britain's Next Top Model (e)
00.20 Da Vinci's Inquest
01.10 Trailer Park Boys
02.00 Vörutorg
03.00 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12:15 daginn eftir.
20.30 Gönguleiðir þáttur um áhugaverðar gönguleiðir á Íslandi. Endursýnt kl. 21.30 og 22.30

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

The Moment of Truth

Ótrúlegur spurningaþáttur, ólíkur öllum öðrum, sem hóf nýverið göngu sína í Bandaríkjunum. Hann varð strax einn af vinsælustu þáttunum þar og olli miklu umtali. Þátttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum rétt til þess að vinna háar peningaupphæðir en það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er tengdur lygamæli.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

The King of Queens – lokaþáttur

Skjár einn kl. 21.00

Í kvöld verður sýndur tvöfaldur lokaþáttur þar sem Heffernan-fjölskyldan kveður fyrir fullt og allt. Hjónabandsvandræði Doug og Carrie halda áfram og þau hugleiða hvort framtíð þeirra liggi saman. Það koma líka upp vandræði á brúðkaupsdaginn hjá Arthur og Ava.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Dragspilið dunar
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Hádegisleikhúsið: Dauði trúðsins
13.15 Á sumarvegi
14.03 Kvikmyndatónskáld tuttugustu aldar
14.43 Náttúrupistill
15.03 Útvarpssagan: Hafborg
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Flækingur
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Á sumarvegi
19.40 Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Rósin rjóð
22.45 Druslubækur og doðrantar
23.30 Betri stofan
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (3:260)
16.30 Hollyoaks (4:260)
17.00 Seinfeld (12:24)
17.30 Talk Show With Spike Feresten (12:22)
18.00 The Dresden Files (3:13)
19.00 Hollyoaks (3:260)
19.30 Hollyoaks (4:260)
20.00 Seinfeld (12:24)
20.30 Talk Show With Spike Feresten (12:22) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.
▶**21.00 The Dresden Files** (3:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.
22.00 Hotel Babylon (3:8) Charlie Edwards er hótelstjóri á Hótel Babylon þar sem fína og fræga fólkið heldur til. Hann sér til þess hvern dag að starfsfólkið hafi hugann við það sem öllu máli skiptir.
22.55 Ghost Whisperer (41:44)
23.40 Myndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Reynslunni ríkari Umsjón: Ásdís Ólsen. Gestir þáttarins miðla áhorfendum ÍNN af reynslu sinni.
20.30 Nútímafólk Umsjón: Randver Þorláksson. Gestir: Atli Rafn Sigurðsson og Brynhildur Guðjónsdóttir leikarar.
21.00 Neytendavaktin Umsjón: Ragnhildur Guðjónsdóttir. Gestur: Sigríður Dögg Arnardóttir sérfræðingur hjá Kaupþingi.
21.30 Í nærveru sálar Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Penge **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet med Vejret **11.25** Grøn glæde **11.50** Hvad er det værd? **12.20** Søren Ryge præsenterer **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Flight 29 savnes! **13.35** Roskilde Festival **14.35** Den amerikanske drage **15.00** Gepetto News **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Den store dag **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Landsbyhospitalet **20.45** Den indre skønhed **22.15** Min afrikanske forbindelse - Kenya

NRK 1

10.00 NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Tinas mat **12.35** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.05** Fabrikken **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Pysjklubben **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Peo **16.05** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Dyrisk **18.25** Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Rebus **20.40** Hvorfor det? **21.05** Kveldsnytt **21.20** Urix **21.50** Medisinering av barn **22.45** Mad TV **23.25** Kulturnytt **23.35** Norsk på norsk jukeboks **01.00** Sport Jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Grön glädje **12.25** Fråga doktorn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Kinas hopp **14.55** Wallace & Gromit. Magnifika mackapärer **15.00** Emil i Lönneberga **15.25** Krumelurdjur **15.30** Lisas sagoshow **15.45** Guden Shiva **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Med pukor och trumpeter **19.00** Filmkrönikan special **20.00** Debatt **20.45** Sixties **21.15** Kulturnyheterna **21.30** Min dotter är terrorist **22.25** Sändningar från SVT24

MORGUNMATURINN

Ég fæ mér bara banana og ristað brauð með osti. Mjög einfalt.

Kristján Jónasson, kaupmaður í Kjötborg.

Strákarnir mæta Frökkum á ný

Hárdoktorinn Jón Atli Helgason og félagar hans hjá Jóni Jónssyni hafa ákveðið að bjóða íslenska landsliðinu í handbolta á tónleika Sebastien Tellier í kvöld í tilefni silfursins. „Þetta verður þá í annað sinn sem íslenska liðið mætir Frökkum, en í þetta sinn vinna allir. Óli er góður vinur okkar og þetta er okkar leið til þess að óska honum til hamingju með árangurinn, með alvöru heimkomupartíi," segir Jón Atli sem er viss um að hann beri einhverja ábyrgð á velgengni íslenska landsliðsins. „Við Dj Margeir bjuggum til fjóra geisladiska fyrir Óla Stefánsson sem hann tók með sér út á leikana. Við völdum lög á diskana sem okkur þóttu viðeigandi við þetta tækifæri, uppbyggjandi og hvetjandi lög ásamt nokkrum fallegum og rólegum lögum. Þetta tók hann með sér út og þetta virðist hafa borið einhvern árangur. Óli veit greinilega hvernig á að undirbúa sig fyrir stórmót." Jón Atli segist að sjálfsögðu hafa fylgst með leikjum liðsins þótt hann muni lítið eftir úrslitaleiknum sjálfum. Aðspurður segir Jón Atli strákana ekki fá aðgang baksviðs. „Þeir eru búnir að komast í návígi við Frakka og eitt skipti er alveg nóg. Núna eiga þeir bara að mæta og skemmta sér." Örfáir miðar eru enn til sölu og hvetur Jón Atli sem flesta til að mæta og halda upp á árangurinn með strákunum og njóta góðrar tónlistar. - sm

UNDIRBJÓ SIG VEL Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, undirbjó sig vel fyrir leikana. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

TIL HEIÐURS STRÁKUNUM Jón Atli býður strákunum okkar á tónleika í tilefni árangursins á leikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BJÖRK Rússneski auðkýfingurinn og dóttir hans heilluðust af söng Bjarkar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EIGANDI CHELSEA: LAGÐI RÍKA ÁHERSLU Á AÐ FÁ MIÐA Á BJÖRK

Alsæll Abramovich sá Björk

„Já, hann lauk för sinni á Bjarkartónleikum rétt áður en hann hvarf af landi brott," segir Þór Kjartansson hjá True North.

Roman Arkadyevich Abramovitsj, einn ríkasti maður heims og eigandi Chelsea meðal annars, var á Íslandi í þrjá daga ásamt börnum sínum fjórum og fylgdarliði. Kvikmynda-, atburða- og þjónustufyrirtækið True North annaðist heimsókn Abramovich sem lagði á það ríka áherslu, þegar hann sá að Björk var með tónleika á þriðjudagskvöldið, að fara á þá sem hann og gerði ásamt dóttur sinni og þremur úr fylgdarliðinu. Þór segir það reglu hjá fyrirtækinu að ræða ekki einstök atriði varðandi viðskiptavini sína en staðfestir það að fyrirtækið hafi, að ósk Abramovich, bjargað rússneska auðkýfingnum um miða á Björk. Tónleikar Bjarkar voru í Langholtskirkju og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins líkaði Abramovich sérlega vel það sem hann sá en hann þekkir vel til tónlistar Bjarkar og taldi það til forréttinda að sjá hana halda tónleika í litlum sal á heimavelli. Ásamt Björk komu fram meðal annarra hljómsveitin Wonderbrass og Jónas Sen – þetta voru órafmagnaðir tónleikar og síðustu tónleikarnir í Volta-tónleikaferð Bjarkar. Sérlegur fylgdarmaður Abramovich var tónleikahaldarinn Kári Sturluson enda öllum hnútum kunnugur.

Þór segir Abramovich hafa komið hingað til lands fyrst og fremst til að njóta dvalar með börnum sínum og óskaði eftir eins mikilli ró og eins miklu næði og kostur var til að vera með þeim. „Það tókst mjög vel og ég held hann hafi verið yfir sig ánægður með þetta rólega og afslappaða umhverfi sem Ísland getur boðið upp á. Þau fóru vítt og breitt um Suðvesturlandið og kynntust mörgu skemmtilegu bæði í afþreyingu og náttúru."

Með reglulegu millibili gerist það að True North berast fyrirspurnir frá auðkýfingum og óskum um að fyrirtækið haldi utan um heimsókn fólks sem kýs frið. Þór segir að Ísland bjóði upp á slíkt og ber íslenskum fjölmiðlum vel söguna í því sambandi.

jakob@frettabladid.is

ABRAMOVICH Var hér í þriggja daga frí með börnum sínum fjórum og fór vítt og breytt um suð-vesturhornið.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bók **Hrafns Jökulssonar**, Þar sem vegurinn endar, fór hátt á sölulista fyrir síðustu jól enda um afbragðs bók að ræða. Nú eykst enn vegur Hrafns því skólakerfið hefur tekið bókinni fagnandi og verður hún kennd bæði við Austurbæjarskóla og Menntaskólann á Laugarvatni.

Einn helsti sérfræðingur landsins í Gettu betur, **Stefán Pálsson** sagnfræðingur, var fljótur að benda á að bollaleggingar hins nýja stigavarðar þar, **Ásgeirs Erlendssonar** og blaðamanns Fréttablaðsins í gær, þess efnis að hann væri fyrsti stigavörðurinn af karlkyni stæðust ekki. Árið 1990 sáu **Oddný Eir Ævarsdóttir** og enginn annar en **Jón Atli Jónasson**, leikskáld með meiru, um tíma- og stigavörslu – sem þar með telst fyrsti karlinn til að tækla stigavörsluna. Blaðið og Ásgeir hafa það hins vegar sér til varnar í málinu, líkt og Stefán segir, að þau voru ekki eins áberandi og síðari stigaverðir, þar sem þau sátu ekki í sviðsmyndinni, heldur úti í sal og var myndatökuvélunum sjaldan beint að þeim.

Meðlimir hljómsveitarinnar Sprengjuhöllin koma víða við og þannig er söngvarinn **Bergur Ebbi Benediktsson** lögfræðingur Útflutningsráðs eins og margoft hefur komið fram. Hljómborðsleikarinn **Atli Bollason** er einnig á framabraut utan tónlistarbransans en hann hefur nú verið ráðinn sérlegur kynningarfulltrúi Forlagsins. - jbg

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT
2. blað, **6.** munni, **8.** herma, **9.** fugl, **11.** fyrir hönd, **12.** flatfótur, **14.** kvk nafn, **16.** skóli, **17.** eyja í írlandshafi, **18.** fugl, **20.** skóli, **21.** staðarnafn.

LÓÐRÉTT
1. tarfur, **3.** samtök, **4.** ósigur, **5.** fley, **7.** land í Evrópu, **10.** flýtir, **13.** angan, **15.** ilmur, **16.** skammst., **19.** tveir eins.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. lauf, **6.** op, **8.** apa, **9.** lóa, **11.** þr, **12.** ilsig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mön, **18.** önd, **20.** fg, **21.** oddi.
LÓÐRÉTT: 1. boli, **3.** aa, **4.** uppgjöf, **5.** far, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** angi, **16.** möo, **19.** dd.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 12

1. Þorlákshöfn.
2. Ásdís Rán Gunnarsdóttir.
3. Fjárfestirinn Rik Albrecht.

GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS

Astrópía sýnd alvöru nördum

Gunnar Björn Guðmundsson er á leið til Austin í Texas með mynd sína Astrópíu. Myndin verður sýnd á Fantastic Fest, risastórri nörda-kvikmyndahátíð.

„Þar sem þetta er svo mikil nördamynd verður gaman að sjá hvernig þessum nördum líst á hana. Henni hefur verið mjög vel tekið á öðrum hátíðum, en það er alltaf gaman að sjá viðbrögðin og hitta aðra nörda." Hann fer með aðstandendum myndarinnar. „Það er stemning að fara að sjá hana í réttu umhverfi."

Hátíðin, sem hefst 18. september og er viku löng, státar af því að bjóða upp á það besta úr heimi vísindaskáldsagna-, ævintýra-, hrylling-, teikni- og glæpamynda auk asískrar kvikmyndagerðar.

Er Gunnar alltaf að sökkva meira og meira inn í heim nördanna? „Ég veit það nú ekki. Myndin gerir það allavega. Að einhverju leyti er ég breyttur maður vegna hennar. Nú er Nexus á rúntinum mínum. Ég fer alltaf reglulega þangað og kaupi mér myndir og skoða blöð. Enda snilldarbúð."

Fleiri nördar hafa sýnt áhuga á myndinni, en nýlega birtist ítarlegt viðtal við Gunnar á twitchfilm.net. Þar er myndin sögð gera verslanir með teiknimyndasögur svalari en upphaf Reservoir Dogs og hún útlistuð sem einn af gimsteinum seinustu ára. Einnig kemur fram að Gunnar er með aðra mynd í bígerð, Gauragang Ólafs Hauks Símonarsonar, en hann kom sjálfur að handritsgerð hennar, ásamt Ottó Geir Borg. - kbs

Á LEIÐ Á NÖRDAHÁTÍÐ Gunnar Björn kynnist sífellt fleiri flötum nördalífsins í gegnum Astrópíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

HEILLANDI HEIMUR Astrópía dregur að nörda um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Dell™ mælir með Windows Vista® Home Premium

XPS

intel Core™ 2 Duo inside™

Do More

GERÐU NÁMIÐ ENN SKEMMTILEGRA!

XPS M1330 – ÞUNN, LÉTT OG ÖFLUG FARTÖLVA FYRIR NÁMSMENN Á ÖLLUM ALDRI

XPS M1330 xpsm1330#13

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T8100 (2,1GHz, 800MHz, 3MB L2 Cache)
- Windows Vista Home Premium
- 13,3" Ultrasharp (1280x800) TrueLife skjár
- 2GB minni
- 160GB harður diskur, 5400rpm
- 2,0MP vefmyndavél
- 4 litir í boði: rauð, svört, blá og bleik
- 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

169.900 kr.

6.723 kr. á mánuði (miðað við 36 mánuði)

EJS

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

DELL

* FYRIRVARAR:
Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.
© 2008 Dell Corporation Limited. Dell, the Dell logo, Precision are registered trademarks or trademarks of Dell Inc..

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

REYKJAVÍK JAZZ 2008
JAZZINN Í BORGINNI!
26.-30. ÁGÚST

BAKÞANKAR
Ólafs Sindra Ólafssonar

Ungfrú klaustur 2008

Raunveruleikinn er oft áhugaverðari en skáldskapur. Þannig var einmitt með fegurðarsamkeppnina sem faðir Antonio Rungi ætlaði að skipuleggja og halda með hjálp netsins. Þar átti að keppa í fegurð nunna. Ekki bara líkamlegri fegurð heldur heildarfegurð, með áherslu á góðverk, guðsgjafir og geislandi viðmót.

MÉR finnst hugmyndin stórgóð, þó ekki væri fyrir annað en að allt heila klabbið hljómar eins og söguþráður úr gamanþáttunum um Father Ted.

ÉG var farinn að ímynda mér afskaplega skemmtilega keppni. Hæfileikahluti keppninnar hefði t.d. getað snúist um að endurleika atriði úr Biblíunni. Einhver keppnisnunnanna hefði ef til vill valið að túlka Móses að þurrka upp Rauða hafið – væri tími mánaðarins hentugur fyrir nunnuna, að sjálfsögðu.

SVO má ekki gleyma sundfatasýningunni. Ég veit ekki hvernig sundföt nunnur brúka venjulega, en fer ekki í felur með hitt að mér þætti gaman að komast að því. Ég geri mér í hugarlund einhvers konar svarthvítan blautbúning með mörgæsavængjum.

ÞETTA hefði sem sagt orðið fræðandi skemmtun. En þrýstingur frá kaþólsku kirkjunni varð til þess að séra Rungi neyddist til að aflýsa keppninni. Sem er auðvitað stórkostleg synd. Kaþólska kirkjan lét sér þarna renna úr greipum kjörið tækifæri til að bæta alþjóðlega ímynd sína og fræða pöpulinn um gangverk kaþólskunnar í leiðinni. Það er bersýnilega fleira en bara ófyndnar símtækjaauglýsingar sem fer öfugt ofan í kirkjunnar menn.

Á hinn bóginn er úlfúð kaþólskunnar gagnvart svona uppátækjum skiljanleg. Það er nauðsynlegt að halda andlitinu – og viðurkenning á að kaþólskar konur hafi eitthvað fram að færa sem dauðlegir geti dæmt um er auðvitað hættuleg. Það væri líka hneykslanlegt að viðurkenna með þessu móti að kaþólskir prestar hafi gagnkynhneigða tendensa eins og hver annar syndaselur.

ÞÁ er betra að halda sig við kunnuglegar og öruggar slóðir. Ég bíð því spenntur eftir að keppninni um Herra altarisdreng 2008 verði hleypt af stokkunum. Reyndar gæti það veist kaþólsku kirkjunni erfitt að breyta þeirri keppni úr daglegum viðburði í árlegan.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 28. ágúst, 241. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	5.59	13.29	20.56
Akureyri	5.37	13.14	20.48

Heimild: Almanak Háskólans

24.000 kr. inneign!

Engin útborgun!

Þú færð 2.000 kr. inneign á mánuði!

Frábær símatilboð hjá Vodafone. Þú borgar ekkert út, afborganir dreifast á 12 mánuði á kreditkort. Auk þess **færðu 2.000 kr. inneign í hverjum mánuði** í heilt ár.

Adidas MiCoach
- Afborgun 3.500 kr. á mánuði í 1 ár
- **2.000 kr. inneign á mánuði í 1 ár**

0 kr. út

Sony Ericsson W910i
- Afborgun 4.000 kr. á mánuði í 1 ár
- **2.000 kr. inneign á mánuði í 1 ár**
- 500 MB niðurhal á mánuði í 1 ár*

0 kr. út

Nokia E51
- Afborgun 3.000 kr. á mánuði í 1 ár
- 500 MB niðurhal á mánuði í 1 ár*

0 kr. út

*Gildir um gagnaflutninga innanlands.
Tilboðið gildir til 20. september 2008.

Lifðu núna

vodafone

Filon / SIA